


skoðun 22

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt










# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

10. júní 2010 — 134. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




**Heldur dömuboð**

*Gerður Kristný Guðjónsdóttir rithöfundur er fertug í dag.*

tímamót 28

**Feneyjar stefna í auðn**

*Það er ekki einkamál Feneyinga, hvort Feneyjar lifa eða deyja.*

í dag 23



**Tap gegn Dönum**

*Ísland tapaði fyrir Dönum með minnsta mun í seinni æfingaleik þjóðanna í gær.*

sport 46

**veðrið í dag**




**VÆTA** víða um land í dag en styttir upp vestanlands þegar líður á daginn. Vindur verður fremur hægur og hiti almennt á bilinu 9 til 16 stig.

VEÐUR 4

# Fulltrúi ríkis í stjórn Arion skilar ekki ársreikningum

**Kristján Jóhannsson, lektor í viðskiptafræði og fulltrúi Bankasýslu ríkisins í stjórn Arion banka, á og stýrir stóru eignarhaldsfélagi sem hefur aldrei skilað ársreikningi. Hlýtur að vera handvömm, segir Kristján.**

**VIÐSKIPTI** Fulltrúi Bankasýslu ríkisins í stjórn Arion banka á og gegnir stjórnarformennsku í eignarhaldsfélagi sem hefur aldrei skilað ársreikningi. Forstjóri Bankasýslunnar telur ekki tilefni til að endurskoða stjórnarsetu hans.

Kristján Jóhannsson var skipaður í stjórn bankans í mars. Hann er lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, sérfræðingur í fjármálum fyrirtækja og rekstrarhagfræði og fyrrverandi forstöðumaður Viðskiptafræðistofnunar.

Kristján er eigandi og stjórnarformaður eignarhaldsfélagsins Akureyjar ehf., sem á 61 prósent í lyfjafyrirtækinu Icepharma í gegnum félagið Lyng ehf. Lyng tapaði rúmum 1,2 milljörðum króna árið 2008 og eiginfjárstaða þess var þá neikvæð um 1,1 milljarð. Akurey var stofnuð árið 2007 og hefur aldrei skilað ársreikningi.

Kristján sagðist koma af fjöllum þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. „Ég þarf bara athuga hvort þú ert ekki að segja mér satt og ef þetta er svona að kippa því þá í lag. Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir því að skila þessum reikningum ef þeir eru ekki inni,“ segir hann. Um handvömm hljóti að vera að ræða.

Elín Jónsdóttir, forstjóri Bankasýslunnar, segir stöðuna ekki gefa tilefni til að endurskoða setu Kristjáns í stjórn Arion. „Ég skal ekki segja hvort það eru eðlilegar skýringar á þessu. Þetta er ekki eitt af því sem spurt er um eða ber á góma þegar stjórnarmenn eru valdir,“ segir hún. Hún segist ekki trúa öðru en að Kristján muni bæta snarlega úr þessum vanskilum.

Fjármálaeftirlitið breytti í febrúar reglum um hæfismat stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum. Sett var á laggirnar ráðgjafanefnd sem á að fara yfir gögn um stjórnarmenn, funda með þeim og leggja fyrir þá spurningalista og skera í kjölfarið úr um hæfi þeirra. Matið stendur enn yfir fyrir nýja stjórn Arion, samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu, og ekki liggur fyrir hvenær því lýkur.

Vanskil á ársreikningi teljast alvarlegt brot og geta varðað sektum upp að hálfri milljón. **- sh**



**DRYKKJUHEFÐIR KYNNTAR** Ölgerðin hefur tekið upp á þeirri nýlundu að kynna erlendum ferðamönnum það sem Íslendingar hafa lagt sér til munns í fljótandi formi gegnum aldirnar. Þar á meðal er mjöður sem líkist því sem Egill Skallagrímsson á að hafa drukkið um aldamótin 1000 og bjórlíkið góða, sem ferðamenn efast reyndar um að nokkur maður hafi sett inn fyrir sínar varir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Féll 140 til 160 metra:

## Ferðamaður lést við Látrabjarg

**SLYS** Þýskur ferðamaður lét lífið þegar hann féll fram af brún Látrabjargs síðdegis í gær. Hæð bjargsins á slysstað er talin vera allt að 160 metrar.

Björgunarsveitir á Vestfjörðum voru umsvifalaust kallaðar til og þyrla Landhelgisgæslunnar fór í loftið frá Reykjavík á sjötta tímanum. Með þyrlunni fóru björgunarsveitarmenn af höfuðborgarsvæðinu sem voru um 60 alls á slysstað þegar mest var.

Björgunarsveitarmenn náðu manninum úr fjörunni og var honum komið um borð í björgunarskipið Vörð frá Patreksfirði. Þyrlan flutti manninn og eiginkonu hans til Reykjavíkur.

Jónas Sigurðsson, yfirlögregluþjónn á Patreksfirði, segir að maðurinn hafi verið á bjarginu að taka ljósmyndir, þegar hann féll fram af bjargbrúninni. Eiginkona hans var með í för þegar slysið varð. **- shá**

Trésmíðaverkstæðið Selós á Selfossi varð alelda á stuttum tíma í gærkvöldi:

# Gríðarlegt tjón í miklum bruna

**ELDSVOÐI** Mikill eldur kom upp í trésmíðaverkstæðinu Selósi á Selfossi á ellefta tímanum í gærkvöldi. Lagði þykkan illþefjandi reyk yfir bæinn og var útlitið ekki gott þegar slökkvilið kom á staðinn, sagði Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu, rétt áður en Fréttablaðið fór í prentun.

Hann taldi líklegt að eldurinn hefði komið upp í lakkklefa. Ekki var talið að eldurinn næði að teygja sig í nærliggjandi byggingar, en röraverksmiðjan Set er í næstu byggingu við Selós.

Ekkert mat var hægt að leggja á hversu langan tíma tæki að ráða niðurlögum eldsins.

Axel Gissurarson, framkvæmdastjóri Selóss, var á vettvangi í gærkvöldi. Hann sagði að tólf starfsmenn ynnu hjá fyrirtækinu sem var hans aðaláhyggjuefni. Hann hafði ekkert leitt hugann að því hversu mikið tjónið væri. „En það er ömurlegt að horfa upp á þetta,“ sagði Axel. **- shá**



MYND NINNA

**SELÓS** Húsnæði fyrirtækisins varð alelda á stuttum tíma. Allt tiltækt lið var kallað til.


Fylgir Viðskiptablaðinu í dag




Íslandsbanki



MBA-nám við Háskóla Íslands

Opið fyrir umsóknir
www.mba.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

**SPURNING DAGSINS**



*Geirmundur, fáið þið þá ekki endurskoðendur?*

„Ég held að það sé alveg víst að við fáum til okkar einhverja endurskoðendur til að hafa umsjón með þessum öndum.“

Geirmundur Vilhjálmsson er forstöðumaður fangelsisins á Kvíabryggju. Þar eru menn farnir að rækta blóm, tré og matjurtir og ætla að líka að fá sér hænur og endur.

Bólusetning vegna eyrnabólgu og leghálskrabbameins bíður samþykkis Alþingis:

# Þjóðhagslega hagkvæm aðgerð

**ALÞINGI** Ráðist verður í bólusetningu allra barna við pneumokkasýkingu, sem veldur eyrnabólgu, ef Alþingi fer að tillögu heilbrigðisnefndar og afgreiðir þingsályktunartillögu frá Siv Friðleifsdóttur og fleiri þingmönnum.

„Það er álit nefndarinnar að hér sé um þarft mál að ræða enda eru eyrnabólgur eitt algengasta heilsuvandamál barna hér á landi og skýrir yfir 50 prósent allrar sýklalyfjanotkunar hjá börnum,“ segir í þverpólitísku áliti heilbrigðisnefndar. „Bólusetning gegn pneumókokkasýkingum er þjóðhagslega hagkvæm aðgerð sem skilar sér strax í auknum lífsgæðum, minni notkun sýklalyfja, minna álagi á heilbrigðisstofnunum, minna vinnutapi hjá foreldrum sem og jákvæðum hjarðáhrifum.“ Fram kemur að í heilbrigðisráðuneytinu sé til áætlun um að öll börn fædd 2011 fái slíka bólusetningu.



**BÓLUSETNING** Heilbrigðisnefnd Alþingis vill taka upp bólusetningu allra stúlkna gegn leghálskrabbameini.

Heilbrigðisnefnd hefur jafnframt afgreitt tillögu frá Steinunni Valdísi Óskarsdóttur og fleirum um að allar 12 ára stúlkur verði bólusettar gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini og telur að einnig eigi að ráðast í þá aðgerð þótt hún eigi þó að vera aftar í forgangsröð en bólusetning gegn eyrnabólgu.

Báðar þessar tillögur voru á dagskrá þingsins í gær. **- pg**

Þingkosningar í Hollandi:

## Stjórn þriggja flokka líkleg

**HOLLAND, AP Þingkosningarnar í Hollandi virtust ætla að verða hnífjafnar samkvæmt fréttum í gærkvöldi. Frjálslynda þjóðarflokknum og Verkamannaflokknum, stærstu flokkunum til hægri og vinstri, var spáð jafnmörgum þingsætum, eða 31 af 150 á hollenska þinginu.**

**Kristilegi demókrataflokkurinn, sem Jan Peter Balkenende forsætisráðherra leiðir, beið afhroð og ætlar hann að hætta stjórnmálaþátttöku.**

**Allar líkur virðast vera á samsteypustjórn þriggja flokka.** **- shá**

Tvær nauðgunarkærur:

## Fjórtán ára kærir nauðgun

**LÖGREGLUMÁL** Tvær nauðganir hafa á síðustu dögum verið kærðar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Annars vegar er um að ræða konu á þrítugsaldri sem lagt hefur fram kæru. Hins vegar hefur fjórtán ára stúlka kært nauðgun.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst var konan stödd í gleðskap þegar meint brot var framið gegn henni.

Unga stúlkan mun hins vegar hafa farið heim með manni sem hún kannaðist við, þar sem hann braut gegn henni. Samkvæmt heimildum blaðsins var áfengi ekki haft um hönd.

Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fer með rannsókn málanna. **- jss**

Háttsettur maður í heimsókn:

## Lögregla lokaði Rauðarárstíg

**UTANRÍKISMÁL Skrifað var undir samning seðlabanka Íslands og Kína við upphaf opinberrar heimsóknar He Guoqiang, flokksritara í stjórnmálanefnd miðstjórnar kínverska kommúnistaflokksins, og sendinefndar hans.**

**He Guoqiang er með hærra settum mönnum kínverska stjórnkerfisins sem hingað hafa komið og var nokkur viðbúnaður vegna upphafs fundanna í utanríkisráðuneytinu við Rauðarárstíg í gær. Götunni var lokað á meðan sendinefndin staldraði við.**

**Flokksritarinn fundaði með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands í hádeginu, eftir að hafa fundað með Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra og Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Þá ætlaði He Guoqiang að kynna sér orkunýtingu í Svartsengi og á Hellisheiði.** **- óká**

# Kaup á lúxusbíl þykja furðuleg og taktlaus

**Stjórnarformaður Orkuveitunnar og oddvitar verðandi meirihluta í borginni segja einkennilegt að bílar séu keyptir fyrir margmilljónir undir stjórnendur á aðhaldstímum. Dagur B. Eggertsson hefur kallað eftir upplýsingum um málið.**

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta er mjög óheppilegt í ljósi þeirra aðhaldsaðgerða sem þessi stjórn hefur staðið fyrir,“ segir Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur (OR), um fréttir af bílakaupum fyrirtækisins. DV greindi frá því í gær að OR hefði nýlega keypt sjö milljóna króna Benzjeppa fyrir fjármálastjóra fyrirtækisins, Önnu Skúladóttur.

Stjórn OR hefur ekki tekið málið fyrir en að sögn Guðlaugs eru málefni einstakra starfsmanna og ráðningarsamningar þeirra á ábyrgð forstjóra fyrirtækisins. Aðspurður sagðist Guðlaugur telja að eðlilegt væri að stjórn OR skoðaði mál eins og þetta.

Samkvæmt ráðningarsamningi sem gerður var við Önnu þegar hún tók við starfi fjármálastjóra OR í mars árið 2006 nýtur hún bifreiðafríðinda. Auk hennar njóta þrír aðrir af æðstu stjórnendum fyrirtækisins sambærilegra fríðinda. Þar er um að ræða, Hjörleif B. Kvaran forstjóra, Pál Erland framkvæmdastjóra veiturekstrurs og Jakob Sigurð Friðriksson, framkvæmdastjóra framleiðslu og sölu.

Komið hefur fram að fjárhagsstaða OR er erfið og gripið hefur verið til ýmissa aðhaldsaðgerða á undanförnum misserum til að bregðast við því. Til að mynda voru laun flestra starfsmanna lækkuð í mars árið 2009 auk þess sem fram kom í máli Guðlaugs G. Sverrissonar, stjórnarformannsins, nýlega að eigi markmið fimm ára áætlunar um fjárþörf OR, sem miða við fimm prósenta arðsemi, að nást, þurfi mikla hækkun á gjaldskrá fyrirtækisins.



**JÓN GNARR**



**DAGUR B. EGGERTSSON**



**GUÐLAUGUR G. SVERRISSON**

Samkvæmt árshlutareikningi OR sem gefinn var út 12. maí síðastliðinn fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2010 eru heildarskuldir OR rúmir 244 milljarðar króna.

Jón Gnarr, verðandi borgarstjóri, sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki hafa kynnt sér málefni OR nægilega vel. „En mér finnst þetta svolítið 2007 og þetta virkar svolítið taktlaust á mig.“ Hann telur að eðlilegt væri að Orkuveitan skeri niður lúxus áður en farið sé í uppsagnir eða gjaldskrárhækkanir

„Mér finnst þetta furðulegt mál og hef óskað eftir upplýsingum það,“ segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík. „Ég hélt satt best að segja að það stæðu yfir mjög strangar sparnaðaraðgerðir alls staðar í rekstri borgarinnar og þær aðgerðir eiga sannarlega að ná til Orkuveitunnar líka.“ Dagur segist vilja fá frekari upplýsingar um málið áður en hann tjáir sig um það hvort hann telji það gefa tilefni til breytinga á æðstu stjórn Orkuveitunnar.

Hjörleifur B. Kvaran og Anna Skúladóttir gáfu ekki kost á viðtali í gær.

**magnusl@frettabladid.is**



**GLÆSIKERRA** Bíllinn, af gerðinni Mercedes Benz ML 350, kostaði notaður um átta milljónir króna.



**HREFNAN KOMIN Í HÚS** Aðalheiður Franzdóttir og Ragnhildur Guðmundsdóttir frá Mæðrastyrksnefnd tóku á móti Gunnari Jóhannssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mæðrastyrksnefnd styrkt:

## Fyrsta hrefnan gefin fátækum

**SAMFÉLAGSMÁL** Útgerð og áhöfn hrefnuveiðibátsins Drafnar RE gaf Mæðrastyrksnefnd fyrstu veiddu hrefnu skipsins á yfirstandandi vertíð í gær. Hrefnuveiðimenn ehf. sáu um að koma kjötinu í neytendaumbúðir. Hrefnan gaf af sér um 800 kíló af kjöti.

Gunnar Jóhannsson segir ástæðu gjafarinnar fyrst og fremst vera að styðja við bakið á því góða starfi sem nefndin hefur unnið fyrir þá sem þurfi eru. „En við viljum jafnframt vekja athygli fólks á þeirri matarkistu sem við eigum hér, og að enginn þurfi að svelta ef hann ber sig eftir björginni.“ **- shá**

**DÓMSTÓLAR**

### Tók lögreglumann hálstaki

Ríkissaksóknari hefur ákært ungan mann fyrir að veitast að lögreglumanni við skyldustörf með ofbeldi og taka hann hálstaki.




Loks hillir undir arftaka gamla baðhússins sem byggt var yfir gufuhver:

# Nýtt gufubaðhús reist á Laugarvatni

**SUÐURLAND** Skóflustunga að nýrri byggingu fyrir gufubaðsaðstöðu við Laugarvatn var tekin í gær og framkvæmdir hefjast á næstunni, að því er segir í tilkynningu frá Gufu ehf.

„Um er að ræða heilsulind, sem verður byggð á sama stað og gamla góða gufubaðið. Heilsulindin byggir á sömu hugmyndafræði og upprunaleg aðstaða, þar sem gestum er gert kleift að njóta náttúrulegrar gufu úr iðrum jarðar,“ segir um áætlanir fyrir nýja gufubaðhúsið sem leysir af hólmi gamalt hús sem þjónaði í áratugi þar til það var rifið fyrir nokkrum árum.

„Gamla gufan var hús sem reist var yfir gufuhver, en í húsinu var rimlagólf svo gestir gætu notið gufunnar beint. Nýja gufubaðsaðstaðan verður eins og áður byggð ofan á gufuhver og mun efnisval í nýrri aðstöðu undirstrika tengsl þess við íslenska náttúru. Auk gufubaða verða jafnframt byggðar laugar og heitir pottar ásamt glæsilegri útiaðstöðu fyrir gesti,“ segir áfram í tilkynningu Gufu ehf.

Helstu eigendur Gufu eru Byggingarfélag námsmanna, Flugleiðahótel ehf. og Bláa Lónið hf. auk hóps hollvina gufubaðsins, eins og segir í tilkynningunni. Þar kemur fram að heildarkostnaður við verkið sé áætlaður 400 milljónir króna og að því ljúki í lok maí á næsta ári. **- gar**



**NÝJA GUFUBAÐIÐ** Byggt ofan á hver eins og gamla baðhúsið og efnisvalið á að undirstrika tengslin við náttúru Íslands. MYND/GUFA EHF.


Kringlan
Jibbí jei!
FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í KRINGLUNNI 10.–16. JÚNÍ
Frábær tilboð!
Andlitsmálun og blöðrur frá kl. 15
Tívolítæki og hoppukastalar frá kl. 13
· Frítt í hoppukastala
· Tilboðsverð í tæki
Skemmtun um helgina
Skoppa og Skrítla
Íþróttaálfurinn og Solla Stirða
Sirkus Ísland
Opið til 21 í kvöld
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 09.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 130,61 | 131,23 |
| Sterlingspund | 189,39 | 190,31 |
| Evra | 156,41 | 157,29 |
| Dönsk króna | 21,024 | 21,148 |
| Norsk króna | 19,615 | 19,731 |
| Sænsk króna | 16,236 | 16,332 |
| Japanskt jen | 1,4284 | 1,4368 |
| SDR | 189,98 | 191,12 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,7891

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ellefu þúsund börn eiga foreldra á vanskilaskrá, samkvæmt Creditinfo:

# Umbuna ætti skilvísu fólki

**NEYTENDUR** Tæplega 22 þúsund einstaklingar eru í alvarlegum vanskilum. Verði ekkert að gert stefnir í að þeim fjölgi um átta þúsund manns næstu tólf mánuði, samkvæmt upplýsingum Creditinfo. Hópurinn sem þarf aðstoð er barnafólk á aldrinum 26 til 54 ára. Nú eiga ellefu þúsund börn foreldra á vanskilaskrá.

Staðan er alvarleg að mati Rakelar Sveinsdóttur, framkvæmdastjóra Creditinfo. Samkvæmt niðurstöðum könnunar, sem Capacent gerði fyrir Creditinfo í apríl og maí, kemur fram að 56 prósent þeirra sem hafi fengið aðstoð telji sig þurfa á frekari úrræðum að halda.



**RAKEL** Verði ekkert að gert fara átta þúsund einstaklingar á vanskilaskrá. Bankarnir ættu að umbuna skilvísum viðskiptavinum, segir framkvæmdastjóri Creditinfo. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rakel sagði athyglisvert hversu margir í tekjuhærri hópum hafi leitað sér aðstoðar en 43 prósent þeirra sem eru með 550 þúsund krónur og meira á mánuði og hafa fengið aðstoð telji sig þurfa á frekari hjálp. Rakel segir að bæta megi stöðuna þrátt fyrir inngrip bankanna. Til þess þurfi samhent átak fjármálafyrirtækja og stjórnvalda. Hún mælti með því að skilvísum viðskiptavinum bankanna yrði umbunað með betri kjörum eins og gert sé í öðrum löndum. - jab

Listráð fundar í fyrsta sinn:

# Þrír starfsmenn ráðnir til Hörpu

**MENNING** Ráðið hefur verið fólk til að halda utan um ráðstefnur, ljósabúnað og hljóðstjórn í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík.

Karitas Kristjánsdóttir hefur verið ráðin verkefnastjóri ráðstefnuhalds, Páll S. Ragnarsson tæknistjóri ljósabúnaðar og Ingvar Jónsson tæknistjóri hljóðstjórnar.

Þá hefur listráð hússins komið saman á fyrsta fundi. Formaður ráðsins er Steinunn Birna Ragnarsdóttir. - óká

Nýjar tölur frá Hagstofunni:

# Hallarekstur hjá ríkinu

**EFNAHAGSMÁL** Hið opinbera var rekið með 24,2 milljarða króna halla á fyrsta ársfjórðungi ársins 2010 samanborið við 23,9 milljarða króna halla á sama tíma árið 2009. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældist hallinn 6,4 prósent en á sama tíma árið 2009 var þetta hlutfall 6,8 prósent.

Heildartekjur hins opinbera hækkuðu um ríflega 9 prósent á milli ára en heildarútgjöld jukust um 5,4 prósent.

Hagstofan birti þessar tölur í Hagtíðindum í gær. - mþl



**ÖRYGGISRÁÐ SÞ** Atkvæðagreiðsla í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öryggisráð fjallar um Íran.

# Refsiaðgerðir samþykktar

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** **Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti í gær nýjar refsiaðgerðir gagnvart Írönum vegna meintra áforma þeirra um að koma sér upp kjarnorkuvopnum.**

**Refsiaðgerðirnar beinast gegn sérsveitum íranska hersins, langdrægum skotflaugum og kjarnorkutengdum fjárfestingum.**

**Þetta er í fjórða skiptið sem öryggisráðið samþykkir refsiaðgerðir gegn Íran vegna þessa máls. Tólf aðildarríki ráðsins greiddu aðgerðunum atkvæði sitt, Tyrkland og Brasilía voru á móti en Líbanon sat hjá.** - gb



**BJÓRLÍKIÐ BLANDAÐ** Nokkra gesti hryllti við þegar þeim var boðið upp á blöndu af pilsner, vodka og íslensku brennivíni. Blanda sem þessi kallast bjórlíki, en Gaukur á Stöng kynnti hana til sögunnar á níunda áratug síðustu aldar. Bragðið átti að líkjast bjór sem þá var bannaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BJÓR Á MISMUNANDI STIGUM** Gestir kunnu að meta mörg afbrigði mjaðarins.



**MALT OG APPELSÍN** Malt og appelsín var kynnt sem einn af klassískum drykkjum þjóðarinnar og nákvæm blöndunaraðferð kennd.

# Bjórbann og bjórlíki vekja mesta kátínu

**Ölgerðin kynnir erlendum ferðamönnum Íslandssöguna og drykkjumenningu í sumar. Ferðamenn eru almennt ánægðir enda áfengir drykkir í forgrunni.**

**FERÐAMENNSKA** Ölgerðin hóf í síðustu viku að kynna erlendum ferðamönnum drykkjuhefðir og menningu Íslendinga. Þetta er nýlunda hér á landi en þekkt í annarri mynd í ýmsum löndum, líkt og margir kannast við sem farið hafa í heimsókn í erlend brugghús. Kynningin er í samstarfi við ferðaþjónustufyrirtækið Iceland Excursions. Áfengismenning Íslendinga verður kynnt með þessum hætti í sumar.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, segir erlenda ferðamenn almennt ánægða með þessa hlið Íslandssögunnar enda áfengir drykkir í forgrunni. Gestum gefst tækifæri til að smakka á ýmsum drykkjum sem sett hafa mark sitt á Íslandssöguna. Þar á meðal er mjöður sem bruggaður er hjá Ölgerðinni og líkur því sem talið er að skáldið og höfðinginn Egill Skallagrímsson hafi drukkið fyrir aldamótin 1000. Þá er boðið upp á íslenskt brennivín, sem drukkið er úr staupi í horni. Farið er yfir hvern drykk í sögulegu samhengi.

Í einni slíkri ferð erlendra gesta í gegnum Íslandssöguna í gær vakti áfengisbannið 1915 og bjórbann eftir það sérstaka kátínu, ekki síst þegar þeim var gefið að súpa af bjórlíki, líku því sem í boði var á öldurhúsum borgarinnar áður en bjór var leyfður hér, eða allt fram í mars árið 1989. jonab@frettabladid.is

Leitað að eftirmanni Browns:

# Fimm vilja formannssætið

**LONDON, AP** **Fimm frambjóðendur munu keppa um formannsembætti breska Verkamannaflokksins á næstu mánuðum. Þetta skýrðist í gær þegar frestur til að skila tilskildum fjölda meðmæla frá þingmönnum flokksins rann út.**

**David Miliband, sem lét nýlega af embætti utanríkisráðherra, þykir líklegastur til að hreppa hnossið en hann etur kappi við bróður sinn Ed Miliband, fyrrum umhverfisráðherra, Ed Balls, fyrrum menntamálaráðherra, Andy Burnham, fyrrum heilbrigðisráðherra, og þingmanninn Diane Abbott sem var á sínum tíma fyrsta svarta konan til að ná kjöri sem þingmaður í Bretlandi.**

**Formannskjörið hefst 16. ágúst og úrslit verða kynnt 25. september.** - mþl

Buðu út fjarskipti í fyrsta sinn:

# Landsvirkjun er nú hjá Vodafone

**VIÐSKIPTI** Landsvirkjun hefur samið við Vodafone um að annast alla almenna fjarskiptaþjónustu fyrir félagið og dótturfélögin Landsnet og Landsvirkjun Power næstu fjögur árin. Samningurinn var gerður að undangengnu fyrsta útboði Landsvirkjunar á fjarskiptaþjónustu fyrir félagið.

„Þjónusta Vodafone nær til fastlínusímtala, GSM-þjónustu og gagnanetstenginga. Landsvirkjun lækkar fjarskiptakostnað sinn umtalsvert með útboðinu," að því er fram kemur í tilkynningu. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, og Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone, undirrituðu samninginn. - óká






## VEÐURSPÁ

**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**SKIN OG SKÚRIR**
Það skiptast á skin og skúrir næstu daga. Í dag verður væta víða um land en á morgun lítur út fyrir bjartviðri mjög víða, sérstaklega þegar á daginn líður. Á laugardag þykknar svo upp vestan- og sunnanlands og fer að rigna en líklega ekki fyrr en undir kvöld.



**Á MORGUN**
Strekkingur með A-strönd, annars hægari.

**LAUGARDAGUR**
Heldur vaxandi vindur með S-ströndinni.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 31° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 31° |
| Friedrichshafen | 32° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 18° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 24° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 18° |
| París | 23° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# TAX FREE

# ÖLL VIÐARVÖRN OG ÚTIMÁLNING

## FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS




Látum verkin tala!

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

Gildir ekki af öðrum tilboðum og að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil
á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

HÚSASMIÐJAN

## KJÖRKASSINN



*Á að frysta laun ríkisstarfsmanna til ársins 2013?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 39,6% |
| NEI | 60,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að fylgjast með HM í knattspyrnu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Tveir menn ákærðir fyrir að ganga berserksgang gegn lögreglu á Patreksfirði:

# Rifu í hár og potuðu í auga

**DÓMSMÁL** Tveir menn á fertugsaldri hafa verið ákærðir fyrir að valda óspektum á almannafæri á Patreksfirði á síðasta ári. Þeir hafi verið „mjög æstir og ögrandi í framkomu við nærstadda“, svo til ryskinga hafi komið.

Annar þeirra er ákærður fyrir að hafa barið með báðum höndum á lögreglubíl, opnað hurð á honum og reynt að toga mann út, þannig að til átaka hafi komið.

Þá eru báðir mennirnir ákærðir fyrir brot gegn valdstjórninni. Annar er ákærður fyrir að hrinda lögreglukonu við skyldustörf svo hún lenti á húsvegg og marðist.



**LÖGREGLAN** Annar mannanna barði lögreglubíl að utan.

Hinn er ákærður fyrir að hafa með ofbeldi og hótunum um ofbeldi leitast við að hindra þrjá lögreglumenn sem voru við skyldustörf, með því að hafa verið ógnandi í framkomu, óhlýðnast fyrirmælum og leitast við að koma félaga sínum undan handtöku. Jafnframt hafi hann beitt líkamlegum aflsmunum gegn tveimur lögreglumannanna og losað sig frá þeim er þeir reyndu að yfirbuga hann. Hann er sakaður um að hafa einnig ýtt við þeim, rifið í hár lögreglukonunnar og potað fingri í hægra auga hennar. **- jss**

Landsbjörg styrkir sig:

# Sex nýir bátar verið keyptir

**ÖRYGGISMÁL** Björgunarsveitir Landsbjargar hafa fest kaup á sex björgunarbátum. Nýju bátarnir bætast við fjórtán björgunarskip og um 70 léttabáta sem þegar eru í eigu björgunarsveita. Björgunarsveitirnar Gerpir á Neskaupsstað, Geisli á Fáskrúðsfirði, Ársæll í Reykjavík, Suðurnes í Reykjanesbæ, Björg á Eyrarbakka og Brimrún á Eskifirði keyptu bátana notaða frá Konunglega breska sjóbjörgunarfélaginu (RNLI) en Landsbjörg hefur keypt báta frá félaginu síðan árið 1929. **- shá**










# Sigurður Kári neitar að gefa upp styrki

**Sigurður Kári Kristjánsson þingmaður fékk tæpar 4,7 milljónir í styrki vegna alþingiskosninga 2007. Hann hefur ekki nafngreint styrktaraðila sína og vill ekki greina frá hæstu styrkjunum, sem Ríkisendurskoðun vildi að yrðu skýrðir.**

**STJÓRNMÁL** Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, vill ekki segja hverjir styrktu hann í prófkjöri 2006 vegna alþingiskosninga 2007.

Sigurður Kári sagði á Alþingi á mánudag að hann hefði „upplýst um þá styrktaraðila sem mér bar skylda til að upplýsa um“.

Spurður hvar og hvenær hann hafi gert þetta, segir Sigurður að hann hafi tilgreint styrktaraðila vegna prófkjörs 2009 og sent uppgjör vegna prófkjörs 2006 til Ríkisendurskoðunar: „Ég hef fylgt öllum reglum sem mér ber skylda til að fylgja og þar við situr.“

Í síðarnefndu uppgjöri segir að Sigurður Kári hafi fengið alls 4.650.000 krónur í styrki. Þrír þeirra eru yfir 500.000 krónum, en Ríkisendurskoðun mæltist til þess að styrkveitendur svo hárra styrkja yrðu nafngreindir. Það gerði Sigurður ekki. Styrkveitendur hans eru ýmist kallaðir NN, eða sagt að þeir óski nafnleyndar.

Spurður hvort hann ætli að greina frá þessum styrktaraðilum, segir Sigurður að honum beri ekki skylda til þess samkvæmt lögunum. Hann tekur fram að kostnaður hans (6,7 milljónir) sé mun lægri en hjá ýmsum öðrum og styrkirnir dreifðari.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að einn þessara styrkja, 750.000 krónur, hafi komið frá Landsbankanum. Þá eru tveir háir styrkir eftir: einn upp á milljón frá lögaðila og annar upp á hálfa milljón frá einstaklingi. Væri ekki einfaldast að gefa þetta upp?

„Ég tel að þær upplýsingar sem ég hef veitt Ríkisendurskoðun séu fullnægjandi og lögum samkvæmt,“ segir hann.

Spurður hvort kjósendur kunni að eiga rétt á að vita um slíka styrki, segir Sigurður að þegar prófkjörið fór fram hafi ákveðnar reglur gilt, sem hann fari eftir.

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi hefur viðurkennt að þeir aðilar sem voru sagðir „óska nafnleyndar“ í hans uppgjöri hafi í raun ekki gert það.

Um hvort styrktaraðilar Sigurðar hafi í raun óskað nafnleyndar, segir Sigurður: „Ég tel að það sé, sá sem annaðist uppgjörið, það er væntanlega þannig, fyrst þetta er tiltekið svona. Ég hef ekkert meira um þetta að segja.“

**klemens@frettabladid.is**



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON** Þingmaðurinn segist telja að hann hafi veitt fullnægjandi upplýsingar um styrktaraðila sína, enda hafi hann fengið lægri styrki en ýmsir aðrir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Tilmæli Ríkisendurskoðunar

„Tilgreina skal sérstaklega þá aðila sem veitt hafa framlag að fjárhæð 500 þús.kr. eða meira. Hafi lögaðili krafist trúnaðar um framlög sín til viðkomandi stjórnmálasamtaka skal engu að síður birta upplýsingar um fjárhæð framlagsins en upplýsingar um heiti viðkomandi aðila skulu ekki birtar. Sé um einstakling að ræða skal birting á nafni hans sem styrkveitanda ávallt byggjast á samþykki hans.“

Úr fréttatilkynningu Ríkisendurskoðunar 30.12.2009

Nýir eigendur taka við rekstri bílaleigunnar ALP ehf. úr hendi Íslandsbanka:

# Samþykki þarf frá AVIS og Budget

**VIÐSKIPTI** Samningar hafa tekist um að nýir eigendur eignist bílaleiguna ALP ehf. Kaupin eru gerð með yfirtöku skulda og kaupum á nýju hlutafé og marka lokin á endurskipulagningu félagsins, að því er fram kemur í tilkynningu Íslandsbanka.

Samningar eru gerðir með fyrirvara um endanlegt samþykki alþjóðlegu bílaleigufyrirtækjanna AVIS og Budget um tilfærslu á leyfi til nýrra eigenda, en ALP hefur leigt út bíla undir þeim vörumerkjum. Í fyrra var áætlað að markaðshlutdeild félagsins næmi 25 prósentum.

„Opið söluferli hófst 26. mars síðastliðinn og hefur Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka annast ferlið fyrir hönd ALP og kröfuhafa félagsins. Fjögur tilboð bárust í félagið með fyrirvara um áreiðanleikakönnun og skiluðu allir þeir aðilar skuldbindandi tilboðum,“ segir í tilkynningu.

Kaupendur eru Vilhjálmur Sigurðsson, sölu- og markaðsstjóri ALP, Þorsteinn Þorgeirsson flotastjóri, Hjálmar Pétursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri ALP, Ingi Guðjónsson, fyrrverandi fjármálastjóri fyrirtækisins, og Ársæll Hreiðarsson. **- óká**




**HEFÐU BETUR LEIGT BÍL** Allur gangur er á því hvaða ferðamáta fólk sem sækir landið heim velur sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# ALLT Á GRILLIÐ






JÓI FEL
NAUTAKÓTILETTUR
**1.990kr/kg.**
Merkt verð 2.398.-

**Nautakótiletta**
í kryddlegi að hætti Jóa Fel




JÓI FEL
LAMBA PRIME
**2.770kr/kg.**
Merkt verð 3.298.-

**Lambaprime**
í mangó kryddlegi

Jói FEL




## JÓI FEL GRILLSÓSUR

Dijon hunangssósa
Basil & hvítlaukssósa
Rósapiparsósa




**Grilllæri Hagkaups**
að hætti landsliðs matreiðslumeistara




**Lambakótilettur Hagkaups**
í kryddlegi




**Lambalærissneiðar Hagkaups**
í kryddlegi




**Lambaframpartur Hagkaups**
í kryddlegi



**Eggaldin**
skorið til helminga, penslað með ólífuolíu, kryddað með salti og pipar, grillað 4-5 mín. á hvorri hlið



**Zucchini**
skorið í sneiðar, penslaðar með pestó, grillaðar í 2-3 mín. á hvorri hlið



**Tómatar**
fylltir með gráðosti, grillaðir 2-3 mín.



**Ferskur maís**
takið hýðið af maísnum og setjið hann í álpappír ásamt salti og smjörklípu. Grillið í 8-10 mínútur.

## *Spennandi meðlæti á grillið eða í ofninn!*



Bökunarkartöflur



Beikonfylltar kartöflur



Maísstönglar



Balsamikmarineruð grænmeti



Berjabomba m/kókosbollum



Sveppir með ostafyllingu

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 13. júní á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

Kostur
einfaldlega betri kostur
OPIÐ 10-20 ALLA DAGA


35% afsláttur
Kostur
Lambalæri frosið
975 kr/kg
verð áður: 1.498 kr/kg


25% afsláttur
Kostur
Kjúklingabringur ferskar
1.782 kr/kg
verð áður: 2.375 kr/kg


20% afsláttur
Kjöthornið
Grillkjöt 3 tegundir
1.596 kr/kg
verð áður: 2.128 kr/kg


50% afsláttur
Vínber
Blá steinlaus vínber
284 kr/kg
verð áður: 569 kr/kg


Frábært Tilboð
Kiwi
Kiwi, 800g í öskju
99 kr/askjan
verð áður: 238 kr/askjan

Mikið úrval af frábærum tilboðum - líttu við
Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið alla daga frá 10.00 til 20.00 | Sjáðu Kost á Facebook

Tilboðin gilda til 13. júní eða á meðan birgðir endast, auglýst verð er tilboðsverð.



Auglýsingasími
512 5401
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...


# Erum ekki að deyja úr þörf fyrir gjaldeyri

**Seðlabankar Íslands og Kína skrifuðu í gærmorgun undir þriggja ára samning um gjaldmiðlaskipti. Fjárhæð samningsins nemur 66 milljörðum króna og 3,5 milljörðum júana, eða sem samsvarar um 500 milljónum Bandaríkjadala.**

**EFNAHAGSMÁL** „Samningurinn er rammi sem eykur tiltrú og er ákveðin traustsyfirlýsing," segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri um tvíhliða gjaldmiðlaskiptasamning Seðlabanka Kína og Seðlabanka Íslands, sem skrifað var undir í gærmorgun. Hu Xiaolian aðstoðarseðlabankastjóri skrifaði undir fyrir kínverska bankann.

Fjárhæð samningsins er 66 milljarðar króna eða 3,5 milljarðar kínverskra júana. „Gróft á litið 500 milljónir Bandaríkjadala," segir Már. Samningurinn gildir í þrjú ár og hægt verður að framlengja hann að gefnu samþykki beggja aðila.

Fyrst og fremst segir Már samninginn hugsaðan til að greiða fyrir utanríkisviðskiptum Íslands og Kína. „Hægt verður að fjármagna utanríkisviðskipti á milli landanna, án þess að nota endilega skiptanlegar myntir sem við erum með í okkar gjaldeyrisforða, svo sem Bandaríkjadal eða evrur."

Már segir mjög erfitt að setja mælistiku á hvað gjaldmiðlaskiptasamningurinn við Seðlabanka Kína léttir miklum þrýstingi af gjaldeyrisforða Íslands. Létt hafi á þrýstingi við það að gengið var nýverið frá samningi um aflandseignir í krónum við Seðlabankann í Lúxemborg og þá sé hægt að draga á lán í framhaldi af því að lokið var annarri endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. „Við erum svo sem ekkert að deyja úr þörf fyrir gjaldeyri í augnablikinu," segir hann.

Már segir samninginn mjög mikilvægt skref í auknu samstarfi við kínverska seðlabankann. Hann segir málið hafa verið lengi í undirbúningi, en allt frá vormánuðum 2009 hafi seðlabankarnir verið í samskiptum um margvíslegt mögulegt samstarf.

„Svein Harald Øygaard átti fund með kínverska seðlabankastjóranum í maí 2009. Ég átti svo fund með honum úti í Basel í nóvember 2009," segir Már, en að auki fundaði hann með varaseðlabankastjóra Kína í Washington í apríl. „Núna þegar þessi heimsókn brast á opnaðist svo möguleikinn á að koma þessum samningi á."

Már vildi ekki segja til um hvort farið hafi verið fram á annars konar lánafyrirgreiðslu við Seðlabanka Kína, svo sem lánalínu í Bandaríkjadölum. „Ég get ekki upplýst um hvaða mál við höfum rætt eða munum ræða við Seðlabanka Kína. Það verður bara að koma í ljós. Nú verður ekki sagt frá neinum afla fyrr en hann er kominn á land." **olikr@frettabladid.is**


**GENGIÐ FRÁ GJALDMIÐLASKIPTUM** Hu Xiaolian, aðstoðarseðlabankastjóri Seðlabanka Kína, og Már Guðmundsson, seðlabankastjóri Seðlabanka Íslands, ganga frá samningi um gjaldmiðlaskipti milli bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Kínverskur verktaki horfir til Íslands

Skrifað var undir viljayfirlýsingu um samstarf milli Landsvirkjunar annars vegar og China International Water & Electric Corporation (CWE) og Export-Import Bank of China (Exim Bank) hins vegar við upphaf opinberrar heimsóknar frá Kína í gærmorgun. Yfirlýsingin er sögð liður í að stuðla að jákvæðum samskiptum og viðskiptum á milli Íslands og Kína.

„Yfirlýsingin felur ekki í sér skuldbindingu af hálfu þessara þriggja aðila en í henni kemur fram áhugi CWE á að bjóða í framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun sem og áhugi Landsvirkjunar á að fá tilboð frá fyrirtækinu. Þá lýsir Exim Bank yfir áhuga á að fjármagna hluta verksamninga sem CWE kann að vinna fyrir Landsvirkjun að undangengnu útboði," segir í tilkynningu Landsvirkjunar. CWE er sagt eitt stærsta verktakafyrirtæki Kína. Export-Import Bank of China er kínverskt ríkisfyrirtæki sem meðal annars styður kínversk fyrirtæki í útflutningi.

Í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka í gær er samstarfið sagt geta orðið til þess að skriður komist á að hægt verði að stækka álverið í Straumsvík.


Dagana 11. - 13. júní.
HUMARVEISLA ÁRSINS
SPRIKLANDI FERSKUR RISA HUMAR Á NOVA SCOTIA DÖGUM
Pantanir í síma 5148000



Komdu á Grand Hótel Reykjavík
og upplifðu það besta sem Nova Scotia hefur upp á að bjóða.

Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38, 105 Reykjavík
Sími: 514 8000
www.grand.is
veitingar@grand.is

Grand HÓTEL REYKJAVÍK


SUMAR TILBOÐ
Nellikur
650kr
SUMAR TILBOÐ
Fúksíur
1.080kr
SUMAR TILBOÐ
Mini hengipetunia
1.250kr
SUMAR TILBOÐ
Sólblóm
795kr
SUMAR TILBOÐ
Betlehemstjarna
995kr
SUMAR TILBOÐ
Begonia
990kr
SUMAR TILBOÐ
Margaríta
895kr
Stjúpur | Alísur | Fjólur | Silfurkambur | Flauelsblóm
SUMAR TILBOÐ
10 sumarblóm í bakka
950kr
ÍSLENSK SUMARBLÓM Í GARÐINN ÞINN!
GARÐHÚSGÖGNIN KOMIN
• Staflanlegir stólar
• Veðurþolin UVC
• Létt
• 2 gerðir stóla
• 2 stærðir borða
• viðhaldsfrí
• auðveld í þrifum
20%
kynningarafsláttur um helgina!
SUMAR TILBOÐ
Weber Q320 var á 109.250kr
verð nú 98.325kr
meðan birgðir endast
Ís á 100kr
– í allt sumar!
spíran.
Spíran er veitingastaður sem verið er að opna á efri hæð Garðheima. Í Spírunni er áhersla á létta holla rétti í hádeginu ásamt kaffi, ís og bakkelsi.
Spíran verður opin frá kl. 11.00 – 17.00 alla daga vikunnar.
GARÐHEIMAR
allt í garðinn á einum stað!
Stekkjarbakka 6 | sími 540 3300 | www.gardheimar.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða hvalategund er talin mynda vinatengsl samkvæmt rannsóknum?
2. Hvað heitir verslunarkeðjan í Bretlandi sem er að stórum hluta í eigu skilanefnda gömlu bankanna?
3. Hvaða breska dagblað hefur beðið Eið Smára Guðjohnsen afsökunar?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Amnesty International birtir nýja skýrslu sem krefur stjórnvöld um aðgerðir:

# Þúsaldarmarkmið SÞ skoðuð

**MANNRÉTTINDI** Mannréttindasamtökin Amnesty International birtu í gær nýja skýrslu sem ber heitið „From Promises to Delivery“. Í skýrslunni eru Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna skoðuð út frá mannréttindaskyldum sjálfstæðra ríkja. Skýrslan felur meðal annars í sér skýringar og viðhorf samtakanna á jafnrétti, mæðraheilsu og fátækt og varpar hún ljósi á það bil sem er á milli Þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðlegra mannréttindaviðmiða.

Þúsaldarmarkmiðin eru frumkvæði SÞ til að vinna gegn fátækt í heiminum og byggja á Þúsaldaryfirlýsingunni sem samþykkt var fyrir tíu árum. Meginmarkmið þeirra er að eyða fátækt og hungri í heiminum öllum og tryggja jafnrétti á öllum grundvelli.

Í skýrslu Amnesty er lýst hver þau skref eru sem ríkisstjórnir verða að stíga til að ná fram raunverulegum árangri í framfylgni við Þúsaldarmarkmiðin og útrýmingu fátæktar. Að mati samtakanna kallar hún á að stjórnvöld tryggi að öll átaksverkefni sem tengjast Þúsaldarmarkmiðunum samræmist alþjóðlegum mannréttindum. - sv



**VINNA SKIPULEGA GEGN FÁTÆKT** Skýrsla Amnesty International skýrir frá Þúsaldarmarkmiðum SÞ um baráttuna við fátækt.

Amnesty heldur vináttuleik:

# Keppa fyrir málstaðinn

**MANNRÉTTINDI Íslandsdeild Amnesty International efna til vináttuleik í knattspyrnu næstkomandi sunnudag. Leikurinn er til stuðnings Stand Up United, alþjóðlegu keppnisliði sem berst fyrir mannréttindum um allan heim.**

**Meðal leikmanna Amnesty verða Ilmur Kristjánsdóttir, Sigmar Guðmundsson og Ari Eldjárn. Boðið verður upp á ýmis skemmtiatriði í hálfleik. Leikurinn fer fram á gervigrasvellinum í Laugardal og hefst klukkan 16. Aðgangur er ókeypis.** - sv

Heróín skaðlegra en stríð:

# Fjöldi dauðsfalla gífurlegur

**MOSKVA, AP Háttsettur embættismaður hjá Sameinuðu þjóðunum fullyrðir að tala þeirra sem deyja árlega af notkun afgansks heróíns í V-Evrópu sé hærri en heildarfjöldi þeirra NATO-hermanna sem hafa látist í Afganistan síðan 2001, eða um 1.800 manns.**

**Stærsti markaðurinn fyrir afgönsk fíkniefni er í Rússlandi, en á ári hverju seljast þar meira en 70 tonn af heróíni.** - sv

## DÓMSTÓLAR

### Stálu bensíni af vélsleða

Ungur maður hefur verið dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að stela 22 lítrum af bensíni af vélsleða. Félagi hans var dæmdur fyrir hylmingu þar sem hann notaði hluta af bensíninu á bíl sinn.

Fráleitar samsæriskenningar um katarska sjeikinn:

# Ólafur Ólafsson segist saklaus í Al-Thani-máli

**VIÐSKIPTI** Ólafur Ólafsson, fyrrverandi aðaleigandi Kaupþings, segist enga aðild hafa átt að hlutabréfakaupum katarska sjeiksins Al-Thani í Kaupþingi og að aldrei hafi staðið til að hann hefði fjárhagslegan ávinning af viðskiptunum. Þetta segir hann í tilkynningu til fjölmiðla.



ÓLAFUR ÓLAFSSON

Hann segist hafa hjálpað til við að koma kaupunum á og verið milliliður í lánveitingunni til sjeiksins. „Sheik Al-Thani er í hópi öflugustu og virtustu fjárfesta heims. Samsæriskenningar um að hann hafi ætlað að taka þátt í einhvers konar sjónarspili gegn þóknun í tengslum við kaup á 5% hlut í Kaupþingi eru vægast sagt fráleitar,“ segir Ólafur.

Ólafur hyggst ekki tjá sig frekar um „innihald tölvupósta eða annarra samskipta sem Lilja Steinþórsdóttir og Halldór Bjarkar Lúðvígsson kunna að hafa átt í janúar 2009 eða þá túlkun atburða sem þar er sett fram“. DV birti símtal milli Lilju og Halldórs á mánudag þar sem rætt var um að reynt hefði verið að fela aðild Ólafs að málinu.

Ólafur segist þess enn fremur fullviss að rannsókn málsins muni leiða í ljós að hann hafi engin lög brotið í málinu. - sh



**SKILANEFNDIR** Kostnaður við að skipta upp föllnu bönkunum nemur samtals 20 milljörðum króna, sem er um 0,6% af um 3.500 milljarða heildareignum. Gylfi Magnússon segir að hlutfallið sé misjafnt eftir bönkum og á bilinu 0,3-1%.

# Skilanefndir lagðar niður

**Þingmenn úr báðum stjórnarflokkum telja rétt að leggja niður skilanefndir föllnu bankanna. Nefndirnar voru harðlega gagnrýndar á Alþingi. „Hin nýja yfirstétt,“ segir Óli Björn Kárason þingmaður.**

**ALÞINGI** Það er ekkert að vanbúnaði að leggja niður skilanefndir föllnu bankanna, sagði Helgi Hjörvar, Samfylkingu, á Alþingi í gær. Vinnan við uppgjör föllnu bankanna hefur færst til slitastjórna. Ekki ætti að taka nema 2-3 mánuði að hnýta lausa enda þannig að hægt verði að leggja skilanefndirnar niður.

Óli Björn Kárason, Sjálfstæðisflokki, sagði skilanefndirnar hina nýju valdastétt á Íslandi, þær væru óháðar öllum og þurfi ekki að standa neinum skil gjörða sinna.

Fram kom að kostnaður við starf skilanefnda bankanna næmi um 20 milljörðum króna en verðmæti eignanna sem þær sýsla með er talið um 3.500 milljarðar.

Gylfi Magnússon, viðskipta- og efnahagsráðherra, sagði að þótt þessar tölur þættu háar hér á landi þætti erlendum kröfuhöfum hann svo lítill að þeir drægju í efa að nóg væri að gert til að hámarka verðmæti eigna bankanna. Gylfi sagði að það skipti ekki höfuðmáli hvort stjórnirnar yrðu sameinaðar eða ekki. Vinnan við að leysa upp gömlu bankana yrði sú sama og kostnaður breyttist lítið þótt honum yrði skipt með öðrum hætti.

Árni Þór Sigurðsson, VG, tók undir með Helga Hjörvar að leggja mætti skilanefndirnar niður og fela slitastjórnum allt uppgjör þrotabúa bankanna. Hann minnti á að heimilt væri samkvæmt lögum og dómafordæmi að endurákvarða skiptakostnað. Skiptastjórar, þ.e. skilanefndirnar, bæru sönnunarbyrði fyrir því að reikningar sem þeir gefa út fyrir vinnu sína væru réttmætir.

„Hverjir hagnast á því að bankarnir fóru á hausinn?“ spurði Vigdís Hauksdóttir, Framsóknarflokki, og sagði að það væru fyrst og fremst fagaðilar sem starfa við uppgjör þrotabúanna. Vigdís sagðist vera að undirbúa tillögu um að fram fari rannsókn á starfsemi skilanefndanna, sambærileg rannsókninni á bankahruninu.

Tryggvi Þór Herbertsson, Sjálfstæðisflokki, nálgaðist málið úr annarri átt, sagði að Íslendingar ættu að fagna því að sem flestir störfuðu hjá skilanefndum og hefðu sem hæst laun. Íslendingar ættu litlar eignir í gömlu bönkunum, erlendir kröfuhafar borgi laun skilanefnda og skiptakostnað að langmestu leyti; skatttekjur séu mun hærri en hlutur Íslendinga í kostnaði við skilanefndirnar.

peturg@frettabladid.is



TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON, VIGDÍS HAUKSDÓTTIR, GYLFI MAGNÚSSON, ÓLI BJÖRN KÁRASON OG ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON


# Costa del Sol

## 22. júní og 6. júlí, 11 eða 14 nætur

Frá kr. 79.900

Frá kr. 119.900 með öllu inniföldu





**11 eða 14 nátta ferð - ótrúleg kjör!**

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum í spennandi sumarleyfisferðir til eins allra vinsælasta sólaráfangastaðar Íslendinga, Costa del Sol. Í boði eru ferðir 22. júní í 14 nætur og 6. júlí í 11 nætur. Fjölbreytt gisting í boði á ótrúlegum kjörum. Costa del Sol býður allt það helsta sem maður getur óskað sér í fríinu. Gríptu þetta einstaka tækifæri til að njóta lífsins á þessum vinsæla áfangastað í sumarfríinu.

**Ath. mjög takmarkaður fjöldi íbúða og herbergja í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.**

Verð kr. 79.900
**Bajondillo *****
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í stúdíóíbúð í 14 eða 11 nætur. Verð m.v. 2 í stúdíó kr. 89.900. Verð m.v. m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi kr. 89.900 í 14 eða 11 nætur. Sértilboð 22. júní og 6. júlí.

Verð kr. 119.900
**Aguamarina *** með fullu fæði (+ drykkir með mat)**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi í 14 eða 11 nætur með fullu fæði og drykkjum með máltíðum. Verð m.v. 2 í stúdíóíbúð í 14 eða 11 nætur kr. 149.900 með fullu fæði og drykkjum með máltíðum. Sértilboð 22. júní og 6. júlí.

Verð kr. 119.900
**Hotel Griego Mar *** með “öllu inniföldu”**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi með “öllu inniföldu” í 14 eða 11 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með “öllu inniföldu” í 14 eða 11 nætur kr. 134.900. Sértilboð 22. júní og 6. júlí.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Vertu í góðu netsambandi
um allt land í sumar
vodafone
Viðskiptavinir í Vodafone Gull fá
3G nettengil á aðeins:
6.990 kr.
Almennt verð: 7.990 kr.
power to you

# Tvískiptingin lifir góðu lífi

**Sveitarstjórnarkosningarnar sýndu að Framsóknarflokknum gengur illa að fóta sig á suðvesturhorninu. Flokknum gekk hins vegar víða vel á landsbyggðinni. Lygnt er á yfirborði flokksins en undir niðri ólgar.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig stendur Framsóknarflokkurinn að loknum sveitarstjórnarkosningum?

Úrslit sveitarstjórnarkosninganna sýna, svo ekki verður um villst, að tvískipting Framsóknarflokksins lifir enn góðu lífi. Tilraun Halldórs Ásgrímssonar, fyrrverandi formanns, til að gera úr flokknum höfuðborgarflokk hefur mistekist og nú á hann engan fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur.

Ýmsar skýringar hafa verið tíndar til á úrslitunum í Reykjavík og ljóst er að Besti flokkurinn setti óvænt strik í reikning allra flokka. Því verður hins vegar ekki litið fram hjá að flokkurinn hlaut ekki nema 2,7 prósenta fylgi í höfuðborginni. Aðeins rúmlega 1.600 manns kusu flokkinn, en þess má geta að um 3.000 félagar eru í hinum ýmsu félögum flokksins í Reykjavík.

Tekist var á um oddvitasætið í borginni og hafði Einar Skúlason þar betur en Óskar Bergsson. Engan veginn hefur gróið um heilt á milli þeirra, eða stuðningsmanna þeirra, og ljóst er að mikið verk er fyrir höndum ef sameina á flokksmenn í Reykjavík. Trúnaðarmenn hafa þó hist að kosningum afstöðnum.

Staðreyndin er sú að fulltrúum flokksins í sveitarstjórn fjölgaði um fjórðung og víða unnust miklir sigrar. Það undirstrikar enn og aftur hve flokkurinn er landsbyggðarmiðaður.

Heimildarmönnum blaðsins ber saman um að það verði verkefni nýrrar forystu að finna flokknum stað í pólitísku litrófi nútímans. Rótunum á landsbyggðinni verði að flétta saman við höfuðborgarsvæðið, þar sem meirihluti landsmanna býr.

Sigmundur Davíð var kjörinn formaður í janúar 2009 og þótti kjör hans merki um endurnýjun í forystunni. Í kosningunum 2009 tóku margir nýir þingmenn sæti og flokksmenn hafa haldið því á lofti að þeir hafi brugðist við kalli þjóðarinnar um uppgjör og endurnýjun.

Enn á ný virðist átakalínan liggja eftir landslaginu. Heimildarmenn flokksins í Reykjavík tala um að þeir hafi fengið að heyra það að sú endurnýjun væri ekki trúverðug. Ekki hafi tekist að koma því að hjá kjósendum að Framsóknarflokkurinn stæði fyrir eitthvað nýtt. Einstrengingslegur málflutningur forystunnar hafi oftar en ekki orðið þeim fjötur um fót.

Á móti kemur að á landsbyggðinni, víða að minnsta kosti, hafa menn verið ánægðir með staðfestu forystunnar í málum eins og Icesave og þykir formaðurinn hafa verið skeleggur.

Framsóknarmenn þekkja það að forystumenn þeirra séu ekki einhuga og nægir að nefna Halldór Ásgrímsson og Guðna Ágústsson í þeim efnum. Mörgum heimildarmönnum blaðsins ber saman um að flokksmenn séu leiðir á slíku karpi og vilji að forystan leysi sín mál í kyrrþey.

Aðrir óttast hins vegar að því fylgi þöggun og að á nýjum tímum



**FORYSTAN** Framsóknarflokkurinn hefur farið í gegnum allmikla endurnýjun, en ekki þykir öllum nóg um. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson er vinsæll formaður í ákveðnum kreðsum, en aðrir vilja opnari stjórnunarstíl. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

verði menn að geta rætt málin og gagnrýnt eins og þarf. Guðmundur Steingrímsson, þingmaður flokksins, bað forystuna að líta í eigin barm að kosningum loknum. Formaðurinn tók því með tali um gjörningalist og að Guðmundur væri ósvífinn. Þetta þykir mörgum benda til að opin umræða eigi ekki upp á pallborðið hjá núverandi forystu.

Þótt þeir Sigmundur og Birkir Jón Jónsson varaformaður séu ekki alltaf sammála, þykja þeir samstiga og halda sínum ágreiningi ekki hátt á lofti. Það þýðir þó ekki að hann sé ekki til staðar.

Höskuldur Þór Þórhallsson bauð sig fram gegn Sigmundi í fyrra, en ólíklegt þykir að hann endurtaki leikinn á næsta flokksþingi, sem verður að ári. Þá er ólíklegt að varaformaðurinn hyggi á meiri metorð í þessari lotu.

Helst er það Guðmundur Steingrímsson sem nefndur er til sögunnar sem arftaki Sigmundar og orða sumir það þannig að það sé bara spurning um hvenær en ekki hvort hann verði formaður Framsóknarflokksins. Hvort hann leggur í slaginn á fyrsta kjörtímabilinu gegn formanni sem nokkuð góð sátt ríkir um skal ósagt látið.

Það er því útlit fyrir að Sigmundar Davíðs bíði það verkefni að endurreisa Framsóknarflokkinn á höfuðborgarsvæðinu, en halda samhliða í fylgið á landsbyggðinni. **kolbeinn@frettabladid.is**



**JÓGAÆFINGAR LÖGREGLUÞJÓNA** Í borginni Jallallabad á Indlandi rakst ljósmyndari á þessa lögreglumenn við jógaæfingar snemma morguns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Economist um sagnfræðirit:

## Áhugaverð bók um Íslandssögu

**BÆKUR Harðasta áhugafólk um íslenska sögu og menningu gæti átt erfitt með sig við lestur bókar Sigurðar Gylfa Magnússonar sagnfræðings um þjóðina í félagssögulegu samhengi frá fyrri öldum og fram yfir bankahrun.**



SIGURÐUR GYLFI

**Þetta er mat gagnrýnanda breska vikuritsins Economist um bókina Wasterland with Words, sem kom út um miðjan maí. Hann telur að einhverjum lesendum kunni að bjóða við, bæði af lýsingum á hrottafengnum misþyrmingum á fyrri öldum og einkennilegum matarvenjum Íslendinga.**

**- jab**



Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18, www.smaralind.is


LEIÐTOGAR
ÓSKAST
Umsóknarfrestur til 15. júní
Háskólinn á Bifröst er skóli fyrir þá sem vilja þróa með sér sköpunargleði, frumkvæði og samskiptahæfni.
Markmið okkar er að veita nemendum menntun til að takast á við krefjandi verkefni í samfélagi og atvinnulífi að námi loknu.
Nám á Bifröst byggir á nútímalegum kennsluaðferðum. Lögð er áhersla á gagnrýna hugsun og skarpan skilning á samfélaginu. Skólinn veitir þjálfun sem nýst getur leiðtogum og forystufólki framtíðarinnar. Kynntu þér námsskrá okkar og kennsluaðstöðu ef þú vilt láta að þér kveða.
Háskólinn á Bifröst býður upp á nám í viðskiptadeild, lagadeild og félagsvísindadeild. Námið er lánshæft hjá LÍN.
Nánari upplýsingar á www.bifrost.is
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÞAÐ ER KOMIÐ SUMAR Í BÓNUS
UNGNAUTAHAMBORGARAR
TÍU STÓRIR 120G HLUNKAR
VINSÆLUSTU HAMBORGARARNIR Í BÓNUS
1359
KR. PK
1259
KR.KG
BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBALÆRI
FJÖGUR BÓNUS RISASTÓR HAMBORGARABRAUÐ
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
139
KR. PK
MYLLU SKÚFFUKAKA
298
KR. PK
MYLLU SKÚFFUKAKA 380G
198
KR. PK
BÓNUS NÝBAKAÐIR KLEINUHRINGIR 2 STK.
SÚKKULAÐI EÐA KARAMELLU
25% AFSLÁTTUR
FRÁBÆR KAUP
100% NAUTAKJÖT
ÍSLANDS NAUT
4 stk. hamborgarar
599
KR. PK
FJÓRIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 80G
4 STK M/BRAUÐI MERKT VERÐ 798 KR/KG.
EVEN MORE DELICIOUS!
Pringles
ORIGINAL
SOUR CREAM & ONION
259
KR. PK
PRINGLES TVÆR GERÐIR 165g
www.bonus.is
Hefur þú skoðað heimasíðu Bónus ?
FÁÐU ÖLL TILBOÐIN Í BÓNUS SEND TIL ÞÍN Í TÖLVUPÓSTI: SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.BONUS.IS
179
KR. STK
STÓRT NAMMISNUÐ
PYLSA Í BRAUÐI CA. 50 KR.
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 STK.
BÓNUS PYLSUR
25% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 798 KR.KG
CA. 28 KR. PYLSAN
BÓNUS
111
KR. PK
599
KR. KG
PEPSI
MAX
74
KR. 500ML.
179
KR.2 LTR.
Fanta
149
KR.2 LTR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÞAÐ ER KOMIÐ SUMAR Í BÓNUS

## BÓNUS FORKRYDDAÐIR GRILL-KJÚKLINGALEGGIR



498
KR.KG



1259
KR.KG

KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM

## KJÖRFUGL: *FERSKAR* KJÚKLINGABRINGUR



1598
KR.KG

MERKT VERÐ 1998 KR.KG 20% AFSLÁTTUR



2698
KR.KG

KS FROSIÐ LAMBA FILLET



565
KR.KG

## KJÖRFUGL, FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

MERKT VERÐ 664 KR.KG ***15% AFSLÁTTUR***

VINSÆLAST Á GRILLIÐ Í BÓNUS



998
KR.KG

KS FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR



1598
KR.KG

ÍSLANDS LAMB



1998
KR.KG

ÍSLANDSLAMB ***BLANDAÐAR*** GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR

ÍSLANDSLAMB GRILL ***MIÐ***-LÆRISSNEIÐAR

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA




Fuglafræðingur segir æðarfuglinn skynja öryggi í návist mannsins:

# Hreiðrar um sig á flotbryggju

**NÁTTÚRA** Verið er að setja niður flotbryggju ásamt landgangi í fjörunni við Staðarhöfn í Reykhólasveit. Við framkvæmdirnar er notaður stór krani og loftpressa með tilheyrandi hávaða og umferð manna.

Virðist þetta ekki hafa áhrif á æðarkollu sem gerði sér hreiður á miðju byggingasvæðinu og liggur hin rólegasta á eggjum sínum.

Ólafur K. Nielsen líffræðingur segir þessa hegðun alls ekki óvanalega hjá æðarfuglinum. Hann segir kolluna skynja öryggi í návist mannsins og hans umferð að því leytinu til að hún heldur vörgum frá.

Ólafur segir þetta vera alþekkt með þessa tegund fugla og tekur fram að á Grænlandi eigi kollurnar það til að verpa í návist sleðahunda sem eru afar hættulegir fuglunum séu þeir ótjóðraðir. En þeir ná ekki til hreiðursins og geltið í þeim heldur frá vargi eins og tófu og ránfugli. **- sv**



**LIGGUR Á EGGJUM** Kollan hefur komið sér vel fyrir í skjóli loftpressu og krana. MYND/ÁSA STEFÁNSDÓTTIR

# Ísland þykir hentugt fyrir umskipunarstöð

**Robert Wade prófessor telur bráðnun heimskautaíssins eiga þátt í vinsamlegu viðhorfi Kínverja til Íslendinga. Kínverjar áformi smíði sérstyrktra flutningaskipa til ferða um Norður-Íshafið. Þá eigum við aðild að Norðurskautsráðinu.**

**FRÉTTASKÝRING**
Hvað skýrir áhuga Kínverja á norðurslóðum?

Fjöldi vísindamanna telur að íshellan á norðurpólnum sé að hverfa vegna hlýnunar sjávar. Hér heima eru allmörg ár síðan Þór Jakobsson veðurfræðingur tók að vekja athygli á þeim tækifærum sem bráðnun íssins hefði í för með sér fyrir siglingar. Þessa möguleika hefur Robert Wade, prófessor við London School of Economics, sagt skýra vinsamlegt viðhorf Kína til Íslands, smáríkis í norðri.

Robert Wade lýsir þessu viðhorfi í grein sem hann skrifaði í Financial Times í janúar 2008 um aukna þörf á reglusetningu fyrir skipaumferð eftir því sem hlýnaði á Norður-Íshafinu. Í lesendabréfi í mars á þessu ári árétta hann svo skoðun sína og bendir á að Kína hafi gríðarlega hagsmuni af því að komast með vöruflutningaskip um norðurheimskautið, því leiðin sé miklu styttri en um Súesskurðinn eða odda Suður-Afríku.

Wade segir fyrirætlanir uppi í Kína um smíði sérstyrktra flutningaskipa til ferða um Norður-Íshafið. „Farminn yrði svo að flytja í smærri skip sem færu með hann á endanlegan áfangastað. Hvar væri hægt að koma upp slíkri umskipunarhöfn? Eitt augljóst svar er á Íslandi,“ skrifar hann og bendir á að þetta kunni að skýra vinsemd, umfram það sem venjulegt geti talist, frá Kínverjum í garð Íslendinga. „Kínverska sendiráðið er það langstærsta í Reykjavík,“ segir hann og vísar einnig til þeirrar viðhafnar sem Kínverjar hafi haft uppi þegar forseti Íslands fór í opinbera heimsókn til Kína árið 2007. Þá hafi Kína sýnt framboði Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna árið 2008 opinberan stuðning og hjálpað til við að afla stuðnings smærri ríkja í Kyrrahafi og Karíbahafi við framboðið.



**Á BESSASTÖÐUM** He Guoqiang, flokksritari í stjórnmálanefnd miðstjórnar kínverska kommúnistaflokksins, ræðir við Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, á Bessastöðum um hádegisbil í gær. Tæplega 80 manns komu frá Kína til Íslands í tilefni af opinberri heimsókn flokksritarans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fleiri hafa orðið til að fjalla um áhuga Kínverja á Íslandi í þessu samhengi, svo sem einn dálkahöfunda Newsweek, William Underhill, í mars síðastliðnum. Þá sagði Þórður Hilmarsson, forstöðumaður Fjárfestingarstofu Íslands, að töluvert hafi verið um fyrirspurnir frá Kína um fjárfestingarmöguleika á Íslandi, en helst í tengslum við orkufrekan iðnað. Engin formleg fyrirspurn hafi borist um fjárfestingar í hafnaraðstöðu. „Enda er kannski of snemmt að vera að spá í slíkt þar sem töluverður tími er í að norðurskautsleiðin verði opin allt árið,“ sagði Þórður á þeim tíma, en kvaðst um leið vita af áhuga Kínverja á að smíða flota risavaxinna flutningaskipa til að sigla á þeirri leið í framtíðinni.

Ísland er þó ekki eini kosturinn hvað varðar staðsetningu fyrir umskipunarstöð. Nú þegar er til dæmis líka rætt fyrir hendi í Rotterdam í Hollandi.

Ísland er hins vegar aðili að Norðurskautsráðinu, en það er samstarfsvettvangur þeirra landa sem liggja á eða að norðurslóðum. Þá hafa allmörg lönd fengið áheyrnaraðild að ráðinu og hefur Kína þegar sótt um slíka aðild.

Hagsmunir ríkja ráðsins eru ólíkir, en líklegt er að tekist verði á um reglur fyrir fraktflutninga yfir norðurpólinn á vettvangi ráðsins.

olikr@frettabladid.is

Biskup Íslands segir að endurvekja þurfi traust og að almenning skorti von:

# Fólkið heyrir ekki í stjórninni

**SAMFÉLAGSMÁL** Meðan þúsundir heimila sjá skuldir sínar aukast sýnist þeim að lítið sé að gert til að hjálpa þeim, á sama tíma og stórfyrirtæki fá risaskuldir afskrifaðar. Þetta segir séra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands.

„Jafnvel þótt sagt sé að ríkisstjórnin hafi góðar fyrirætlanir í þessa vegu, þá er það ekki þetta sem fólk heyrir. Fólki sýnist að lítið sé verið að gera. Það er mikilvægt að við endurheimtum traustið í samfélaginu og vonina,“ segir hann.

Biskup lét þessi orð falla á mánudag á málþingi um skuldir og baráttuna gegn óréttmætum skuldum í Neskirkju.

Hann minnti á að kirkjur Norðurlanda hefðu ætíð lagt áherslu á hlutverk ríkisins við að verja þá sem eru veikburða og varnarlausir. Nú hefði hann áhyggjur af framtíð velferðarkerfisins, því sé haldið fram að það sé of dýrt: „Það væri ósiðlegt og ábyrgðarlaust að byggja samfélagið einungis á grundvelli efnahagslegs vaxtar eins og var gert í góðærinu,“ sagði Karl.

Þá fór biskup yfir „tungumál markaðarins“ og hugmyndafræðina sem hefði stjórnað öllu í góðærinu, hugmyndafræði sem hefði verið eins og trúarkenning: „Öfgahyggja sem passaði inn í áráttu nútímans um einstaklinginn og réttindi hans til að fá þarfir sínar uppfylltar og vandamál leyst, sama hvað það kostar,“ sagði hann. **- kóþ**



**VORAR SKULDIR** Málþingið Vorar skuldir – kirkjan og baráttan gegn óréttmætum skuldum var haldið í Neskirkju á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


30.000 hjálmar á 7 árum
Sumargjöf Eimskips og Kiwanis
Í ár fengu 4.200 fyrstubekkingar hjálm í sumargjöf. Þetta er sjöunda árið í röð sem Eimskip og Kiwanis sameina krafta sína til að varðveita það dýrmætasta sem við eigum. Alls hafa því um 30.000 börn notið góðs af átakinu.
Um leið og við óskum öllum börnum gleðilegs sumars hvetjum við þau til að hafa höfuðið í lagi og nota hjálm.
Kiwanis
EIMSKIP
Yfir hafið og heim
PIPAR\TBWA\ SÍA 100434

**Útgjöldin**
> Verð á nýmjólkurlítra




# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN** Erpur Eyvindarson, tónlistar- og athafnamaður:

# *Skór, derhúfur og romm*



„Það er mjög auðvelt að finna bestu kaupin: Skór, derhúfur og romm," segir tónlistar- og athafnamaðurinn Erpur Eyvindarson. „Hin heilaga þrenning. Ég þarf í raunninni ekkert meira."

Erpur segir að konur séu þær einu sem skilji sig varðandi skóáráttuna og að hann eigi óvenjulega mikið af skóm, miðað við það að vera karlmaður. Uppáhalds derhúfa Erps er Adidas-hafnaboltahúfa merkt kúbverska landsliðinu sem hann keypti sér árið 2003. „Einhverra hluta vegna er þetta uppáhaldshúfan mín. Hún er eitthvað bara svo rosalega flott." Besta fjárfesting Erps í romminu er götuomm sem hann keypti á götunni á Kúbu fyrir einn og hálfan dollara.

Versta fjárfesting Erps upp á síðkastið er matarkyns. „Hálfmeltur pappaborgari á Metro. Það var sataniskt og ég held að hann sé enn þá í mér," segir Erpur og tekur einnig fram að hann sé búinn að bæta Jónínu Ben í hraðvalið á símanum sínum eftir þessa lífsreynslu.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### KAFFIKORGINN Í ELDHÚSVASKINN

■ *Kristín Eysteinsdóttir, leikstjóri hjá Borgarleikhúsinu.*



„Það er gott húsráð að setja kaffikorginn alltaf í eldhúsvaskinn í stað þess að setja hann í ruslið því þá stíflast vaskurinn aldrei."

„Svo mæli ég eindregið með því að sem flestir verði sér út um úkúlele. Það er hljóðfæri sem allir geta kennt sjálfum sér að spila á og það tekur aðeins klukkutíma að læra helstu hljómana en þá getur maður spilað nánast öll lög. Svo framkallar það ljúfa Havaí stemningu sem lífgar upp á hvert heimili."



**ORKAN** Lítrinn af bensíni hjá Orkunni kostar 186,20 krónur á Suðurlandi en 196,70 krónur á Vestfjörðum.

# Bensínið dýrast á Vestfjörðum

Bensínlítrinn hjá Orkunni er rúmum 10 krónum dýrari á Vestfjörðum heldur en á Suðurlandi, þar sem hann er ódýrastur.

Orkan, sem er í eigu olíufélagsins Skeljungs, er með ódýrasta bensínið á landinu. Hins vegar er töluverður munur á verði eftir landshlutum. Á Vestfjörðum kostar lítrinn 196,70 krónur, en á Suðurlandi 186,20 krónur. Það munar sem sagt rúmum 10 krónum á lítrann þar sem hann er dýrastur og ódýrastur. Á höfuðborgarsvæðinu er rúmur 10 króna munur á dýrasta og ódýrasta dropanum; hjá Orkunni kostar hann 191,40 krónur og hjá Olís 201,90 krónur.

Framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeiganda (FÍB), Runólfur Ólafsson, segir engar sjáanlegar ástæður fyrir því að verðið skuli vera hærra á Vestfjörðum en annarstaðar. Til að mynda sé bensínið einna ódýrast í Vestmannaeyjum, þannig að ekki er hægt að kenna flutningskostnaði um.

Runólfur segir mjög jákvæða samkeppni eiga sér stað þessa dagana. Tekur hann sem dæmi nýtt útspil Orkunnar um verðvernd sem hófst í gær.

Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs sem á og rekur Orkuna, segir einmitt það vera ástæðuna fyrir verðmuninum.

„Ef samkeppnisaðili lækkar sig í einhverjum landshluta, verðum við að lækka okkur um leið," segir Einar. „Ég vona að þetta verði eitt verð fyrir allt landið en þeir hafa ekki farið í lækkanir á Vestfjörðum enn þá, svo á meðan stöndum við einnig í stað."

Vefsíðan www.bensinverd.is veitir upplýsingar um bensínverð og er hún uppfærð reglulega. **- sv**




# Verkalýðsfélög með lægsta leiguverðið

**Ekki er mikið um leiguframboð á fellihýsum og tjaldvögnum þar sem verkalýðsfélög á borð við VR bjóða félögum leigu á tjaldvögnum á mun lægra verði heldur en gengur og gerist.**

Þórunn Jónsdóttir, starfsmaður VR, segir að það sé alltaf að færast í aukana að fólk vilji leigja sér tjaldvagna og þeir 22 vagnar sem VR hefur til umráða á höfuðborgarsvæðinu, séu nánast alltaf í útleigu. Einnig eru þrír vagnar til leigu á Egilsstöðum frá VR. Vikuleiga kostar 18.500 krónur.



**ÞÓRUNN JÓNSDÓTTIR**

Fréttablaðið ræddi að auki við þrjá aðila sem sjá um verslun á fellihýsum og tjaldvögnum og kannaði viðhorf þeirra til þess breytta árferðis sem ríkt hefur á landinu á síðustu árum: Ellingsen, Víkurverk og Seglagerðina Ægi. Allir voru sammála um að fjölskyldufólk ferðist æ meira hér innanlands og sækist mun meira eftir notuðum vörum heldur en þeim nýju.

Angantýr Agnarsson, sölustjóri hjá Ellingsen, segir að þrátt fyrir minnkandi sölu síðan í fyrra, sé enn nóg að gera: „Notuðu vagnarnir stoppa ekkert við hjá okkur, þeir rjúka út strax," segir hann.

Arnar Barðdal, framkvæmdastjóri Víkurverks, tekur í sama streng og segir að nóg sé að gera í sölu á vögnum. „Það er mikið af fjölskyldufólki sem verslar við okkur og svo eldri hjón sem vilja njóta lífsins saman," segir Arnar. „Helsti munurinn sem maður finnur er sá að viðskiptavinir vilja helst kaupa notað og staðgreiða nánast alltaf."

Seglagerðin Ægir er eina fyrirtækið sem hefur vagna til leigu, en VR og önnur verkalýðsfélög eru nánast allsráðandi á leigumarkaði og erfitt að undirbjóða þau. Vikuleiga á tjaldvagni hjá Seglagerðinni Ægi kostar 39.000 krónur. **sunna@frettabladid.is**



## Verðdæmi á notuðum vögnum

| | |
|---|---|
| **SEGLAGERÐIN ÆGIR** | |
| Notuð fellihýsi: | 500.000-600.000-2.000.000 |
| Notaðir tjaldvagnar: | 500.000-1.000.000 |
| Vikuleiga á tjaldvagni: | 39.000 |
| **VÍKURVERK** | |
| Notuð fellihýsi: | 1.000.000-1.800.000 |
| Notaðir tjaldvagnar: | 600.000-800.000 |
| **ELLINGSEN** | |
| Notuð fellihýsi: | 1.000.000-1.500.000 |
| Notaðir tjaldvagnar: | 500.000-700.000 |
| **VR** | |
| Vikuleiga á tjaldvagni: | 18.500 |

TRANGO KID
La Sportiva
Verð: 19.800 kr.
Stærðir: 30-40

Ökklaháir léttir gönguskór fyrir börn með góðum sóla, styrkingu á tá og GORE-TEX® vatnsvörn.
66° NORÐUR

KIDS NEWPORT H2
Keen
Verð: 7.800 kr.
Stærðir: 21-37

Sterkir og endingargóðir barnasandalar með lokaðri tá. Fást í brúnu og rauðu.
66° NORÐUR

CORONADO
Keen
Verð: 7.900 kr.
Stærðir: 21-30 með riflás
Verð: 8.500 kr.
Stærðir: 33-35 með reimum

Þægilegir strigaskór fyrir börn með gúmmívörn á tá.
66° NORÐUR

# ÞAÐ BESTA ÚR HÉRAÐI Á HÓTEL EDDU




Komdu á Edduhótelin í sumar og upplifðu það besta sem íslenskt hráefni býður upp á í hverju héraði fyrir sig í snilldarútfærslu landsþekktra matgæðinga. Hjónin Friðrik V og Arnrún ásamt starfsfólki Edduhótelanna töfra fram algjört lostæti á sanngjörnu verði.



## Spennandi dagskrá sumarsins

**12. júní** Edda Nesjum
Svæðisbundið sjávarréttahlaðborð

**18. júní** Edda ML Laugarvatni
Gönguferð að vatni og svæðisbundinn matseðill

**19. júní** Edda Skógum
Svæðisbundið hlaðborð

**23. júní** Edda Ísafirði
Kvöldganga og svæðisbundnir smáréttir

**25. júní** Edda Stórutjörnum
Svæðisbundinn matseðill

**17. júlí** Edda Laugum
Svæðisbundinn matseðill og húslestur

**24. júlí** Edda Laugarbakka
Svæðisbundinn matseðill

**28. júlí** Edda Eiðum
Lautarferð með nesti

**31. júlí** Edda Neskaupstað
Svæðisbundið fjölskylduhlaðborð

**12. ágúst** Edda Akureyri
Sælkeraferð um Eyjafjörð - framleiðendur heimsóttir. Svæðisbundið hlaðborð

**14. ágúst** Edda ÍKÍ Laugarvatni
Svæðisbundinn matseðill

**20. ágúst** Edda ME Egilsstöðum
Svæðisbundinn villibráðarmatseðill

Nánari upplýsingar um dagskrá og heimsókn Friðriks og Arnrúnar á hvert hótel: www.hoteledda.is

**Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000**

# epla

## 10-12 júní

opið til **kl. 20.00** í dag

# iMac 27"




27" LED baklýstur skjár
Full HD upplausn
Þráðlaust lyklaborð og mús
iLife '09 og Snow Leopard
Engir vírusar

**27" 3,06GHz Intel Core 2 Duo**
2560 x 1440 dílar; milljónir lita; IPS-tækni
4GB 1066MHz DDR3 SDRAM
1TB Serial ATA, 7200 rpm Harður diskur
ATI Radeon HD 4670 með 256MB af GDDR3 skjáminni
Innbyggð iSight vefmyndavél (1,3MP upplausn)
Fjögur USB 2.0
Eitt FireWire 800
SD-kortarauf
Innbyggt Airport Extreme (802.11n)
Innbyggt Bluetooth 2.1 + EDR
Þráðlaust íslenskt lyklaborð
og þráðlaus Magic Mouse

**Verð: 289.990,-**
**Listaverð: 349.990.-**




# MacBook 13"

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjákort
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.13 kg

**Tilboðsverð: 159.990.-**

# dagar



## iPod Shuffle 4GB
á verði 2GB
**Verð: 14.990.-**
Listaverð: 19.990.-

Geymir allt að 1000 lög
Vegur aðeins 10,7g
5 litir



**Airport Extreme** - þráðlaust frelsi
Net, prentun, tónlist
**Verð: 27.990.-**
Listaverð: 33.990.-



**Airport Express** - þráðlaust frelsi
Net, prentun, tónlist
**Verð: 13.990.-**
Listaverð: 17.990.-



**Time Capsule 2TB**
Þráðlaus öryggisafritunarstöð
**Verð: 74.990.-**
Listaverð: 94.990.-



**Apple hleðslutæki**
15% afsláttur
Tölvur/iPod/iPhone



**Apple rafhlöður**
15% afsláttur
MacBook/MacBook Pro



**Apple hugbúnaður**
15-50% afsláttur



## iPod Nano 16GB
á verði 8GB
**Verð: 39.990.-**
Listaverð: 47.990.-

Geymir allt að 4000 lög
Vegur aðeins 36,4g
Upptökumyndavél
FM útvarp
7 litir



**Fartölvutöskur**
15-70% afsláttur
13" - 17" Ýmsir litir



**Leikir**
Mikið úrval
10-80% afsláttur



**Harðir diskar**
15% afsláttur
USB/FW/eSata



**Ýmsir hátalarar**
25% afsláttur



**iPod/iPhone hulstur**
15-65% afsláttur



**Ultra Case hulstur**
2 fyrir 1



## iPhone 3G 8GB
**Verð: 79.990.-**

Aðeins 5 STK



Allt í einu tæki
Geymir allt að 14.000 lög
iPod
Þráðlaust net (WiFi)
Leikjatölva
Videóspilari
Vegur aðeins 115g

**iPod Touch 32/64GB**
20.000.- kr. afsláttur



2,53GHz Intel Core 2 Duo
320GB harður diskur / 4GB minni

**Mac Mini**
**Verð: 149.990.-**
Listaverð: 179.990.-

Ýmsar sýningarvörur á lækkuðum verðum.
MacBook
MacBook Pro
og margt fleira

**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16
Lokað laugardaga í júlí

www.epli.is

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. Tilboð gilda til 12. júní 2010, eða meðan birgðir endast.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Aðstoð Kína við Seðlabankann kemur sér vel en þarf að skoða í ljósi hagsmuna stórveldisins.

## Í skjóli Kína?

Gjaldeyrisskiptasamningur seðlabanka Íslands og Kína, sem undirritaður var í gær, markar að ýmsu leyti tímamót. Slíkir samningar hafa ekki verið gerðir við erlenda seðlabanka frá því fyrir hrun. Seðlabankar Bandaríkjanna og Evrópu hafa til að mynda hafnað slíku.

Skipt er á íslenzkum krónum og kínverskum júan, sem þýðir að viðskipti milli landanna þurfa ekki að fara fram í öðrum myntum, til dæmis dollurum eða evrum. Samningurinn léttir því þrýstingi af gjaldeyrisforða Seðlabankans og er líklegur til að efla viðskipti landanna.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í frétt Fréttablaðsins af samningnum í gær sagði Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, að hægt væri að túlka hann sem traustsyfirlýsingu frá stórveldinu. „Það mat er augljóslega að þeir treysta sér í svona samningsgerð," sagði hann.

Samningurinn við Kína kemur sér vissulega vel. Hann siglir í kjölfar afar góðra samskipta ríkjanna undanfarin ár. Það hefur raunar vakið furðu margra, hversu jákvæð og mikil þau hafa verið. Kína hefur sýnt Íslandi áhuga og ýmsan sóma, sem er ekki alveg í samræmi við stærðarmun ríkjanna. Sendiráðsrekstur Kína í Reykjavík er umfangsmeiri en annarra ríkja. Forseti landsins kom hingað í opinbera heimsókn 2002 og þess var vel gætt að engar óvæntar uppákomur kæmu honum úr jafnvægi. Háttsettir kínverskir embættismenn, á borð við flokksritarann og aðstoðarseðlabankastjórann, sem hér voru í gær, hafa komið hingað til lands í stríðum straumum og íslenzkir stjórnmála-, kaupsýslu- og embættismenn, með forsetann í broddi fylkingar, hafa sömuleiðis verið tíðir gestir í Kína.

Aukinheldur hefur Kína stutt framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, sýnt því meiri áhuga að semja við Ísland um fríverzlun en önnur EFTA-ríki eða Evrópusambandið, stutt endurkomu Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðið og þannig mætti áfram telja.

Kína er upprennandi stórveldi og risamarkaður og sjálfsagt að hafa við það jákvæð samskipti og mikil viðskipti. Íslendingar mega þó ekki ganga að samningaborðinu alveg bláeygir og fagnandi þeim áhuga, sem stórveldið sýnir á að veita okkur skjól. Þar liggja að sjálfsögðu hagsmunir að baki og fræg langtímasýn Kínverja, sem finnst hlægilegt að hugsa ekki nema eitt eða fimm ár fram í tímann.

Ýmsir sérfræðingar hafa vakið athygli á því að Kínverjar vilji öðlast hér fótfestu ef og þegar siglingaleiðir yfir norðurheimskautið opnast. Þá geti Ísland orðið mikilvægur staður fyrir umskipunarhafnir. Slík stefnumörkun væri í samræmi við kínverska utanríkisstefnu undanfarin ár; Kínverjar hafa til að mynda gerzt umsvifamiklir í viðskiptum, fjárfestingum, þróunaraðstoð og stjórnmálatengslum víða í þriðja heiminum, augljóslega til að tryggja aðgang sinn að auðlindum og flutningum.

Við megum ekki gleyma að Kína er ennþá miðstýrt harðstjórnar- og einræðisríki og stefna þess um aukin ítök á heimsvísu gengur að mörgu leyti út á að þau verði á kostnað vestrænna lýðræðisríkja.

Það þýðir samt ekki endilega að áhugi Kínverja á Íslandi sé neikvæður. Hann getur til dæmis styrkt samningsstöðu Íslands í væntanlegum aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Fleiri horfa til aukins mikilvægis norðurslóða en Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

cisv international
building global friendship

Nokkur sæti laus!

Ert þú 21 árs eða eldri? Viltu taka þátt í ævintýralegu verkefni í sumar? Viltu eignast 75 nýja vini allstaðar að úr heiminu? Hefur þú gaman af því að vinna með börnum og unglingum? CISV á Íslandi (Alþjóðlegar sumarbúðir barna, www.cisv.is ) leitar að sjálfboðaliðum til að taka þátt í því frábæra starfi sem fer fram í sumar frá 25.júní – 22.júlí.

Einnig er laust fyrir stelpu/strák 17 – 18 ára í Seminar búðir sem haldnar verða í Lúxemborg þann 31.júlí – 20.ágúst.

**Nánari upplýsingar gefur Arnór Fannar í síma 693 7823 eða Halla í síma 692 6846.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Æsingurinn ofan á

„Málefnalega umræðu ofar æsingi" var yfirskriftin á grein sem Unnur Brá Konráðsdóttir skrifaði á vefinn Deigluna árið 2004. Þar frábað Unnur sér pólitíska umræðu sem gengi út á neikvæð gífuryrði og svívirðingar. Umræðuna setti niður við slíkt og leiddi til þess að fólk „einfaldlega hættir að nenna að fylgjast með og taka þátt í pólitískri umræðu". Evrópumál voru til umræðu á þingi í gær. Þar krafðist Unnur Brá þess að fjármálaráðherra kæmi í veg fyrir að ESB tæki fyrir umsókn Íslands um aðild 17. júní næstkomandi. Það yrði svo niðurlægjandi fyrir Ísland. Hvað heldur Unnur Brá að henni takist að laða marga að pólitískri umræðu með svona málflutningi?



### Nýr bíll

Sagt var frá því í fréttum í gær að Orkuveita Reykjavíkur hefði keypt sjö milljóna króna glæsijeppa fyrir fjármálastjóra fyrirtækisins, örfáum vikum áður en fréttir bárust af fyrirhuguðum gjaldskrárhækkunum. Bíllinn kvað vera hluti af umsömdum fríðindum.



### 128,7 heimili

Á vef Orkustofnunar má nálgast upplýsingar um raforkukostnað. Þar kemur fram að fyrir hundrað fermetra íbúð í Reykjavík hljóðar rafmagnsverð frá OR upp á 54.371 krónu á ári. Það þýðir að að það þarf árlega rafmagnsnotkun 128,7 heimila til að standa undir kaupum á bíl fjármálastjórans. Reykvíkingar geta hins vegar huggað sig við að eftir gjaldskrárhækkun þarf færri heimili að meðaltali til að standa undir bílakaupunum.

bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Kjörkuð kirkja

Hjúskaparlög

Arnfríður Guðmundsdóttir
Baldur Kristjánsson
Sigrún Óskarsdóttir
Sigurður Árni Þórðarson
Sólveig Anna Bóasdóttir
guðfræðingar

Það eru margar ástæður til þess að mæla með því að kirkjan stilli sér upp við hlið réttlætisins og mæli með því að sömu lög gildi í landinu fyrir þá sem kjósa að ganga í hjónaband. Með því verður aðgreiningu eftir kynhneigð aflétt.

Margir hafa bent á að Þjóðkirkjan er aðili að alþjóðlegum kirkna samtökum, m.a. Lúterska heimssambandinu og Porvoo kirknasamfélaginu. Í þessum samtökum er afstaða til málefna samkynhneigðra umdeild og víða mikil átök. Aðeins tvær kirkjur þar sem prestarnir eru vígslumenn að lögum, þ.e. sænska kirkjan og Sameinaða mótmælakirkjan í Kanada, hafa samþykkt skilgreiningu ríkisvaldsins á einum hjúskaparlögum fyrir alla.

Ef þjóðkirkjan er kjörkuð tekur hún sér stöðu með þessum kirkjum, mælir með einum hjúskaparlögum og gleðst yfir því að prestar hennar hafi heimild til hjónavígslu tveggja einstaklinga sem unnast.

Við viljum áfram vera hluti hins alþjóðlega kirknasamfélags en við viljum einnig standa vörð um boðskap kirkjunnar. Það er ekki sjálfsagt að vera í samfélagi kirkna sem neita að vígja konur til prestsþjónustu og jafnvel líta á það sem skilyrðislausa kröfu að konur þegi á safnaðarsamkomum. En við látum okkur hafa það.

Við verjum ekki valdníðsluna og óréttlætið. Við stillum okkur upp við hlið systra okkar sem búa daglega við ranglætið og styðjum þær í baráttunni. Við þolum að vera í samstarfi við kirkjur sem fordæma samkynhneigð og líta á hana sem synd. Það er ekki til þess að sýna kirkjustjórnum þar samstöðu. Við stillum okkur upp við hlið trúarsystra okkar og -bræðra sem þrá samfélag kirkjunnar og við tökum höndum saman um að búa þeim það rými sem þeim ber.

Það var ýmislegt reynt til að hnekkja á Jesú. Það var líka lögð mikil áhersla á að breytingar væru hættulegar. Þannig var komið með veikan mann til Jesú á hvíldardegi til þess að kanna hvort hann myndi voga sér að brjóta boðið um að halda hvíldardaginn heilagan. Hvað gerði Jesús? Kallaði hann saman ráðgjafarþing sem svo vísaði málinu í nefnd? Nei, hann læknaði manninn og kenndi viðstöddum þá mikilvægu lexíu að hvíldardagurinn væri til fyrir manninn en ekki maðurinn fyrir hvíldardaginn.

Þannig skulum við einnig leggja okkar lóð á vogarskálina við umfjöllun og afgreiðslu um ein hjúskaparlög. Munum að lögin eru sett til að vernda okkur öll en ekki til að mismuna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Feneyjar stefna í auðn

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
Prófessor



Fyrir mörgum árum hringdi til mín kunnur athafnamaður, þetta var seint um kvöld, til að fræða mig um tillögu, sem hann hugðist bera fram á viðeigandi vettvangi, gott ef hann sagði ekki í Sjálfstæðisflokknum. Þegar þetta var, hafði gapandi og getulaus stjórnmálastéttin hrint þjóðarbúinu fram á bjargbrúnina eina ferðina enn. Horfurnar voru sótsvartar, verðbólga og verkföll. Maðurinn sagði: Mig langar að leggja til, að við drögum fram orf og ljái, skilvindur, strokka og rokka, ræsum kembivélarnar, breytum Íslandi í þímpark (hans orð, ekki mitt) og seljum inn. Ég þóttist ekki skilja grínið. Sauðkindin dregur ekki að, sagði ég alvarlegur í bragði, ekki útlendinga.

## Niður aldanna

Feneyjar eru annað mál. Borgin er einstök að allri fegurð, niður aldanna fylgir manni við hvert fótmál, skiltin á húsunum minna vegfarendur á, að hér bjó Mozart um hríð, þarna bjó Goethe, og – vá! – þarna dó Wagner. Borgin er bíllaus: menn fara gangandi milli húsa eða sigla. Fólk, sem byggir svo sögufræga og fagra borg, ætti að réttu lagi að hafa fullar hendur fjár. En svo er þó ekki í Feneyjum. Borgarbúum hefur fækkað um helming síðan í flóðinu 1966. Þá bjuggu 120 þúsund manns í borginni, en nú búa þar ekki nema 60 þúsund manns. Síðustu ár hefur íbúunum fækkað um tvö þúsund á ári. Borgin er að tæmast, en hún iðar samt af lífi. Á hverjum degi streyma 50 þúsund ferðamenn inn í borgina. Þessi átroðningur íþyngir íbúunum og flæmir þá smám saman burt.

Borgaryfirvöldum væri í lófa lagið að hefta lausagöngu ferðafólks um borgina með því að innheimta aðgangseyri við borgarhliðið, en það hafa þau ekki enn fengizt til að gera. Hver ferðamaður – einn stærsti hópurinn er unglingar í skólaferðalögum – leggur meiri kostnað á borgarbúa en hann skilar í kassann. Með hæfilegum aðgangseyri væri hægt að halda ferðamannaflauminum í skefjum, stöðva brottflutning íbúanna eða snúa honum við. Með því móti væri hægt að halda borginni við og efla hana í stað þess að horfa á hana sökkva smám saman í sjóinn án nauðsynlegs viðnáms af hálfu sífellt færri borgarbúa með síminnkandi borgarsjóð til ráðstöfunar.

## Ekki einkamál Feneyinga

Það er ekki einkamál Feneyinga, hvort Feneyjar lifa eða deyja. Borgin er djásn alls heimsins. Þeim mun bagalegra er, að yfirvöld á staðnum skuli ekki fást til að beita einfaldri og vel útfærðri gjaldheimtu til að bjarga borginni frá eyðileggingu. Gott dæmi er óperan, sem mafían brenndi til grunna fyrir nokkrum árum til að hefna sín fyrir, að réttur verktaki fékk ekki viðgerðarverkefni í húsinu. Borgaryfirvöld höfðu engin ráð. Og hver bauðst þá til að bjarga málinu nema Woody Allen? Hann fór eins og stormsveipur um Evrópu ásamt hljómsveit sinni og reiddi fram afraksturinn af tónleikahaldinu til endurbyggingar óperunnar, sem er nú aftur komin í fullan rekstur.

Án gjalds mun íbúum Feneyja halda áfram að fækka. Eftir mun þá standa dauð borg, þar sem eina lífið er í æðum ferðamanna, sem koma og fara og flestir gera stuttan stanz, fæstir gista. Borgarlíf, sem borið er uppi af gestagangi, er ekkert líf. Hver vill búa í slíkri borg?

## Lausaganga og gereyðing

Vandinn liggur í hlutarins eðli. Lausaganga ferðamanna um Feneyjar fer með borgina líkt og óheft lausaganga búfjár hefur leikið Ísland. Uppblástur Íslands er eitt mesta umhverfishneyksli Evrópu, og samt fæst enginn til að stöðva lausagönguna, jafnvel ekki VG, flokkur umhverfissinna. Ókeypis aðgangur útvegsmanna að fiskimiðunum fer með þau líkt og lausaganga ferðamanna og sauðfjár hefur leikið Feneyjar og Ísland. Fiskstofnarnir hafa aldrei verið rýrari en nú vegna þess, að aðgangur útgerðarinnar að sameigninni er í reyndinni ókeypis samkvæmt ákvörðun Alþingis og kvótakerfið hvetur útvegsmenn og sjómenn til að fylla kvótana með sem verðmætustum fiski og fleygja lakari fiski fyrir borð. Um þetta hafa sjómenn vitnað í einkasamtölum um árabil, en stjórnvöld halda því statt og stöðugt fram, að brottkastið sé hégómi. Hægðarleikur væri að komast til botns í málinu með því að veita sakaruppgjöf þeim, sem játa á sig brottkast og segja til annarra lögbrjóta. Þessa leið hefur Alþingi ekki fengizt til að fara. Sama gerðist í símahlerunarmálinu. Það var sett í rannsókn í hittiðfyrra, ef rannsókn skyldi kalla, þar eð Alþingi lét hjá líða að leysa vitni undan þagnarskyldu. Niðurstaða rannsóknarinnar var, að engar hleranir hefðu átt sér stað án dómsúrskurðar. Come on.

> Án gjalds mun íbúum Feneyja halda áfram að fækka. Eftir mun þá standa dauð borg, þar sem eina lífið er í æðum ferðamanna, sem koma og fara og flestir gera stuttan stanz, fæstir gista. Borgarlíf, sem borið er uppi af gestagangi, er ekkert líf. Hver vill búa í slíkri borg?

### AF NETINU

**Íslendingar, Kínverjar**



„[Elías Mar] kvaðst reyndar vera svolítið hræddur um nýtt hernám. Ég hváði og spurði hvort hann vildi kannski fá bandaríska herinn aftur. Þá sagði Elías:

Nei, það vil ég ekki en ég vil að við höfum afskaplega gott samband við Bandaríkjamenn um að hernema okkur aftur með stuttum fyrirvara ef á þarf að halda. Ég vil heldur hafa Bandaríkjamenn en Kínverja. Ef Bandaríkjamenn myndu ekki vilja þetta, vildi ég að við töluðum við Breta eða einhverja norðurlandaþjóð. Ég er smeykur við Kínverja vegna þess að Kínverjar eru með útþenslustefnu."

http://blog.eyjan.is/hjalmarsveinsson/

Hjálmar Sveinsson

Tækniþróunarsjóður
Kynningarfundur vegna úthlutunar
Rannís og iðnaðarráðuneytið kynna úthlutun Tækniþróunarsjóðs til nýsköpunarverkefna fimmtudaginn 10. júní kl. 15-17 í húsakynnum Marel í Garðabæ

Dagskrá
- Ávarp iðnaðarráðherra Katrínar Júlíusdóttur
- Hilmar Veigar Pétursson formaður stjórnar Tækniþróunarsjóðs kynnir úthlutun
- Kristinn Andersen rannsóknastjóri Marel flytur ávarp
- Kynning á verkefnum nokkurra sprotafyrirtækja

Léttar veitingar

Iðnaðarráðuneytið
rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is





Veglegur aukahlutapakki fylgir öllum Jamis hjólum á meðan birgðir endast: Hjólastandur í hjólageymsluna eða bílskúrinn * Viðgerðasett * Pumpa * Brúsahaldari * Brúsi



Trail XR
Enduro II stálstell, SRAM 3.0, 21 gíra og V-bremsur.
Verð: 45.990 kr.



Explorer 1.0
6061 TIG álstell, SRAM 3.0, 7 gíra, Tektro V-bremsur og XC 60 mm framdempari.
Verð: 58.990 kr.



Citizen 1
6061 TIG álstell, Shimano ALTUS, 14 gíra,V-bremsur og 28" dekk.
Verð: 61.990 kr.

Skoðaðu allt úrvalið á www.utilif.is

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

# Um forgang í leikskóla

Leikskólamál



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
formaður leikskólaráðs

Þórður Ingi Guðjónsson ritar grein í Fréttablaðið 5. júní þar sem hann leggur út af úrslitum borgarstjórnarkosninganna og telur þau sýna að stjórnmálamenn hafi misst tengslin við kjósendur sína. Dæmið sem hann velur til að endurspegla þá kenningu sína eru breytingar sem gerðar voru á svokölluðum systkinaforgangi – reglu sem kvað á um að börn sem áttu systkini sem hafði leikskólavist skyldu hafa forgang að vist í sama leikskóla fram yfir eldri börn. Þar sem umræðan um systkinaforgang hefur verið á villigötum, og jafnvel sá misskilningur uppi að systkini fái ekki að vera saman í skólum, er mikilvægt að árétta hér að barn getur ávallt komist í leikskóla eldra systkinis eftir kennitöluröð.

Fullyrðing Þórðar, um að borgarfulltrúar hafi með breytingunni tekið mið af „þröngum sjónarmiðum" eigingjarnra foreldra fram yfir sjálfsögð réttindi systkina og foreldra þeirra, er röng. Reglan um systkinaforgang var afnumin 2008 þar sem hún var talin ganga í berhögg við jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar. Stuttu áður höfðu ný lög um leikskóla tekið gildi þar sem fyrir lágu fyrirmæli um að viðhafa bæri jafnrétti í öllu leikskólastarfi, auk þess sem hagur og velferð barna skyldu höfð að leiðarljósi í öllu slíku starfi.

Hjá leikskólum Reykjavíkurborgar er ávallt leitast við að vista systkini í sama leikskóla, bæði þeim og foreldrum þeirra til hagsbóta. Reglan um systkinaforgang var á sínum tíma innleidd til þess. Í krafti hennar gátu börn sem fædd eru seint á árinu komist fyrr að en börn sem fædd eru fyrr sama ár. Stundum munaði næstum heilu ári enda mesta hreyfingin á plássum þegar 5 ára börnin flytjast yfir í grunnskóla. Mikið var kvartað yfir þessu fyrirkomulagi og spurt um réttmæti þess að yngri börn kæmust fram yfir eldri börn. Foreldrar barna sem fóru aftar í röð vegna forgangsins þurftu þannig að bíða eftir plássi á leikskóla og kvörtuðu yfir því að forgangurinn gengi gegn reglum borgarinnar þar sem segir að börn innritist í leikskólann eftir kennitölu, þ.e. að þau elstu gangi fyrir. Að auki gerðist það stundum að yngra barn komst fram fyrir kennitöluröð vegna systkinis sem útskrifast myndi strax og hið yngra fengi pláss. Þeir foreldrar sem gerðu athugasemdir við þessar reglur voru í ljósi þessa hvorki eigingjarnir né höfðu þröng sjónarmið að leiðarljósi.

Snemma á þessu ári var leitað álits borgarlögmanns á réttmæti systkinaforgangs. Í áliti hans frá 26. apríl sl. segir: „ ... skýrt er kveðið á um það í lögum um leikskóla að velferð og hagur barna skuli hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Það á einnig við um hvernig börnum skuli forgangsraðað á biðlista eftir leikskólavist. Þar skiptir mestu þörf barna fyrir leikskólavist miðað við aldur þeirra og þroska enda óumdeilt að mikilvægt er fyrir þroska barna að þau komist sem fyrst í leikskóla ... Þetta sjónarmið er gegnumgangandi leiðarljós í öllu leikskólastarfi. Eðlilegasta og óumdeildasta reglan við forgangsröðun barna að leikskólavist er aldur barna. Frávik frá þeirri reglu verða því almennt að styðjast við önnur og ríkari sjónarmið, s.s. ef barn glímir við þroskafrávik eða aðrar félagslegar aðstæður sem réttlætt geta frávik frá þeirri meginreglu að aldur ráði forgangi að leikskóladvöl. Reglan um systkinaforgang virðist fyrst og fremst til þess fallin að mæta hagsmunum foreldra ... og verður varla fundin stoð í sérlegum hagsmunum viðkomandi barna, umfram hagsmuni annarra barna sem ekki hafa leikskólavist ...

Þó jafnræðisreglan sé höfð í heiðri er eftir fremsta megni leitast við að vista systkini í sama leikskóla. Forgangur verður hins vegar alltaf umdeildur og því verða stjórnvöld hverju sinni að vanda mjög til verka til að jafnræðis sé gætt og velferð sérhvers barns ráði mestu. Þó stöðugt sé deilt á stjórnmálamenn þessa dagana vegna misgóðra verka þá er í þessu tilfelli seint hægt að segja að borgarfulltrúar séu ekki í tengslum við raunveruleikann. Ný borgarstjórn tekur nú við og eðlilegt að nýjar leiðir og hugmyndir séu ræddar. Það verður hins vegar að gerast í samræmi við lög og reglur og með jafnræði milli leikskólabarna að leiðarljósi.




# Samspil þingræðis og þjóðaratkvæðis

Lýðræði



Svavar Gestsson
fyrrverandi formaður Alþýðubandalagsins

Tímaritið Saga er eitt hið merkasta sem kemur út á Íslandi. Núorðið er stundum reynt að brjóta til mergjar flókin mál. Í síðasta hefti er farið beint inn í það sem heitast hefur verið í umræðu á þessum vetri: 26. grein stjórnarskrárinnar. Þar eru margar greinar um efnið undir samheitinu Hverjar eru söguleg rætur 26. greinar stjórnarskrárinnar?, sérfræðingar svara Ragnheiði Kristjánsdóttur. Þeir sem svara spurningunni eru: Ragnheiður Kristjánsdóttir, Eiríkur Tómasson, Ragnhildur Helgadóttir, Helgi Skúli Kjartansson, Eiríkur Bergmann og Svanur Kristjánsson, Helgi Bernódusson og Þorsteinn Pálsson. Eins og sjá má af þessum lista eru þetta hinir mætustu höfundar og hvetur undirritaður áhugamenn um efnið að kynna sér ritið.

Grein Helga Bernódussonar skrifstofustjóra Alþingis er sérstaklega athyglisverð. Hann rekur það hvernig 26. greinin varð til, hvernig hún var skrifuð á árinu 1940 og hvernig umræðan um greinina var á Alþingi. Helgi Bernódusson ber saman 26. grein lýðveldisstjórnarskrárinnar og sambærilega grein stjórnarskrárinnar í konungsríkinu Íslandi.

**Konungur**

Í gömlu stjórnarskránni voru efnisatriði greinarinnar þessi:

1. Staðfesting konungs þurfti til þess að nokkur samþykkt Alþingis fengi lagagildi.

2. Konungur annaðist birtingu laga og framkvæmd.

3. Þar sagði: „Nú hefir konungur eigi staðfest lagafrumvarp, sem Alþingi hefir samþykkt, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman, og er þá frumvarpið niður fallið". Það er þá öðluðust lögin aldrei gildi. En Alþingi gat fjallað um þau á nýjan leik.

**Forseti**

Í nýju(! 66 ár) greininni eins og hún er nú 26. grein stjórnarskrárinnar eru þessi efnisatriði:

1. Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar. Óbreytt frá gömlu stjórnarskránni.

2. Þetta skal gera eigi síðar en tveimur vikum eftir að lagafrumvarp var samþykkt. Þetta er nýtt.

3. Kveðið er á um að staðfestingin veiti því lagagildi. Þetta er nýtt og eykur vægi staðfestingarinnar.

4. Þá segir: „Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar ..." Þetta er nýtt. Það var ekki gert ráð fyrir synjun konungs einungis þeim möguleika að hann staðfesti ekki; ráðherra lagði fyrir hann til staðfestingar.

5. Enn segir: „ ... og fær það þó engu að síður lagagildi". Þó forseti skrifi ekki undir fær málið lagagildi – þangað til það er fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Með hvaða rökum var þetta ákvæði sett inn? Af hverju, til hvers?

6. Og svo: „ ... en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu." Þetta er nýtt.

7. Lögin falla úr gildi, þegar samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu. Þetta er líka nýtt og leiðir af fyrri málsgreinum.

**Mörgum spurningum ósvarað**

Bjarni Benediktsson skrifaði uppkast að greininni 1940 og sá texti breyttist ekki í grundvallaratriðum við meðferð málsins á Alþingi. Bjarni sagði ekki fært að veita forsetanum algert synjunarvald. Nýja greinin væri því málsskot til þjóðarinnar. Það nægir auðvitað sem skýring. En það er aðeins nægjanleg skýring á ákvæðinu um þjóðaratkvæðið. En ósvarað er eftirfarandi spurningum:

1. Af hverju tvær vikur? Það er út af fyrir sig ekki stórmál, en nú mætti þetta vera styttri tími, vika?

2. Af hverju var hnykkt á vægi staðfestingarinnar?

3. Af hverju er hér talað um synjun en í gömlu greininni aðeins um að að konungur staðfesti eða staðfesti ekki. Synjun er óneitanlega mikið sterkari afstaða en sú að staðfesta ekki.

4. En auk þess er þessi synjun óvenjuleg, sennilega einstæð: Hálf synjun, málsskot?

5. Af hverju er valdið tekið af Alþingi og flutt í þjóðaratkvæðið ef forseti vill?

Því miður hafa ekki fundist svör við þessum spurningum. Mér kom Bjarni Benediktsson alltaf fyrir sjónir sem stjórnmálamaður sem hafði rök fyrir máli sínu. Vafalaust hefur hann haft rök fyrir þessum veigamiklu breytingum á greininni og kannski koma þau fram. En merkilegt má heita að í umfjöllun Alþingis um stjórnarskrána er þessi rök ekki að finna nema að mjög takmörkuðu leyti og aðalhöfundur textans í 26. greininni tók aldrei til máls meðan umræðan í þinginu um þetta höfundarverk hans stóð yfir.

> Mín skoðun er reyndar sú að valdið til þess að ákveða þjóðaratkvæði eigi ekki að vera hjá forseta.

**Þingræði og þjóðaratkvæðagreiðsla**

Þá ber að benda á að þegar lýðveldisstjórnarskráin var til meðferðar þá var nokkur samstaða um að breyta stjórnarskránni sem minnst; meginbreytingar áttu að bíða betri tíma. En breytingin sem hér hefur verið rakin á 26. greininni er mikið viðameiri eins og Helgi Bernódusson rekur og hér hefur verið vitnað til.

Fróðlegt væri að sjá ítarlegri skrif um þessi mál ekki síst þar sem menn velta því nú fyrir sér, skilst mér, að halda stjórnlagaþing. Líklega verður stjórnarskránni breytt innan 5 ára eða svo. Þá verður þessu ákvæði breytt í aðra hvora áttina – til að styrkja þingræðið eða til að veikja það. Millivegur er varla fær. Mín skoðun er reyndar sú að valdið til þess að ákveða þjóðaratkvæði eigi ekki að vera hjá forseta. Það er gamaldags og einvaldslegt. Sumir telja að valdið ætti að vera hjá tilteknum vel staðfestum minnihluta þjóðarinnar – 30%? – eða hjá tilteknum hluta Alþingis – minnst 30 þingmenn? Mér finnst hvort tveggja koma til greina. Hér búum við auk þess við þá stjórnskipan að unnt er að leysa þingið upp og efna til alþingiskosninga hvenær sem er. Það er því styttra til þjóðarinnar en sums staðar annars staðar þar sem þingið er óuppleysanlegt nema í lok ákveðins kjörtímabils.

Svo mikið er víst að í næstu breytingu á stjórnarskránni verður þetta aðalatriðið: Samspil þingræðis og þjóðaratkvæðagreiðsla. Það er óþarfi að blanda þjóðhöfðingjanum í það samspil.



AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 1.990
Eldhúsvog með skál. Tekur 2 kg með 1g nákvæmni. Verð áður kr. 3.990
AFSLÁTTUR 23%
Verð nú 4.990
Hrisgrjónapottur 1lr með viðloðunarfrírri húð. Verð áður kr. 6.490
AFSLÁTTUR 44%
Verð nú 4.990
WOK panna með Akzo Nobel húð. Gengur á allar hellur. Líka span og gas Verð áður kr. 8.990
HEILSUGRILL
AFSLÁTTUR 38%
Verð nú 7.990
Heilsugrill með hallandi riffluðum grillfleti Verð áður kr. 12.990
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú 2.990
Vandað 2000W gufustraujárn með stálbotni Verð áður kr. 4.990
AFSLÁTTUR 31%
Verð nú 8.990
Nær alveg hljóðlaust rakatæki. Afköst 5 ltr/14 klst. Engar síur og notar afar litla orku. Verð áður kr. 12.990
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 2.990
Hárnákvæm örþunn glerbaðvog með stórum LCD skjá og lithium rafhlöðum. Verð áður kr. 5.990
AFSLÁTTUR 35%
Verð nú 1.490
Nettur hárblásari 1400W Verð áður kr. 2.290
appliance
EYJUHÁFUR
AGS-900GIH
Fríhangandi stál eyjuháfur m/gleri
Kraftmikill og með halogen ljósum
Verð áður kr 89.900
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 69.900
ÞÚ SPARAR 25.000
Verð nú 49.900
appliance
AIO-658INOX
Stálofn með blæstri og grilli
Tímahringir
Verð áður kr 74.900
appliance
AGK-4SS
4 öflugar gashellur
Gaslekaöryggisbúnaður
Verð áður kr 59.900
ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú 29.900
Electrolux
ERB-22010W
151 lítra kælir / 64 lítra frystir
3 skúffur í frysti / glerhillur í kæli
HxBxD: 160x54x60 cm
Verð áður kr 119.900
160 CM
ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú 89.900
exquisit
GT-111
95 lítra frystikista í A+ orkuflokki
HxBxD: 86x54x54,5 cm
Verð áður kr 64.900
ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 49.900
RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
LAGER HREINSUN
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!
exquisit
WA-5310
Einföld og vönduð þvottavél með notendavænu stjórnborði.
1000 sn. vinduhraði
Tekur allt að 5 kg af taui
Skjár sem sýnir tímalengd
Handþottakerfi og ullarkerfi
A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
Stórt hurðarop
Verð áður kr 94.900
ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú 64.900
exquisit
TAE-67
Þurrkari fyrir barka með full-komnum rakaskynjara
11 mismunandi þurrkerfi
Hljóðmerki í lok þurrks
Cool down krumpuvörn
Tekur allt að 6 kg
Verð áður kr 84.900
RAKASKYNJARI
ÞÚ SPARAR 25.000
Verð nú 59.900
Í SUMARHÚSIÐ!
exquisit
EH-5604
50 cm breið eldavél
Með undir- og yfirhita
57 lítra ofn
HxBxD: 85x50x60 cm
Verð áður kr 74.900
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 54.900
exquisit
MK-218TE
Nettur ofn með 2 hellum
Ofninn er með undir- og yfirhita ásamt grilli
1000W og 1500W hella
HxBxD: 32x60x40 cm
Verð áður kr 42.900
ÞÚ SPARAR 13.000
Verð nú 29.900
AEG
F-40379
Hljóðlát uppþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni sem skynjar óhreinindi í vatni og aðlagar tíma, vatnþörf og hitastig eftir aðstæðum
Aðeins 49 dB(A)
5 þvottakerfi þ.á.m. hraðkerfi, pottakerfi og sparnaðarkerfi
3xA einkunn f. orku/þvott/þurrk.
Mjög vönduð innrétting
Án toppplötu
Aqua Control vatnslekavörn
Verð áður kr 134.900
ÞÚ SPARAR 35.000
Verð nú 99.900
3xA EINKUNN
49 DESIBIL
exquisit
GSP-5BSO
Borðuppþvottavél
Tekur borðbúnað fyrir allt að 4-5 manns
Þurrkun með hita
HxBxD: 44x57x50 cm
Verð áður kr 69.900
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 49.900
Rafha ehf
Opið virka daga 10-18
laugardag 10-16
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

# Tölvuglæpir – enginn er óhultur

Tölvuglæpir

Ólafur Róbert Rafnsson
meðeigandi hjá Capacent á Íslandi



Alþjóðlegir glæpahringir og hryðjuverkasamtök hafa verið iðnir við að tileinka sér og nýta nýjustu upplýsingatækni. Það getur haft bein áhrif á fyrirtæki og jafnvel einstaklinga um allan heim. Tölvuglæpir beinast ekki einungis að stórum fyrirtækjum og stofnunum. Oft er ráðist til atlögu þar sem fólk telur sig vera algjörlega óhult.

Nærtækt dæmi eru samfélagsvefir á borð við Facebook sem njóta gífurlegra vinsælda. Með aukinni notkun slíkra vefja munu glæpamenn sækja í þá í auknum mæli enda eru einstaklingar oft berskjaldaðri á Netinu en í raunheimum. Samskipti á þessum vefjum byggjast á trausti. Notendur eru til dæmis líklegri til að opna óæskilega vefslóða frá „vini“ en að hleypa ókunnugum inn á heimili sitt eða vinnustað.

Fjölmörg dæmi eru um að í WEB 2.0 sem t.a.m. Facebook byggir á leynist svokallaðir trójuhestar, sem notendur hleypa óafvitandi inn í tölvur sínar. Þeir eru notaðir til að stela aðgangsupplýsingum, til dæmis að heimabönkum. Hugbúnaður sem dulkóðar gögn er notaður til fjárkúgunar og svo framvegis.

Það er raunverulegur fjárhagslegur ávinningur fyrir óprúttna aðila að nota Facebook sem vettvang fyrir tölvuglæpi og því ekki við öðru að búast en að tíðni slíkra glæpa muni fara vaxandi.

Tölvupóstur er einnig gríðarlega mikið notaður sem vettvangur óprúttinna aðila til að komast yfir aðgangsorð einstaklinga og ýmsar upplýsingar sem geta verið viðkvæmar.

Tölvuþrjótar eru líka stöðugt að færa út kvíarnar. Þótt hugbúnaður frá Microsoft hafi til þessa trónað efst á listanum yfir þann hugbúnað sem vinsælast er að hakka, bendir allt til þess að hugbúnaður frá Adobe, og þá ekki síst Adobe Reader og Flash, muni fljótlega verma efsta sætið.

Svokölluð Botnet eru með þróuðustu tólum sem tölvuglæpamenn nota en það er heiti á neti tölva sem nýtt er til að fremja tölvuárásir yfirleitt án þess að eigendur tölvanna geri sér grein fyrir að verið sé að nýta þær í vafasömum tilgangi. Botnetin eru mikið notuð til að senda svokölluð SPAM en talið er að mikill meirihluti ruslpósts komi frá slíkum netum. Þau eru einnig notuð til fjárkúgunar. Þess ber að geta að ef tölvur sem eru hluti af Botnetum eru á neti fyrirtækja eða stofnana er hætta á að fyrirtækin eða stofnanirnar lendi á bannlistum alþjóðlegra netkerfa í lengri eða skemmri tíma. Nýlegt íslenskt dæmi um slíkt er Háskóli Íslands.

Baráttan við tölvuglæpamenn er flókin og erfið en það er mikilvægt að auka og efla almenna vitund á þeim hættum sem leynast á tölvunetum og hvernig best sé að verjast þeim. Líkt og í raunheimum munu tölvuglæpamenn sífellt finna sér nýjar lendur. Reikna má með því að farsímar verði næsta vígið sem tölvuglæpamenn leggja til atlögu við þar sem þeir eru í síauknum mæli notaðir til að vafra um Netið og skoða tölvupóst.

Það eru mörg atriði sem þarf að hafa í huga til að koma í veg fyrir að verða fyrir barðinu á tölvuglæpamönnum en góð regla er að hugsa sig vandlega um áður en hlaðið er inn á tölvuna hugbúnaði eða smellt er á áhugaverða slóð frá „vini“. Við notum tölvurnar okkar í námi, vinnu, fyrir heimilið og okkur til gamans og lítum á þær sem hvert annað heimilistæki eða vinnutæki. Það er hins vegar mikilvægt að hafa hugfast að fara gætilega til þess að tölvan opni ekki dyrnar fyrir óprúttna aðila að til dæmis bankareikningum okkar eða einkalífi.

# Er dýrt að setja lyf á markað á Íslandi?

Lyf

Rannveig Gunnarsdóttir
forstjóri Lyfjastofnunar



Nokkur umræða hefur verið á síðustu misserum um lyf, kostnað, skort, aukaverkanir svo eitthvað sé nefnt.

Það er rétt að það kostar að setja lyf á markað hvort sem það er hér á landi eða í öðrum þróuðum löndum. Ástæðan er einfaldlega sú að það gilda mjög strangar kröfur um öryggi lyfja og því þarf færa sérfræðinga á ýmsum sviðum til að meta lyfið áður en það fer á markað. Þegar talað er um að meta umsókn um markaðsleyfi fyrir lyf þá koma mismunandi sérfræðingar að matinu. Það þarf að meta öll hráefni sem notuð eru í lyfið, gæði þeirra og hreinleika. Það þarf að meta framleiðslu lyfjaformsins, eiturefnafræði virka efnisins, meta hvort lyfið virki eins og það er sagt virka, aukaverkanir og eituráhrif. Lyfjaverksmiðjan þarf að uppfylla gæðastaðla og vera vottuð. Þá þarf að tryggja að upplýsingar um lyfið fyrir heilbrigðisstéttir og sjúklinga séu réttar.

Ísland er þátttakandi í samstarfi lyfjastofnana á Evrópska efnhagssvæðinu og hér á landi gilda sömu lög um lyfin og á EES. Þegar lögin voru sett þá var hugmyndin sú að auka samstarf landanna svo ekki væri verið að endurtaka sömu vinnu í öllum löndunum. Tvær leiðir til að sækja um markaðsleyfi fyrir lyf á EES eru færar. Önnur er svonefnd miðlæg leið (Central Authorization) en þá eru það sérfræðingar tveggja landa undir hatti lyfjastofnunar Evrópu, EMA, sem meta lyfið. Þegar miðlægt leyfi er gefið út þá gildir það á öllu EES-svæðinu.

Hin leiðin er svonefnd gagnkvæm viðurkenningarleið. Á þeirri leið er það lyfjafyrirtækið sem velur þau lönd sem það vill markaðssetja lyfið sitt í. Það biður eitt landið að taka að sér að meta lyfið, svonefnt umsjónarland. Þegar mati er lokið þá er gefið út markaðsleyfi í þessum löndum sem fyrirtækið valdi. Þau lönd sem taka þátt í þessu ferli sem ekki meta lyfið eru nefnd þátttökulönd.

Það kostar að fullmeta umsókn um markaðsleyfi fyrir lyf enda krefst matið mikillar vinnu og aðkomu sérfræðinga á mismunandi sviðum. Það er líka mun ódýrara að vera þátttökuland í ferli. Kostnaður við að fullmeta lyf er um 1,8 millj. kr. en að vera þátttökuland í ferli kostar 115 þ.kr. samkvæmt gjaldskrá Lyfjastofnunar. Tekið skal fram að gjaldskrá Lyfjastofnunar er oftast lægri en gjaldskrá nágrannalanda okkar.

Olgeir Olgeirsson, framkvæmdastjóri Portfarma, ritaði grein í Fréttablaðið 20. maí sl. þar sem hann ásakaði stjórnvöld um að verið væri að búa til mismunandi kerfi fyrir fátæka og þá sem eru efnameiri. Í því efnahagsástandi sem við lifum við í dag er eðlilegt að stjórnvöld leiti allra leiða til að minnka kostnað ríkisins með því að leita að ódýrari valkostum sem í mörgum tilvikum virka jafn vel. Ef ódýri valkosturinn virkar ekki jafn vel er hægt að sækja um lyfjaskírteini. Olgeir segir einnig að „ríkið beinlínis vinni gegn því að lyfjaverð lækki á Íslandi. Dæmi sé hækkun á kostnaði við skráningu nýrra lyfja úr 115 þ.kr. í 1,8 millj. kr“.

> Þrátt fyrir smæð þá hafði stofnunin metnað í að taka að sér að fullmeta lyf inn á Evrópska efnahagssvæðið og taka virkan þátt í samvinnu lyfjastofnana EES.

Olgeir Olgeirsson veit betur. Ríkið hækkaði ekki gjöld í þeim tilgangi að hindra það að koma lyfjum á markað á Íslandi. Gjaldskrá Lyfjastofnunar var breytt í samræmi við þá vinnu sem lögð er í verkið.

Fyrirtæki Olgeirs Olgeirssonar ákvað að sækja um svonefnda landsskráningu þ.e. einungis markaðssetja lyfið sitt á Íslandi. Landsskráningargjaldið, 115 þ.kr., var ekki fyrirhugað fyrir umsóknir sem þyrftu fullt mat heldur einungis viðbótar lyfjaform eða styrkleiki við þegar skráð lyf eða sem gjald fyrir þátttökuland.

Olgeiri Olgeirssyni er fullkunnugt að lyf sem ekki hefur markaðsleyfi á EES-svæðinu þarfnast fulls mats og það mat kostar. Þá má ekki gleyma því að markaðsleyfi sem gefið er út á Íslandi er grundvöllur fyrir markaðsleyfi í öllum hinum EES-löndunum, þ.e. mun stærra markaðssvæði en Ísland er.

Lyfjastofnun er lítil stofnun í samanburði við systurstofnanir á Evrópska efnahagssvæðinu. Þrátt fyrir smæð þá hafði stofnunin metnað í að taka að sér að fullmeta lyf inn á Evrópska efnahagssvæðið og taka virkan þátt í samvinnu lyfjastofnana EES. Árið 2006 hóf stofnunin að fullmeta lyf og tekur nú nokkrar umsóknir á ári. Langur biðlisti er í Evrópu af lyfjum sem bíða eftir því að komast í fullt mat og hart er lagt að lyfjastofnunum EES að taka að sér fullmeta umsóknir inn á markaðinn. Lyfjastofnun hefur því tækifæri til þess að efla stofnunina með því að fjölga störfum fyrir hámenntaða sérfræðinga og afla dýrmætra gjaldeyristekna fyrir ríkissjóð án kostnaðar fyrir skattgreiðendur.




# Í margfalt meiri lífshættu

Umferðaröryggi

Einar Magnús Magnússon
upplýsingafulltrúi Umferðarstofu



Í nýútkominni slysaskýrslu Umferðarstofu fyrir árið 2009 kemur fram að af þeim sautján sem létu lífið í umferðarslysum árið 2009 voru tólf í bílum. Helmingur þeirra var ekki í öryggisbeltum. Af þeim níu sem létust í bifreið utan þéttbýlis voru fimm ekki með öryggisbelti. Aðeins fjórir voru með belti.

Í nýlegri könnun sem Capacent vann fyrir Umferðarstofu kemur fram að á sex mánaða tímabili (maí ´09 til október ´09) voru aðeins 6% aðspurðra sem höfðu einhvern tíma á tímabilinu ekið utan þéttbýlis án öryggisbelta og þar af leiðandi voru 94% aðspurðra undantekningarlaust í belti utan þéttbýlis.

**Tuttugu sinnum meiri hætta**

Ef við miðum við 300.000 íbúa sjáum við að samkvæmt þessu tilheyra 18.000 Íslendingar hópnum sem á það til að sleppa beltum í dreifbýli en 282.000 manns tilheyra þeim hópi sem alltaf spennir beltin. Fjórir létust af 282.000 manna hópnum, eða 0,0014%, en fimm af 18.000 manna hópnum eða 0,028%. Sá hlutfallslegi munur sem þarna má sjá leiðir í ljós að þeir sem einhvern tíma taka þá áhættu að nota ekki öryggisbelti utan þéttbýlis eru í 20 sinnum meiri lífshættu en þeir sem undantekningarlaust spenna beltin.

Það er í mörgum tilfellum erfitt að greina nákvæmlega hvort það að nota ekki öryggisbelti hafi ráðið úrslitum um það hvort viðkomandi lét lífið. Hins vegar er ljóst að þeir sem nota ekki öryggisbelti eru líklegri til að viðhafa aðra áhættuhegðun í umferðinni – hegðun sem ásamt því að nota ekki beltin getur leitt til alvarlegra slysa.

Samkvæmt könnunum Umferðarstofu er mun algengara að fólk noti öryggisbelti í dreifbýli en þéttbýli. Ástæðan er sú að svo virðist sem margir telji að í þéttbýli sé hættan minni þar sem hraðinn er ekki eins mikill og vegalengdir styttri. Þetta er mikill misskilningur þar sem hraðinn í þéttbýli er í flestum tilfellum nægjanlega mikill til þess að valda alvarlegum slysum ef öryggisbelti eru ekki notuð. Það er því enginn afsláttur veittur af áhættunni ef ekið er án öryggisbelta innanbæjar.

> Samkvæmt könnunum Umferðarstofu er mun algengara að fólk noti öryggisbelti í dreifbýli en þéttbýli.

**Algengar ranghugmyndir**

Röksemdirnar fyrir því að nota ekki öryggisbelti hafa í fáum tilfellum eitthvað með skynsemi að gera. Hér eru dæmi um nokkrar algengar ranghugmyndir:

- „Ég er að fara svo stutt.“ Það kannast vel flestir ökumenn við þessa hugsun. Staðreyndin er hins vegar sú að flest umferðarslys eiga sér stað innan við 3 km frá upphafstað ökuferðar.
- „Ég fer svo hægt.“ Árið 2005 lenti 24 ára maður í árekstri við bíl sem kom úr gagnstæðri átt. Báðir bílarnir voru á innan við 50 km/hraða. Maðurinn, sem yfirleitt notar öryggisbelti, sleppti því í þetta skipti – hann var að fara svo stutt. Eftir áreksturinn var hann í lífshættu og í dag er hann 75% öryrki. Í hinum bílnum var hins vegar 20 ára kona sem slasaðist nánast ekkert. Bíllinn hennar var á innan við 50 km hraða og hún var í öryggisbelti. Þetta er aðeins eitt dæmi af fjöldamörgum sem vitna um nauðsyn þess að nota öryggisbelti.
- „Ég vil geta kastað mér út ef bíllinn steypist fram af veginum.“ Þessi röksemd stenst ekki nema ekið sé löturhægt. Ef bíll veltur niður fjallshlíð þá er í langflestum tilfellum betra að maður sé inni í honum í stað þess að kastast út með ógnarkrafti. Þeir kraftar valda í flestum tilfellum limlestingum, örkumli og dauða auk þess sem hætta er á að viðkomandi lendi undir bílnum.
- „Ég er miklu fljótari að koma mér út úr bílnum ef hann sekkur í sjó.“ Ef bíll steypist t.d. fram af bryggju og út í sjó og þeir sem í honum eru nota ekki öryggisbelti þá eru allar líkur á því að þeir rotist vegna höggsins sem verður við það að ökutækið skellur á haffletinum. Meðvitundarlaus mun viðkomandi síðan tapa dýrmætum tíma sem hægt væri að nota í að smella beltinu af sér og koma sér út.

Þeir einstaklingar sem verja ákvörðun sína um að nota ekki öryggisbelti með fyrrnefndum rökum hafa eflaust ekki kynnt sér rannsóknir á umferðarslysum. Rannsóknir sýna það og sanna að öryggisbeltin skipta sköpum.

# LAGERÚTSALA
# 15-70%
# AFSLÁTTUR



## AF **ÖLLUM** VÖRUM



Aðeins í **4 daga** frá fimmtudegi til sunnudags.
Lagersalan fer fram í **Casa** Skeifunni 8.

**Casa**

**Opið: Fimmtudag frá kl. 8 til 20 • Föstudag frá kl. 8 til 20 • Laugardag frá kl. 10 til 18 • Sunnudag frá kl.13 til18**

www.casa.is



*Okkar ástkæri*

**Stefán Þorkell Karlsson,**

Nýbýlavegi 78, Kópavogi,

lést á heimili sínu 2. júní sl. Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju þriðjudaginn 15. júní kl. 15.00.

**Þóra Vilhjálmsdóttir**
**Stefán Bjartur Stefánsson** **Bryndís Guðmundsdóttir**
**Helga Sonja Hafdísardóttir** **Ragnar Garðarsson**
**Ingibjörg Ósk Elíasdóttir** **Þórður Már Sigurðsson**
**Davíð Stefánsson** **Alma Ösp Árnadóttir**
**Stefanía Katrín Sól Stefánsdóttir**
**Júlíus Þór Halldórsson**
**Vilhjálmur Þór Þóruson**
**Jóna Karlsdóttir**
**Stefanía Karlsdóttir** **Jóhannes G. Pétursson**
**Guðbjörg Edda Karlsdóttir** **Gunnar Sigurðsson**
**Sólveig Gyða Guðmundsdóttir** **Gunnar Ólafsson**
**Stefanía Júlíusdóttir** **Vilhjálmur Þorsteinsson**
**og barnabörn.**



*Ástkær dóttir okkar, systir og barnabarn,*

**Sigrún Mjöll Jóhannesdóttir,**

sem lést fimmtudaginn 3. júní, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 11. júní klukkan 15.

**Jóhannes Kr. Kristjánsson** **Brynja Gísladóttir**
**Elma Helgadóttir** **Halldór Hilmir Helgason**
**Helga Egla Björnsdóttir**
**Gunnar Pálsson**
**Alexander Gunnarsson**
**Arnór F. Gunnarsson**
**Björn Aron Jóhannesson**
**Bríet Arna Jóhannesdóttir**
**Gísli Kristján Jóhannesson**
**Þórunn Kr. Bjarnadóttir** **Ingimundur Guðmundsson**
**Eydís Ólafsdóttir** **Bergur Thorberg**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og ástkær vinur,*

**Páll Gestsson**

skipstjóri frá Siglufirði,
Tjarnabóli 6, Seltjarnarnesi,

andaðist á Landspítalanum 7. júní.

**Anton Valur Pálsson**
**Rakel Guðný Pálsdóttir** **Gunnlaugur Ingimundarson**
**Svanbjörg Pálsdóttir** **Mia Bergström**
**Sjöfn Pálsdóttir** **Þórhallur Sigurðsson**
**Kristjana Pálsdóttir** **Andrés Bjarnason**
**Gestur Pálsson** **Linda Guðlaugsdóttir**
**Árni Valur Antonsson** **Marleen van Geest**
**Björg Finnbogadóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Liss Mudie Ólafsson,**

áður til heimilis að Suðurtúni 1, Keflavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Ólafur Einarsson** **Guðbjörg Halldórsdóttir**
**Maríanna Einarsdóttir** **Þorsteinn Marteinsson**
**Guðrún Einarsdóttir** **Einar Páll Svavarsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Eiríksson**

Vorsabæ

verður jarðsunginn frá Skálholtskirkju laugardaginn 12. júní kl. 11.00. Jarðsett verður í Ólafsvallakirkjugarði.

**Emelía Kristbjörnsdóttir**
**Valgerður Jónsdóttir**
**Eiríkur Jónsson** **Hulda Nóadóttir**
**Björn Jónsson** **Stefanía Sigurðardóttir**
**Ingveldur Jónsdóttir** **Guðmundur Ásmundsson**
**afa- og langafabörn**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar sambýliskonu minnar, systur, mágkonu og frænku,*

**Kristínar Maríu Bagguley,**

Rafnkelsstaðavegi 8, Garði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, fyrir sérstaklega góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Reidar Óskarsson,**
**ættingjar og vinir.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Þorleifur Þorláksson**

Langhúsum, Fljótum, Skagafirði,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar, Siglufirði 5. júní 2010. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju föstudaginn 11. júní kl. 13.30. Jarðsett verður að Barði í Fljótum. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Rakelar Pálmadóttur nr. 0310-13-703015 kt. 561179-0189.

**Sigurbjörn Þorleifsson** **Bryndís Alfreðsdóttir**
**Guðný Ó. Þorleifsdóttir** **Elías Æ. Þorvaldsson**
**Jóhanna Þorleifsdóttir** **Hallgrímur S. Vilhelmsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Ástkær sonur okkar,*

**Óskar Sigurður Þorsteinsson,**

Brekkum III, Mýrdal,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 7. júní 2010,

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Þorsteinn Einarsson** **Guðlaug Matthildur Guðlaugsdóttir**



*Systir mín,*

**Margrét Halldórsdóttir**

frá Skeggjastöðum, Flóa, Kleppsvegi 30,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 5. júní. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðmundur Helgi Halldórsson**

**JUDY GARLAND (1922-1969) FÆDDIST ÞENNAN DAG:**

*„Á bak við sérhvert ský er annað ský."*

***Bandaríska leik- og söngkonan Judy Garland er best þekkt fyrir lagið Over the Rainbow og leik sinn í kvikmyndinni Galdrakarlinum í Oz frá árinu 1939. Hún lést í London af of stórum skammti eiturlyfja aðeins 47 ára gömul.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**AFMÆLI** Gerður hlakkar mikið til boðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**GERÐUR KRISTNÝ:** ER FERTUG

# Dömuboð í dag

„Mér finnst alltaf gaman að eiga afmæli, ég er svo barnaleg," segir skáldið og rithöfundurinn Gerður Kristný Guðjónsdóttir, sem heldur upp á fertugsafmælið sitt í dag.

Stórafmælinu fagnar hún með dömuboði síðdegis fyrir um það bil fjörutíu vinkonur sínar og býður upp á tapas og ljúfar veigar. „Þegar ég var krakki gat ég sjaldnast haldið upp á afmælið mitt því þá voru vinkonur mínar alltaf farnar upp í sveit, til útlanda eða í sumarbúðir. Nú sýnist mér aftur á móti sem mætingin ætli að verða býsna góð svo ég hlakka mikið til," segir skáldið.

Sumarið, og raunar bróðurpart ársins, nýtir Gerður til að vinna að söngleik sem hún er að semja upp úr hinum vinsælu barnabókum sínum, Ballinu á Bessastöðum og Prinsessunni á Bessastöðum. Söngleikurinn nefnist Draugurinn á Bessastöðum og verður frumsýndur í Þjóðleikhúsinu í janúar í leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Baggalúturinn Bragi Valdimar Skúlason semur tónlistina. „Þessa dagana er ég því að semja söngtexta upp í kýr, landnámshænu og svo auðvitað forseta Íslands sem tekur líka lagið í sýningunni. Ég samdi mikið af vísum þegar ég var í menntaskóla og það er gaman að endurnýja kynnin af þeirri kúnst. Það er feikigaman að hafa verið sjanghæjuð inn í leikhúsið og fá að kynnast því á þennan hátt," segir Gerður.

Sumarið verður viðburðaríkt því í lok júlí fer hún til Visby á Gotlandi og dvelur þar í þrjár vikur við að ljúka við ljóðabókina Blóðhófni sem kemur út í haust. Fyrstu tveimur vikunum eyðir hún við skriftir í rithöfunda- og þýðingamiðstöð, en svo koma eiginmaður hennar og tveir synir í heimsókn. „Ég var í Visby fyrir þremur árum og þá skall á Miðaldavika, þegar fólk klæðir sig upp í búninga og ríður um götur með fána og vopn. Þá eru dansaðir miðaldadansar, keppt í burtreiðum, snædd heilsteikt svín og fleira. Þetta er hreinlega það fyndnasta sem ég hef séð. Þá hugsaði ég með mér að ég þyrfti að sýna strákunum þessa brjáluðu eyju og nú er sem sagt komið að því," segir Gerður. **kjartan@frettabladid.is**



## 90 ára afmæli

**Jónína Jónsdóttir frá Gemlufalli**

Í tilefni af 90 ára afmæli mínu væri mér það sönn ánægja að sjá vini og vandamenn í félagssal SH, Ásvallalaug, Ásvöllum 2, Hafnarfirði, föstudaginn 11. júní á milli kl. 17.00 til 19.00.



## 100 ára afmæli

**Páls Kristins Maríussonar**

Fæddur 10. júní 1910

Dáinn 3. september 1989



**GRILLAÐ HREFNUKJÖT** verður í boði fyrir framan ýmsar verslanir á höfuðborgarsvæðinu í sumar. Hrefnugrill var á hátíð hafsins við Reykjavíkurhöfn um helgina. Nánari á www.hrefna.is.




Skór & töskur í miklu úrvali

www.gabor.is

Sérverslun með Gabor xena

FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060

Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Eirberg

Heilsudýnan sem slegið hefur í gegn

Nálastungudýnan

- Dregur úr vöðvaspennu
- Höfuð- háls- og bakverkjum
- Er slakandi og bætir svefn
- Notkun 10-20 mínútur í senn
- Gefur þér aukna orku og vellíðan

Opið virka daga frá kl. 9 -18

Verð: 9.750 kr.

Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is

20% afsláttur af öllum buxum*

St. 36-52

Sparibuxur Kvartbuxur Vinnubuxur Gallabuxur Hörbuxur

*Enginn afsl. af Gino buxum

hjá Hrafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is




Sigrún Halla Unnarsdóttir er í bol af móður sinni. Hún segist stundum finna föt í fórum móður sinnar þrátt fyrir nokkurn stærðarmun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bleikhærðir í litlum bæ

**Sigrún Halla Unnarsdóttir klæðist oft litríkum fötum og lýsir stíl sínum sem gamaldags og „tjilluðum“. Hún segist geta verið alger lumma í marga daga og hugsi ekkert út í það hvað hún fari í á morgnana.**

„Ég er í síðu pilsi frá Rokki og rósum og í hvítum bol sem ég held að ég hafi fengið frá mömmu,“ segir Sigrún Halla Unnarsdóttir sem hefur stundað nám í fatahönnun síðustu fjögur árin í litlum bæ í Danmörku. Hún hefur reyndar verið við starfsnám á Íslandi síðasta árið. „Ég var fyrst hjá Emami, síðan hjá Ástu creative clothes og núna er ég að vinna við að gera brúðarföt, bæði á brúðguma og brúði.“

Sigrún Halla segist vera mjög ánægð með pilsið sem hún keypti sér fyrir stuttu. „Þetta er kjörið tækifæri til að nýta það,“ segir Sigrún Halla brosandi og bætir við hún falli oft fyrir gamaldags litum, brúnum og dempuðum. Hún segist versla mest í verslunum með notuð föt í Danmörku. „Það eru svo miklu fleiri hjálpræðishersbúðir úti í Danmörku. Þær eru algjör snilld. Ég er búin að versla svolítið mikið þar.“

Innt eftir því hvort Sigrún Halla sjái mun á tískunni á Íslandi og í Danmörku segir hún: „Ég bjó í litlum bæ úti á landi og var í skóla þar sem allir eru að læra fatahönnun og eru mjög flippaðir í fatavali. Miðað við að koma úr umhverfi þar sem allir eru brjálaðir með bleikt hár þá finnst mér Íslendingar svolítið einsleitir. Við fylgjum því sem er í tísku og því sem er að koma í tísku. Við erum alveg með það á hreinu, en samt væri gaman ef fólk væri aðeins flippaðra.“

En lumar Sigrún Halla á góðu tískuráði? „Að vera samkvæmur sjálfum sér. Maður sér það á fólki þegar það er samkvæmt sjálfu sér og skynjar þegar fólk klæðir sig í það sem því líður vel í. Þá skiptir kannski ekki máli hvort það sé í 57 litum eða bara svartklætt. Ef fólki líður vel eins og það er þá finnst mér það smart.“ *martaf@frettabladid.is*


SUMAR ÚTSALA

Svefn & heilsa ★★★★★

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

Gerið gæða- og verðsamanburð

www.svefn.is



NÝTT

BOAS

Leður hægindasófi 3 sæta 149.900

Svefnsófi 149.900

20-50% AFSLÁTTUR

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.



NÝTT

BOAS

Leður hægindastóll 79.900

Nokkrir litir

Lyftu hægindastóll 129.900

GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.

Gerið gæða- og verðsamanburð

# MATUR

**GRÆNMETI OG ÁVEXTIR** geta dregið úr líkunum á ýmsum langvinnum sjúkdómum, þar á meðal hjarta- og æðasjúkdómum, sykursýki af gerð tvö og offitu. Segja mætti að neysla ávaxta og grænmetis vinni óbeint gegn krabbameini.









A Grænni Grein

Við blásum til afmælisveislu föstudaginn 11.júní.

Lítill skammtur með tveim grænmetisréttum á 850.kr

Afmæliskaka fyrir alla og andlitsmálning fyrir börnin.

2 fyrir 1 af rétti dagsins alla daga eftir klukkan 15:00.

Opið virka daga frá kl 11–19.15
Bláu húsunum Faxafeni
agreannigrein.is


## Ljónslappi í tebollann

**Margar íslenskar jurtir má nota í te eða aðra matreiðslu og hæg heimatökin að tína knippi í bolla.**

Ljónslappa er gott að nota í te en hann er talinn hafa, styrkjandi og græðandi áhrif. Ljónslappate er gjarnan drukkið við hálsbólgu og hæsi og eins er jurtin sögð hafa róandi áhrif á meltinguna.

Ljónslappann skal tína í blóma eða rétt eftir blómgun, í júní og júlí. Hann er að finna um allt land á melum og í skriðum. Best er að tína jurtir í þurrki fyrrihluta dags og tína ekki í vegköntum þar sem vegaryk og útblástur bíla geta mengað plöntuna. Ljónslappann skal skera rétt fyrir ofan rót og þurrka strax. *- rat*



Ljónslappa má fara að tína í júní og júlí.



Rabarbari er hollt og gott sælgæti sem gaman er að gera tilraunir með. NORDICPHOTOS/GETTY


AL-AMIR
RESTAURANT
TILBOÐ 1 1.190 kr.
Shawarma og gos í dós.
Bæjarhrauni 4 • Hafnarfirði • S: 555-4885


## Ný rabarbarasulta

**Nú er rétti tíminn til að taka upp rabarbarann í garðinum og útbúa dýrindis rabarbarasultu og gómsætar rabarbarakökur eða eftirrétti.**

Í matjurtagörðum má nú sjá fullsprottinn rabarbara sem bíður þess að vera nýttur til matargerðar. Rabarbari er af súruætt, eins og hundasúra og túnsúra, og stöngullinn rauðleitur, stökkur og getur orðið jafn gildur og barnshandleggur. Blaðið upp af stilknum er mikið um sig og minnir á grófgerða blöðku.

Stilkur rabarbarans er vinsæll til sultugerðar, í rabarbarabökur, rabarbaragrauta og súpur og einnig til saft- og víngerðar. Neðsti hlutinn er hvítur og oft soðinn niður, en sá hluti rabarbarans nefnist rabarbarapera vegna sköpulags síns sem minnir á flysjaða peru.

Í stilk rabarbarans er talsvert magn oxalsýru sem gerir hann súran, en í miklum styrk getur oxalsýra haft óæskileg áhrif á nýrnastarfsemi og því ætti ekki að neyta hans í of miklum mæli, auk þess sem mikil neysla rabarbara getur einnig eytt glerungi tanna.

Því er um að gera að njóta hans í hófi og gera sér glaðan dag úr dásemdum hans í matargerð.

### RABARBARASULTA

**Rabarbarasulta er ljúffeng sem meðlæti með kjöti, dásamleg ofan á ristað brauð með smjöri og lostæti í kökum, eins og hjónabandssælu, og ofan á vöfflur með rjóma.**

1 kg rabarbari, hreinsaður og skorinn í litla bita
800 g sykur

*Setjið rabarbara í pott með sykri og kveikið undir. Hitið rólega og látið malla við vægan hita þar til rabarbarinn er allur kominn í mauk og maukið farið að þykkna. Hrærið reglulega í pottinum, einkum þegar líður á suðutímann. Setjið sultuna í heitar, dauðhreinsaðar krukkur og lokið vel.*




SUMAR SUMAR
SU-HUMARSALAT
hvítlauksmarineraður humar, salatblanda, hvítlauksristaðir tómatar, shiraz salat og lárperumauk

Þurfum við að segja meira?!?



SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP
SAFFRAN.IS
PANTANIR Í SÍMA 5787874


## Íslenskt og franskt

**Veitingastaðurinn Faktorshúsið í Hæstakaupstað á Ísafirði hefur verið opnaður eftir langan dvala.**

Faktorshúsið verður opið frá klukkan 11.30 á morgnana til 23.00 á kvöldin. Þar er hægt að fá sér súpu dagsins sem er elduð frá grunni eða velja sér smárétti af matseðli. Einnig eru ísréttir, kaffi og meðlæti í boði. Eftir klukkan 18 tekur við kvöldverðarmatseðill sem inniheldur meðal annars vestfirskan fisk.

„Hér eru þrír kokkar til skiptis og einn þeirra franskur. Eldamennskan ber keim af því. Við erum með hangikjöt, plokkfisk og fleira íslenskt góðmeti en líka íslenskt hráefni eldað með frönskum hætti," segir vertinn Arndís Dögg Jónsdóttir og er bjartsýn á reksturinn.

Faktorshúsið er með elstu byggingum á landinu, það var reist árið 1788 af Björgvinjarkaupmönnum. *- gun*



Hangikjöt er framreitt með hefðbundnum hætti í Faktorshúsinu í Hæstakaupstað. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLDUNDUR


Fyrir svanga er gott að fylla pítu með vænu hakkbuffi og avókadói.


Píta með skinku, sinnepi og káli. NORDICPHOTOS/GETTY

# Pítur í sumarbúningi

**Pítur getur verið gaman að prófa sig áfram með – fylla þær með góðu salati, kjúklingi og fiski, í alls kyns marineringum, eða koma einföldu samlokuáleggi fyrir í brauðinu. Ekki síst eru þær tilvaldar í sumarferðalögin.**

Tilbúin pítubrauð, sem keypt eru í næstu matvöruverslun, geymast vel og því handhægt að eiga alltaf pítubrauð uppi í skáp, sem er þá jafnt hægt að fylla með afgöngum eða nýrri matreiðslu. Eftirtaldar uppskriftir að pítufyllingum eiga það allar sameiginlegt að vera mjög einfaldar en eru um leið ólíkar. Þeir sem vilja gera allt sjálfir geta auðveldlega bakað pítubrauð. *juliam@frettabladid.is*


Sjávarréttir koma vel út í pítubrauði. Þessi er fyllt með ólívum og krabbakjöti.

## SUMARPÍTUR

í þremur útfærslum



### PÍTUBRAUÐ

8 stykki
25 g pressuger
1,8 dl volgt vatn
1 msk. olía
1/2 tsk. salt
5 dl hveiti
3 msk. hrein jógúrt

*Leysið gerið upp í vatninu. Blandið öllu saman í skál og hnoðið vel. Látið deigið lyfta sér í 30 mínútur og skiptið því loks í átta jafnstóra hluta. Búið til bollur, fletjið þær út og bakið við 200° celcíus í 10 mínútur.*

### MATARMIKIL PÍTA FERÐALANGSINS

Fylling í eina pítu
5 skinkusneiðar, upprúllaðar
2-3 væn blöð af lambhagasalati
1/2 tómatur, niðurskorinn
1 msk. sinnep
1 msk. smurostur



*Smyrjið píturnar að innan með smurosti og sinnepi. Setjið kálið inn í og tómatinn og stingið svo upprúlluðum skinkusneiðunum á milli kálblaðanna.*

### PÍTA MEÐ ÓLÍFUM OG KRABBAKJÖTI

Fylling í eina pítu
1/2 bolli krabbakjöt
safi úr 1/2 sítrónu
2-3 blöð af lambhagasalati
1/4 bolli svartar ólífur, smátt skornar
1 msk. ólífuolía
sjávarsalt

*Leggið krabbakjötið í skál og hellið sítrónusafanum og ólífuolíunni yfir. Látið liggja í skálinni í hálftíma. Setjið örlítið sjávarsalt yfir. Setjið kál inn í pítuna, svartar ólífur og loks krabbakjötið.*

### PÍTA MEÐ AVÓKADÓ OG HAKKBUFFI

Fylling í eina pítu
150 g nautahakk
1 egg
1/4 laukur, smátt skorinn
1/4 avókadó, skorið í sneiðar
1/4 lítil dós gular baunir
1/4 tómatur, mjög smátt skorinn
1 msk. ferskar kryddjurtir að eigin vali
1 tsk. olía til steikingar
salt og pipar eftir smekk

*Blandið hakki, eggi og lauk saman og mótið í lítil buff. Piprið, saltið og steikið á hvorri hlið í nokkrar mínútur. Blandið saman gulum baunum, tómat og kóríander og hellið blöndunni í pítubrauðið. Setjið loks avókadó í sneiðum og hakkbuffið inn í.*






**VINSÆLUSTU LITIR SUMARSINS** eru hvítur, rauðbleikur, neon-grænn, piparmintulitaður, purpurarauður, fjólublár, ljósblár, öskugrár, grár, brúnn og tóbaksbrúnn.








# Armbönd sem gefa orku

**Miklar vangaveltur liggja að baki armböndum Hildar Hafstein sem eru búin orkusteinum og sögð uppbyggjandi fyrir líkama og sál. Hún gerir dömu- og barnabönd en sér jafnvel fyrir sér heila fylgihlutalínu.**

Textílhönnuðurinn Hildur Hafstein hefur sett á markað vina- eða orkubönd undir nafninu Kora en þau eiga rætur sínar að rekja til andlega orkuheimsins og eru innblásin af búddískri trúarbragðafræði með skírskotun í málbönd, bænabönd og hippamenningu.

Hvert armband er einstakt en Hildur notar orkusteina, endurunnið gamalt skart , skrautsteina, við og silfur í armböndin. Hún segir þau búa yfir mismunandi orku og að þau séu öll uppbyggjandi fyrir líkama og sál. „Enn sem komið er er ég með dömu- og barnalínu en sé jafnvel fyrir mér heila fylgihlutalínu þegar fram líða stundir.“ Hildur segir armböndin tilvalin í tækifærisgjafir en þau koma í gjafapoka með upplýsingum um orkuna sem þau búa yfir. Hún segir barnaböndin tilvalin í skírnargjafir og tekur gjarnan við sérpöntunum og setur mánaðarstein barnsins í armbandið. „Eins tek ég við gömlu skarti frá viðskiptavinum mínum og vinn upp úr því.“



Dömuarmband úr Onyx með rauðum kóral. Onyx eykur meðal annars sveigjanleika og stöðugleika. Kórallinn veitir meðal annars vernd.

Hildur hefur nýverið lokið prismanámi á vegum Bifrastar og Listaháskóla Íslands þar sem áhersla er lögð á skapandi fræði, heimspeki og listfræði. „Ég hef lengi haft áhuga á andlegum málefnum, trúarbragðafræði og sjálfshjálp sem tendraðist enn á ný í náminu og endurspeglast í armböndunum.“

Enn sem komið er fást armböndin í vefversluninni www.uma.is og í 38 þrepum en hluti söluandvirðis rennur til uppbyggingar heimilis og skóla fyrir munaðarlaus börn í Togo.

*vera@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hildur Hafstein hefur sett á markað vina- eða orkubönd.

























# LÍFRÆNN LÍFSSTÍLL

## SÓLSTÖÐUR 2010

**Garðyrkjubændur í Laugarási, Háskólafélag Suðurlands, Hótel Geysir og fleiri aðilar efna til námskeiðs- og samveruhelgar að Hótel Geysi 18.-20. júní nk. Í boði er einstök upplifun og fróðleikur um heilsu, hollustu og umhverfi að ógleymdum frábærum mat úr lífrænu hráefni. Á dagskránni eru erindi um lífrænan lífsstíl, lífræna heimilisgarðrækt, Slow Food hugmyndafræðina,hráfæði,grasnytjar og fleira.**



**SAMVERA • FRÆÐSLA • SKEMMTUN • FYRIRLESTRAR • VEITINGAR • GISTING**


























**● EIGIÐ PESTÓ** Ef þú átt lífrænar basilplöntur frá Engi þá getur þú búið til þitt eigið græna pestó. Munurinn á því og verksmiðjuframleiddu pestói er gríðarlegur. Til eru margar uppskriftir að pestói en uppistaðan er basilplantan. Innihaldið er yfirleitt það sama, lúka eða tvær af basilblöðum, 100-150 g af furuhnetum, nokkrir hvítlauksgeirar, 50-100 g af rifnum parmesanosti, 1-3 dl extra virgin ólívuolía af hæsta gæðaflokki, salt og pipar að smekk. Þurrefni og grænmeti er maukað í matvinnsluvél og olíu bætt við á hægum hraða. Sumir skipta hluta af basili út á móti steinselju sem Engi framleiðir einnig.



**● VESTFIRSKUR SMYRSLAKRAFTUR** Smyrslin frá Villimey eru gerð úr völdum villtum jurtum sem vaxa í næringarríkum jarðvegi, fá hreint loft og tært vatn, þannig að bestu eiginleikar og einstök virkni jurtanna nýtist til fullnustu. Uppskriftirnar eru þróaðar af Aðalbjörgu Þorsteinsdóttur. Smyrslin eru 100 prósent náttúruleg, unnin úr íslenskum jurtum sem eru handtíndar á Vestfjörðum þegar virkni þeirra er hvað mest. Smyrslin eru án rotvarna-, ilm- og litarefna og lífrænt vottuð frá Vottunarstofunni Túni. Smyrslin eru seld í mörgum apótekum, heilsubúðum t.d. hjá Græna hlekknum að Nethyl 2c og á Netinu. Sjá nánar sölustaði og upplýsingar á vefnum villimey.is.






**● LÍFRÆN LÉTTVÍN** Lífrænum valkostum í léttvínum fjölgar. Þau eru framleidd úr lífrænum þrúgum þar sem aðeins eru notaðar náttúrulegar varnir og áburður eins og í annarri lífrænni ræktun. ÁTVR býður upp á 34 tegundir af lífrænum léttvínum frá tæplega 1.600 krónum upp í rúmlega 10.000 krónur. Vínin eru gerð úr ýmsum þrúgum. Chardonnay er algengt í hvítvíni og Cabernet Sauvignon í rauðvíni. Fleiri gerðir eru í boði. Sjá vinbudin.is.

**● VILTU RÆKTA LÍFRÆNT?** Í garðyrkjuverslunum má víða fá lífrænan áburð til að setja í matjurtagarðinn. Best er að huga að áburði frá upphafi, til dæmis að tæta hrossaskít eða annan búfjáráburð saman við moldina áður en plantað er út. Hrossaskítur vill þó bera með sér illgresisfræ ef hann hefur staðið úti lengi. Síðan má nota sveppamold og kjúklingaskít (gerilsneyddan) til að uppfylla viðbótaráburðarþörf plantnanna yfir sumarið. Starfsmenn garðyrkjuverslana geta veitt frekari svör. Áhugasömum er einnig bent á að margir bjóða upp á námskeið í matjurtaræktun, þar á meðal lífræna ræktun.








Þau stuðla öll að heilbrigðum lífsstíl. Frá vinstri: Sigrún Reynisdóttir og Ingólfur Guðnason á Engi, því næst Bjarki Hilmarsson, matreiðslumeistari á Hótel Geysi, og Þórður Halldórsson á Akri. Aftan við þá standa Karólína Gunnarsdóttir á Akri og Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi í uppsveitum Árnessýslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lífrænn lífsstíll í sókn

**Garðyrkjubændur í Laugarási, Háskólafélag Suðurlands, Hótel Geysir og fleiri aðilar gangast fyrir námskeiðs- og samveruhelgi að Hótel Geysi 18.-20. júní næstkomandi. Við tókum tvo helstu forsprakka viðburðarins tali, þá Ingólf Guðnason, garðyrkjubónda á Engi, og Þórð G. Halldórsson á Akri.**



Hollusta og matur úr lífrænu hráefni verður til umfjöllunar á Hótel Geysi 18.-20. júní.

„Við hugsum okkur þetta sem samveru og fræðslu um lífrænan lífsstíl," segja þeir félagar. „Við höfum skynjað að fólk er meira og meira að endurskoða sína lífshætti, vill heilbrigðari lífsstíl og meiri meðvitund um umhverfið í kringum sig og hvernig við förum með það. Um þessa helgi, 18.-20. júní, verður í boði á Hótel Geysi alveg einstök upplifun og fróðleikur um heilsu, hollust og umhverfi að ógleymdum frábærum mat úr lífrænu hráefni.

Á dagskránni eru erindi um lífrænan lífsstíl og lífræna heimilisgarðrækt sem Gunnþór K. Guðfinnson og Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingar sjá um. Dominique P. Jónsson frá Slow Food-samtökunum kynnir þá einstöku hugmyndafræði, Solla í Gló, áður Grænum kosti, talar um hráfæði og Kristbjörg E. Kristmundsdóttir fjallar um grasnytjar fyrir líkama og sál. „Umhverfið á Hótel Geysi er einstaklega kraftmikið og hentar þeim vel sem vilja hlaða batteríin og forvitnast um hollustu og heilbrigði," segja þeir Ingólfur og Þórður.

Garðyrkjustöðvarnar Akur og Engi bjóða enn fremur gesti velkomna til sín á lífrænan sveitamarkað í Laugarási í Biskupstungum með opnun 20. júní næstkomandi. Þar verða til sölu vottaðar lífrænar garðyrkjuafurðir frá þeim og fleiri framleiðendum. Markaðurinn verður opinn frá fimmtudegi til mánudags í viku hverri frá klukkan 13 til 18.

# Ferskt grænmeti í áskrift

Er hægt að vera áskrifandi að grænmeti? Greinilega, því Þórður og Karólína, garðyrkjubændur á Akri í Biskupstungum, hafa boðið upp á þessa þjónustu um nokkurt skeið.

„Lífrænt á Netinu er valkostur fyrir neytendur sem vilja fá lífrænar afurðir beint frá framleiðendum. Fólki gefst kostur á að panta vikulega, eða sjaldnar eftir eigin óskum, samkvæmt vörulista hverju sinni," segir Þórður sem rekur dreifingarfyrirtækið Græna hlekkinn, graenihlekkurinn.is, ásamt Köllu.



Sífellt fleiri panta sér lífrænar afurðir á Netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Græni hlekkurinn og Olís eru í samstarfi um afhendingu pantana. Um er að ræða Uppgripsverslanir á Selfossi og á höfuðborgarsvæðinu. „Pöntunartímabil er frá þriðjudegi til hádegis á mánudag og pantanir afgreiddar á miðvikudögum og fimmtudögum þar á eftir."

Skyldi þetta vera vinsælt? „Klárlega, eftirspurnin eykst stöðugt. Neytandinn kann að meta að fá úrval lífrænna afurða, ekki bara það sem Akur framleiðir, heldur líka lífræna ávexti, mjólkurvörur, kornvörur og fleira. Landsbyggðin fær vörurnar sendar með vöruflutningabíl. Við erum greinilega að uppfylla þörf á markaði," segir Þórður.

**Útgefandi:** Háskólafélag Suðurlands ehf. | **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Sveinn Aðalsteinsson | **Heimilisfang:** Tryggvagötu 36, 800 Selfoss| **Vefsíða:** www.www.hfsu.is.is | **Sími:** 525 5461, 698 9644 | **Tölvupóstfang:** hfsu@hfsu.is, sveinn@primordia.is



Hraðbraut er 7 ára!

# Ert þú á leið í framhaldsskóla?

Samkvæmt viðhorfskönnun sem gerð var meðal grunnnema í Háskóla Íslands í apríl telja 82,4% úr þeim hópi frá Hraðbraut að nám þeirra í framhaldsskóla hafi verið góður undirbúningur undir nám í háskóla. Aðeins hjá nemendahópi fjögurra annarra framhaldsskóla, MR, MA, MH og Verzló, var þetta hlutfall yfir 80%.

Lengri starfsævi og hærri ævitekjur!

Nú hefur verið opnað fyrir nýjar umsóknir í framhaldsskóla í gegnum menntagatt.is. Þeir sem vilja sækja um í framhaldsskóla eða breyta fyrri umsókn sinni geta gert það fram til 11. júní.

Styttri námstími er ávinningur fyrir nemendur og þjóðina!

## Vilt þú koma í skóla sem veitir góðan undirbúning undir háskólanám?

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT | TVEIMUR ÁRUM ÁUNDAN

Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 565-9500
Fax: 565-9501
Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is



„Í uppsveitum vinna menn vel saman í ferðaþjónustu," segir Ásborg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kröftug ferðaþjónusta

„Fólk hefur vaxandi áhuga á menningu og sögu svæðisins og ferðaþjónustuaðilar koma til móts við það með því að tengja sérstöðuna á hverjum stað, sögu og menningu, við þjónustuna. Í uppsveitunum vinna menn vel saman í ferðaþjónustu enda löng hefð fyrir samstarfi. Við höfum sem betur fer sloppið við öskufall," segir Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu.

„Margar þekktustu náttúruperlur landsins og sögustaðir eru í uppsveitunum og fjölbreytt afþreying er einnig í boði. Matur úr heimabyggð er vinsæll. Heimsóknir í garðyrkjustöðvar og sveitabæi eru í boði, fjölbreytt afþreying, gönguferðir með leiðsögn, menningarviðburðir og óvissuferðir. Jarðhitinn er hluti af sérstöðu svæðisins, heitir hverir, sundlaugar, heitir pottar og gróðurhús. Þótt svæðið sé gamalgróið ferðamannasvæði þá er það síungt enda koma fram nýir aðilar með ferskar hugmyndir á hverju ári. Þess vegna er auðvelt að koma aftur og aftur og upplifa alltaf eitthvað nýtt. Hver árstíð hefur einnig sinn sjarma," segir Ásborg. Sjá sveitir.is.



Á lífrænu garðyrkjustöðinni Engi nota Sigrún og Ingólfur náttúrulegan áburð á sínar plöntur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Með notkun lífræns áburðar verður uppskeran minni en útkoman mun betri.



Á Akri stefna menn að lífrænni ræktun allt árið um kring.

# Hvað er lífræn ræktun?

**Lífrænar afurðir eru í sókn á mörkuðum hérlendis. Við spurðum þá félaga í Laugarási, Ingólf á Engi og Þórð á Akri, hvað fælist í lífrænni ræktun.**

Þegar talað er um lífrænar afurðir er átt við afurðir sem ræktaðar hafa verið á lífrænan hátt. Í stuttu og einfölduðu máli þá snýst lífræn ræktun um frjósemi jarðvegs og hvernig má auka hana með náttúrulegum hætti. Í þeim tilgangi er skiptirræktun afar nauðsynleg og einnig notkun náttúrulegra hráefna til að næra og styrkja plönturnar.

Þórður á Akri segir að náttúrulegur áburður sé veigamesti þátturinn í lífrænni ræktun. „Í gróðurhúsaræktun þarf áburður að skila mjög miklu til að uppfylla þarfir plöntunnar. Við notum aðallega rotmassa frá Flúðasveppum sem er hagkvæmur og ber algjörlega af sem áburður. Hann er blandaður með hálmi og hænsnaskít sem er bætandi og léttur fyrir jarðveginn."

Á lífrænu garðyrkjustöðinni Engi nota þau Ingólfur og Sigrún ýmsan náttúrulegan áburð á sínar plöntur eins og þangmjöl, fiskimjöl og dauðhreinsaðan hænsnaskít. „Auðvitað er þetta vandasamara en að nota tilbúinn áburð og við höfum gert margar tilraunir með ýmsan lífrænan áburð," segir Ingólfur. „Uppskeran verður minni en í hefðbundinni ræktun en í staðinn fáum við aukin bragðgæði og hollar plöntur. En við finnum að við eigum meiri hljómgrunn með okkar vörur í dag, fólk vill sjá sjálfbærni og hollustu."

„Á Akri erum við meir og meir að fikra okkur yfir í ræktun allt árið.



Það er langur og strangur ferill þar sem að mörgu er að hyggja. Góð reynsla er þegar komin á heilsársræktun í hefðbundinni ræktun en þar sem aðstæður í lífrænni ræktun eru allt aðrar þá þarf að huga vel að viðbrögðum plantnanna. Einnig þarf að huga að því að hvíla jarðveginn og svo þarf að þrífa og hreinsa út úr húsunum á milli holla," segir Þórður.

Í þessari búgrein eru ekki notuð eiturefni til að halda sníkjudýrum í skefjum heldur er farið mun náttúrulegri leið. „Í byrjun reyndum við að losna við óværuna með því að sprauta á hana sápuvatni en núna er öðrum sníkjudýrum hleypt á hana. Við höldum sníkjudýrunum ávallt í réttu jafnvægi. Þegar ein tegund fjölgar sér of ört er öðru sníkjudýri bætt við sem heldur hinu í skefjum. Það er mikil þróun í sníkjudýrum og við höfum séð miklar breytingar gegnum árin. "

Hunangsflugur sveima milli plantna á Akri og segir Þórður að þær séu hollenskar og keyptar sérstaklega til að frjóvga plönturnar. „Þær eru miklu flinkari í þessu en við og fara betur með plönturnar."

**● LAUGARÁS – MIÐSTÖÐ LÍFRÆNNAR RÆKTUNAR**

Um 100 íbúa þéttbýli er í Laugarási. Laugarás hefur smám saman unnið sér nafn sem miðstöð lífrænnar garðyrkju en þar eru lífrænu garðyrkjustöðvarnar Engi og Akur auk fjölda annarra garðyrkjustöðva. Í Laugarási er náttúrulegur jarðhiti og góð þjónusta við ferðamenn. Þar er vel skipulagt tjaldsvæði og húsdýragarðurinn Slakki. Í Laugarási er læknasetur uppsveitanna. Fjölmargir áhugaverðir staðir eru í nágrenni Laugaráss og má nefna hið forna biskupssetur Skálholt, einn af merkustu sögustöðum landsins. Þar sátu biskupar frá 1056 til 1803 og þar er skóli, sem nú er nýttur til námskeiðahalds.



Landsins mesta úrval af
lífrænu íslensku grænmeti



Verið velkomin í glæsilega verslun okkar á Rauðarárstíg þar sem þú færð allar tegundir af lífrænu grænmeti sem ræktaðar eru á Íslandi. Í verslun okkar reynum við að skapa viðskiptavinum okkar vinalegt og hlýlegt umhverfi til að nálgast heilnæmar og lífrænar vörur, umhverfi fyrir alla þá sem láta sér annt um heilsuna og gera kröfur um gæði og hreinleika og þá sem vilja taka fyrstu skrefin í átt að heilbrigðari lífsstíl.

Yggdrasill - náttúruleg heilsuverslun.

Yggdrasill

Rauðarárstíg 10 · 105 Reykjavík · sími 562 4082 · yggdrasill.is



„Við erum afskaplega vel sett með aðgang að góðu og spennandi hráefni,“ segir Bjarki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kraftmiðstöð á Suðurlandi

**Hótel Geysir tekur árlega á móti miklum fjölda ferðamanna meðal annars í hádegisverð og aðrar veitingar.**

Maturinn á Hótel Geysi er kapítuli út af fyrir sig og þar fer Bjarki Hilmarsson yfirmatreiðslumeistari fyrir vösku liði sem töfrar fram dýrindis máltíðir. Við spurðum Bjarka nánar um matinn.

„Við höfum lagt áherslu á að bjóða spennandi og gómsæta rétti og helst með skírskotun eða byggða á hráefni úr héraðinu. Suðurland er matarkista, allt þetta frábæra grænmeti, kjöt og fiskur, bæði úr sjó og vötnum, þannig að við erum afskaplega vel sett með aðgang að góðu og spennandi hráefni,“ segir Bjarki. „Við höfum verið að þróa valkosti í lífrænum réttum og reiknum með að bjóða upp á nokkra lífræna rétti á matseðlinum í sumar. Við finnum klárlega fyrir auknum áhuga á lífrænum afurðum og því erum við mjög ánægð með að geta boðið gestum okkar upp á lífrænan kost.“ Fyrir utan lífræna rétti er fjölbreytt úrval kjöt- og fiskrétta í boði.

Á Hótel Geysi eru 24 vistleg og notaleg herbergi með baði sem eru tvö og tvö í smáhýsum á lóð hótelsins. „Sundlaugin okkar er mjög vinsæl en hún er með hveravatni sem er ákaflega notalegt að synda eða busla í,“ segir Bjarki. Við laugina er góð búningsaðstaða.

# Garðyrkjustöðin Akur

Þórður G. Halldórsson og kona hans, Karólína Gunnarsdóttir, eiga Garðyrkjustöðina Akur í Laugarási í Biskupstungum og rækta þar lífrænt vottað grænmeti.

Þórður segir að þau hafi séð miklar breytingar á viðhorfi fólks á þessum tíma. „Í byrjun seldum við í fáeinar heilsubúðir. Í dag er þessi vara komin í flesta stórmarkaði og verslanir um allt land. Sérstimpillinn er horfinn og þetta er komið til að vera.“

Á Akri eru ræktaðir tómatar, gúrkur, paprikur með meiru á 2.200 fermetrum en þau hjón hafa varla undan að framleiða fyrir vaxandi markað. Undanfarin ár hafa auk þess verið framleiddar mjólkursýrðar afurðir úr lífrænt ræktuðu hráefni auk annarra fullunninna afurða eins og chilimauk, eplamauk og fleira.

„Í dag er þetta ekki lengur einhver sérhópur, nú er það hinn almenni neytandi sem velur lífrænt.“ Öll markaðssetning og dreifing er á eigin vegum undir nafninu Græni hlekkurinn. „Tryggasti markaðurinn er heilsu- og sérvöruverslanir, einstaka verslanir og veitingahús. Stórmarkaðir hafa æ meira verið að opna sig fyrir lífrænum afurðum og aukið þar með aðgengi hins almenna neytanda. Einnig erum við með áskriftarsölu, „Grænmeti í áskrift“ í samvinnu við OLÍS og nýtur það fyrirkomulag síaukinnar vinsælda.

Fyrir þremur árum opnuðum við verslun og bændamarkað í Nethyl í Reykjavík og þar getur fólk fengið það sem er í boði í netversluninni og meira til. Það er greinileg hugarfarsbreyting hjá fólki. Nú horfir fólk meira inn á við en áður og hugsar um sjálfbærni og umhverfisvernd. Það skilar sér svo áfram í auknum áhuga fyrir lífrænum afurðum og gæðavörum.“

Garðyrkjustöðin Akur býður gesti velkomna í sumar og þar má kaupa grænmeti og maukið vinsæla. Nánari upplýsingar á www.graenihlekkurinn.is



Þórðurson segir almenning jákvæðan í garð lífrænna afurða.



Ingólfur og Sigrún stofnuðu Garðyrkjustöðina Engi árið 1985. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ævintýraheimur í Engi

Garðyrkjustöðin Engi var stofnuð af hjónunum Sigrúnu Reynisdóttur og Ingólfi Guðnasyni árið 1985 í Laugarási í Biskupstungum. Stöðin hefur getið sér gott orð fyrir lífrænar kryddjurtir sem má fá í flestum stórmörkuðum en færri vita að á Engi er mjög fjölbreytt ræktun á ýmsum tegundum – reyndar heill ævintýraheimur!

Nú eru framleiddar lífrænt ræktaðar kryddjurtir í um 1.300 fermetrum undir gleri en auk þess í plasthúsum, vermireitum og í garðlöndum yfir sumartímann. Öll framleiðsla á Engi er lífrænt vottuð af Vottunarstofunni Túni.

„Nú er mest áhersla lögð á grænmeti í gróðurhúsum og einnig útiræktun grænmetis. Við erum að rækta á milli 40-50 tegundir, sem verða seldar á lífræna grænmetismarkaðinum á Engi nú í sumar. Þar verða einnig seldar lífrænt vottaðar vörur frá öðrum framleiðendum.

Við höfum einnig gert tilraunir með nýjar grænmetistegundir, til dæmis asískar tegundir eins og pak-choi og mizuna-salat. Lífræni markaðurinn var opinn um helgar síðastliðið sumar og komu mörg þúsund gestir til að skoða hann. Við aukum opnunartímann í sumar og höfum opið frá 20. júní til loka ágústmánaðar, fimmtudaga til mánudaga í hverri viku frá 13 til 18,“ segir Ingólfur.

Gestir geta skoða völundarhúsið á Engi, sem er gert úr íslensku gulvíði, 1.000 fermetrar að flatarmáli, og er þrautin fólgin í að finna leið inn að miðju garðsins og út aftur.

Í söluskálanum er boðið upp á jurtate og hægt er að skoða eplaog kirsuberjaræktun. Mikill trjágróður einkennir stöðina og gefur gott skjól fyrir gesti. Krydd- og ilmjurtagarður er við hlið söluskálans og eru tegundirnar merktar.


Maður lifandi...
líttu þér nær
á næstu grösum
er grænn kostur fyrir þig

Bændur í bænum
Lífrænn ferskvörumarkaður
og netverslun
Grænmeti - Ávextir - Mjólkurvörur




graenihlekkurinn.is - Nethyl 2c
Opið alla virka daga milli 12 - 18




Gisting í friðsælu umhverfi á einum fallegasta stað á Snæfellsnesi

- Frábær staðsetning "Undir Jökli " en bandaríska tímaritið New York Magazine valdi JÖKULINN nr. 1 á lista yfir staði sem fólk VERÐUR að heimsækja
- Tveggja manna herbergi með sér baðherbergi (wc/sturta) og sjónvarpi með BBC, Euro News og fleiri stöðvum – Reyklaust umhverfi innandyra.
- Góður matsalur - Íslensk matargerð með alþjóðlegu ívafi. Á morgunverðarborðinu er að finna ýmislegt sem er lífrænt ræktað og vottað.
- Heimilisleg setustofa með sjónvarpi - Sólpallar með sjávarútsýni og útsýni á Jökulinn
- Lífrænt ræktuð léttvín – Bjór - Koníak eða líkjör með kaffinu
- Góðar gönguleiðir í allar áttir – Ótal aðrir afþreyingarmöguleikar.
- Gestastofa Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls er í næsta húsi við hótelið - stutt er í þjóðgarðinn sjálfan og til allra helstu ferðamannastaða á Snæfellsnesi.
- Háhyrningar sjást oft undan landi á Hellnum – Stutt til Ólafsvíkur í hvalaskoðunarferðir

Hótel Hellnar • Hellnum • 356 Snæfellsbær • Sími: 435 6820

# Vinnur bug á vandamálum

Sólveig Eiríksdóttir, Solla í Gló (áður Grænum kosti), heldur erindi um hráfæði á námskeiðshelginni 19. júní á Hótel Geysi. Hvað er hráfæði? „Hráfæði er aðferð til að matreiða grænmeti og ávexti, hnetur og fræ, þara og spírur á fjölbreyttan hátt. Hráefnið er ekki hitað upp fyrir 47°C svo að ensím í matvælunum skemmist sem minnst. Hráfæði inniheldur engan mjólkurmat, unninn mat eða sælgæti,“ segir Solla. „Fyrst og fremst er hugað að fjölbreytni í samsetningu og þar er ímyndunaraflinu gefinn laus taumur,“ heldur hún áfram.

„Hundruð þúsunda manna eru lifandi sönnun þess að umskipti yfir í hráfæði er það besta sem hefur hent það í lífinu. Vitnisburðir sýna aftur og aftur að það að borða hráfæði vinnur bug á alls kyns heilsuvandamálum og eykur orkuna, eða eins og kona á fimmtugsaldri orðaði það: „Það væri ekki satt að segja að mér liði eins vel og tvítugri, mér leið aldrei svona vel þegar ég var tvítug.“



**Sólveig Eiríksdóttir flytur erindi um hráfæði á Hótel Geysi 19. júní næstkomandi.**

# Háskólafélag Suðurlands

**Háskólafélag Suðurlands er í eigu sunnlenskra sveitarfélaga og stýrir klasa um lífræna ræktun í Laugarási. Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri félagsins, útskýrir hvað félagið stendur fyrir.**

„Félagið var stofnað árið 2007 til að auka framboð á háskólamenntun fyrir Sunnlendinga, til dæmis með því að bjóða upp á fjarnám í samstarfi við háskóla landsins. Jafnframt er tilgangur félagsins að auka búsetugæði á Suðurlandi með því að bjóða upp á háskólatengda starfsemi í samvinnu við vísindastofnanir og fyrirtæki í héraði. Við höfum beitt okkur fyrir átaksverkefnum á Suðurlandi þar sem markmiðið er að auka til dæmis samstarf fyrirtækja, sveitarfélaga og menntastofnana. Við beittum okkur fyrir átaki á svæðinu austan Markarfljóts og nú er unnið þar að stofnun svokallaðs Geopark eða Jarðvangs þar sem koma á sérstæðum jarðminjum á framfæri, vernda þær og stuðla að sjálfbærri efnahagslegri þróun innan garðanna með því meðal annars að þróa jarðfræðitengda ferðamennsku eða geotourism eins og það heitir á enskunni,“ segir Sigurður.

„Við erum núna að einbeita okkur að garðyrkjuafurðum á Suðurlandi með ýmsu móti meðal annars með stofnun svokallaðar grænmetissmiðju og þar koma lífrænar garðyrkjuafurðir sterkar inn.“

Er Háskólafélagið háskóli? „Nei, félagið er ekki formlegur háskóli en við viljum fyrst og fremst stuðla að ígildi háskólastarfs, búa til háskólastarf án þess að stofna háskóla og nýta jákvæð áhrif háskólastarfs. Það gerum við með ýmsu móti, stuðlum að nýsköpun með því að koma á klasasamstarfi og reynum að tengja þannig starf við það góða akademíska starf sem fer fram víða á Suðurlandi, hjá Háskóla Íslands á Laugarvatni, Landgræðslunni í Gunnarsholti , Rannsóknamiðstöð HÍ í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi og fræðasetur HÍ á svæðinu. Þá eigum við mjög gott samstarf við Fræðslunet Suðurlands og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og stefnum að því að efla það enn frekar,“ segir Sigurður. Nánari upplýsingar er að finna á vef félagsins, www.hfsu.is.



**„Við erum núna að einbeita okkur að garðyrkjuafurðum á Suðurlandi með ýmsu móti, meðal annars með stofnun svokallaðar grænmetissmiðju,“ segir Sigurður.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Lífræna Gríska jógúrtin frá Biobú hentar vel til matargerðar. Nú fáanleg í 250 g umbúðum.

Á bakhlið pappakápu dósarinnar eru nokkrar léttar uppskriftir af salatsósu, marineringu, Tzatziki sósu, ávaxtasalati og eftirrétti. Kápan er endurvinnanleg.

Bio•Bú

Lífrænar mjólkurvörur

www.biobu.is

# Slow Food-hugmyndafræðin

Í kjölfar hraðrar útbreiðslu „Fast Food“ byltingarinnar spratt upp félagsskapur í Evrópu sem nefnist „Slow Food“.

Í stuttu máli hratt stöðlun í matvælaframleiðslu og aukin útbreiðsla næringarsnauðs og einsleits skyndibitafæðis þessari þróun af stað. Hópur fólks, með Ítalann Carlo Petrini í broddi fylkingar, kom af stað grasrótarhreyfingu sem í dag á meðlimi í rúmlega 100 löndum.

Meginmarkmið Slow Food er að auka meðvitund fólks um mikilvægi matarmenningar, þekkingar, hefðar og landfræðilegs uppruna matvæla. Einkunnarorð samtakanna eru: Góður, hreinn og sanngjarn, og er þar átt við að maturinn eigi að bragðast vel, hann eigi að vera laus við aukaefni og sem náttúrulegastur, og sanngjarn á þann hátt að sá sem framleiðir matinn fái sanngjarnt verð fyrir vinnu sína og afurðir.

Í höfuðstöðvum Slow Food á Norður Ítalíu starfa um 100 manns að ýmsum stórverkefnum og útgáfustarfsemi, auk þess sem alþjóðlegt net áhugafólks efnir til viðburða í sínum heimalöndum í gegnum deildir eða svokölluð „convivium“.

Á námskeiðs- og samveruhelginni á Hótel Geysi 19. júní næstkomandi mun Dominique Pledél Jónsson, formaður íslensku Slow Food-samtakanna, halda erindi um Slow Food-hugmyndafræðina.



**Markmið Slow Food er að auka meðvitund fólks um mikilvægi matarmenningar.**

Auglýsingasími
512 54 01
Allt sem þú þarft...




# Vöðva- & liða-galdur

*Gott fyrir:*

- vöðvabólgu
- liðverki
- eymsli
- sinadrátt
- hálsbólgu
- skordýrabit
- þreytta fætur
- og fleira

**Frábær áburður á allan líkamann vegna verkja, bólgu og þreytu, fyrir og eftir æfingar, göngur og hvers kyns álag.**

## VILLIMEY, KYNGIKRAFTUR NÁTTÚRUNNAR

**Smyrslin frá Villimey eru 100% náttúruleg og unnin úr íslenskum jurtum, án allra rotvarna-, ilm- og litarefna. Ertir ekki slímhúð. Vottunarstofan Tún hefur vottað tínslusvæðin lífræn.**

**Vöðva- og liðagaldur** hefur reynst sérstaklega vel á beinhimnubólgu, vöðvabólgu, sinaskeiðabólgu, sinadrátt, hálsbólgu, auma liði, vaxtaverki, íþróttameiðsl, öll eymsli, þreytu og/eða bjúg á fótum, kúlur á höfði, flóa- og mýbit, unglingabólur ofl. Er jafnframt frábært nuddsmyrsl.

**Sáragaldur** reynist mjög vel á minniháttar sár, brunasár, skrámur, fótasár, sólbruna, legusár, kynfæri og útvortis gyllinæð.

**Bossagaldur** reynist einstaklega vel á viðkvæmt bleiusvæði smábarna. Er jafnframt frábært smyrsl á þurrkubletti og til að verja litlar kinnar í frosti.

**Fótagaldur** er mjög gott smyrsl á fætur og húð vegna sveppasýkingar, sprungur á iljum og ef grefur í sárum. Flökkuvörtur barna. Er jafnframt fábært á kynfæri kvenna og karla vegna sveppasýkingar, kláða eða annarra óþæginda og getur verið fyrirbyggjandi vegna (fyrir) þvagfærasýkingar.

**Húðgaldur** reynist kláðastillandi, mýkjandi og græðandi á exem, sólarexem, soriasis og aðra húðkvilla.

**Bumbugaldur** er mjög gott smyrsl á strekkta húð ófrískra kvenna, sem og þurra húð. Vinnur gegn sliti. Einnig góður sem næturkrem á andlit og á þurra húð á höndum.

**Varagaldur** er mjög mýkjandi, græðandi og góður á frunsur, það reynist líka vel að setja hann undir eða yfir varalit.

**Nánari upplýsingar um virkni, notkun, innihald og sölustaði smyrslanna er að finna á www.villimey.is ásamt öllum helstu heilsuvöruverslunum og Lyfju um land allt. villimey@villimey.is og í síma 892-8273.**

VILLIMEY

www.villimey.is · villimey@villimey.is · s. 892-8273

VOTTAÐ LÍFRÆNT
TÚN
EES-ESB vottun IS-1



● **LÍFRÆNT ER BRAGÐGOTT!** Margir finna greinilegan bragðmun á lífrænu grænmeti og öðru grænmeti. Helsta skýringin er talin sú að lífrænar plöntur vaxa að jafnaði hægar og mynda meira af bragðefnum í leiðinni.



● **GRASNYTJAR** Kristbjörg Elín Kristmundsdóttir mun leiðbeina námskeiðsgestum á Lífrænum lífsstíl 2010 um grasnytjar. Hún fer með gesti inn í Haukadalsskóg, rétt við Hótel Geysi, og leitar að grösum meðal annars til að sjóða seyði úr eða búa til te. Kristbjörg Elín er þekkt fyrir blómadropana sína sem njóta mikilla vinsælda ( www.kristbjorg.is ).

● **KÓKOS OG SPÍNAT – TÖFRADRYKKUR!** Hér er uppskrift að einföldum drykk frá Sollu: Setjið 2 bolla af kókosvatni og 2 handfyllir af spínati í blandara og blandið þar til silkimjúkt. Hlakkið til að drekka. Þessi er sagður hafa svipaða efnafræðilega samsetningu og blóðplasma og getur galdrað í kroppnum! Sjá fleiri uppskriftir á blog.eyjan.is/solla.



LÍFRÆNN LÍFSSTÍLL
SÓLSTÖÐUR 2010
HÓTEL GEYSIR
18.-20. JÚNÍ 2010

# Slow Food viðburðir

Slow Food stendur fyrir ýmsum stórum alþjóðlegum verkefnum sem eiga sér orðið fastan sess í heimi matargerðarlistar og framleiðslu. Sem dæmi má nefna Salone del Gusto, sem er risaviðburður, haldinn annað hvert ár í Tórínó á Norður-Ítalíu. Þar fara fram yfir 300 smakkanir og fyrirlestrar um sérstök matvæli og önnur fræðslustarfsemi, enda eru þar komnir saman margir mestu sérfræðingar á sviði menningarlegrar matvælaframleiðslu, víngerðar og matseldar víðs vegar að úr heiminum.

Terra Madre, stærsta bændaráðstefna í heimi, þar sem smáframleiðendur frá um 150 löndum bera saman bækur sínar, er haldin samhliða Salone del Gusto. Þetta er þungamiðja í viðburðaröð Slow Food sem miðar að því að stytta bilið milli framleiðenda og neytenda.



NORDICPHOTOS/AFP

**Matreiðslumenn sýna listir sínar á Salone del Gusto í Tórínó.**





Hildur Hlín Jónsdóttir / hildur@dv.is

⌘Orlofshús
Heitir pottar
Ágæt aðstaða
Fallegt útsýni

⌘Tjaldstæði
Rafmagn
Aðstaða fyrir hópa og ættarmót
Aldurstakmark 25 ár

⌘Útivist
Fallegar gönguleiðir
Sögufrægir staðir

⌘Úthlíðarkirkja
Brúðkaup, ferming, skírn

⌘Golfvöllur
9 holur

⌘Réttin - sportbar
Sportbar og grill
HM í beinni á skjánum
Dansleikir
Fylgist með dagskránni á www.uthlid.is

**Golfmót**
laugardaginn 12. júní
skráning á golf.is

Verið velkomin!

⌘Hlíðalaug
Opin alla daga kl 11-17
Sundlaug
Heitir pottar
Verslun
Sjoppa
Bensínstöð

⌘Hestaleiga
Barnahestar

ÚTHLÍÐ
FERÐAÞJÓNUSTA

www.uthlid.is / 6995500 / uthlid@uthlid.is

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Uppspretta krassandi ævisagna

Ferðalangar í París kannast margir við að bíða tímunum saman í biðröð eftir því að komast inn á Orsay-safnið, Louvre eða kannski upp í Eiffel-turninn. En áhugasömum má benda á að gráupplagt er að fara í Petit Palais og skoða yfirlitssýningu á ævistarfi Yves Saint Laurent. Nú þegar rétt tvö ár eru liðin frá dauða hans er líf þessa eins áhrifamesta tískuhönnuðar 20. aldar gert upp með ýmsum hætti. Söngvarinn Alain Chamfort gaf til dæmis út plötu á dögunum, „Une vie Saint Laurent“ þar sem textarnir segja frá lífshlaupi hans, en Yves Saint Laurent hefur stundum verið kallaður sá síðasti í röð listamannanna í tískunni því þeir sem á eftir hafa komið eru kallaðir hönnuðir og skapa ekkert sem er í raun og veru nýtt.

Ekki er þó allt jafn fallegt sem um manninn Yves Saint Laurent er sagt þótt fáir deili um hæfileika hans sem listamanns eða hönnuðar. Í fyrra kom út bókin „Beautiful People“ eftir Aliciu Drake sem lýsti brjálæðislegri afbrýðisemi YSL og Karls Lagerfeld. Nýverið kom svo á markaðinn fyrsta raunverulega ævisagan um Saint Laurent sem fyrrverandi viðskiptafélagi og ástmaður hans, Pierre Bergé, neitaði reyndar að taka þátt í að skrifa. Hann segir bókina fulla af villum þótt ekki hafi Bergé beint hrakið það sem í bókinni kemur fram. Þessi óopinbera ævisaga eftir Maire-Dominque Lelièvre „Mauvais garçon“ (Slæmur strákur) dregur upp mynd af ótrúlega færum og metnaðarfullum listamanni sem dreymir um frægð og ríkidæmi og telur sér skylt að ná árangri. Hann þjáist hins vegar af ótta við mistök og engist af sársaukafullri angist um að tapa sköpunargáfunni. YSL gaf tískunni allt og var aðeins hamingjusamur á vinnustofu sinni. Þótt hann hafi löngum verið sagður góður starfsfólki sínu þá var það aðeins lifandi framlenging á listamanninum sjálfum. Smám saman ánetjaðist Saint Laurent róandi lyfjum, eiturlyfjum og áfengi sem hafði afar skemmandi áhrif á hann. Bókin lýsir því einnig hvernig Pierre Bergé gerir sig ómissandi og beitir Saint Laurent eins og vinnudýri í þágu stórveldisins sem þeir byggja. Hins vegar er erfitt að dæma um hver misnotar hvern þar sem ólíklegt verður að teljast að Saint Laurent hefði byggt upp fyrirtækið án þess að hafa skipstjóra við stýrið. Eða eins og Marie-Dominique Lelièvre lýsir sambandi þeirra, þá er Saint Laurent dívan sem Bergé setur á svið. Pierre Bergé hefur nú sjálfur skrifað bók, „Bréf til Yves“ þar sem hann birtir einkabréf og segir frá lífi sínu með þessum snillingi. Líklega tilraun hans til að skrifa sína útgáfu af sögunni og vissulega þekkti hann listamanninn betur en nokkur annar.

*bergb75@free.fr*

Dýrasta húðflúr sem gert hefur verið í heiminum er á suður-afríska módelinu Minki van der Westhuizen. Það er ekkert venjulegt húðflúr heldur er það gert með 612 demöntum.

**www.most-expensive.net**



Jessica Biel var ein þeirra sem þóttu sérstaklega glæsileg á hátíðinni.



Marc Jacobs fór heim með verðlaunin besti hönnuðurinn.

# Sarah þótti bera af

**CFDA-tískuverðlaunahátíðin fór fram í New York nú á mánudaginn. Þar mátti sjá allar helstu stórstjörnurnar búnar í sitt besta skart.**

Sarah Jessica Parker þótti stela senunni en hún mætti á hátíðina í lillableikum stórrósóttum kjól eftir vin sinn Alexander McQeen heitinn. Hárið hafði hún túberað hátt upp af enninu og bar skart sem eftir var tekið.

Jessica Biel, Gwyneth Paltrow og súpermódelið Iman þóttu einnig glæsilegar á hátíðinni. Það var svo tískuhönnuðurinn Marc Jacobs sem fór heim með verðlaunin besti hönnuðurinn.

*- rat*



Sarah Jessica Parker gefur Carrie Bradshaw úr Sex and the City ekkert eftir þegar kemur að tísku.





vísir.is
„...ég sá það á vísi“















Djörf hálsmál með hefðbundnum indversk-um útsaumi.



Litagleðin var allsráðandi á sýningu Phadins í Kólombó á dögunum.



Vikram Phadin er sagður einn helsti Bollywood-hönnuðurinn í dag.

NORDICPHOTOS/AFP

# *Bollywood glamúr*

**Indverska kvikmyndahátíðin IIFA fór fram í síðustu viku í borginni Kólombó á Srí Lanka. Hátíðin hófst með tísku-sýningu fatahönnuða bæði frá Indlandi og Srí Lanka. Hinn indverski Vikram Phadis þótti stela senunni en hann er sagður aðal Bollywood-tískuhönnuðurinn um þessar mund-ir. Áður en hann sneri sér að tískuhönnun starfaði hann sem danshöfundur og er einnig aðalstílisti Bollywood-stjarnanna.**



Víða og bylgjandi kjóla skreytta með útsaumi mátti sjá á sýningunni.




## 250-499 þús.



**Tilboð sparibaukur 390þ stgr.**
Peugeot 206 présente 1.4 árg 2000, 3d ekinn 124þ bsk cd álfelgur skoðaður 2011 nýtt púst og bremsur topp bíll uppls 777 3077.

Suzuki Vitara ,98 til sölu. Nýjar bremsur og fl. Skoðaður 11. Upplýsingar í síma 846 1605.

## 2 milljónir +




TILBOÐ: Toyota Highlander glæsilegur fjórhjóladrifinn lúxusbíll með sparneytinni HYBRID vél, notar um 40% minna eldsneyti en Toyota Landcruiser og sambærilegir bílar. Gríptu sýningareintak með 3ja milljón króna afslætti. Útvegum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá öllum helstu framleiðendum á betri verðum. Fáðu verðtilboð á netinu eða símleiðis. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus automunda.com Sími 5522000




TILBOÐ: Toyota Tacoma 4x4 Doublecab. Sýningareintak með 2ja milljón króna afslætti. Vel búinn með dráttarbeisli, ljóskösturum, leðuráklæði, lituðu gleri, geislaspilara, fjarstýrðum samlæsingum, og rafmagni í öllu. Útvegum fólksbíla, jeppa og pallbíla frá öllum helstu framleiðendum á betri verðum. Fáðu verðtilboð á netinu eða símleiðis. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus automunda.com Sími 5522000.

## Bílar óskast

Óska eftir bílum og fellihýsum. Árgerð 1998-2007 sem þarfnast lagfæringa tjónaðir ljótir sjúskaðir eða bara í lagi aðeins bílar og fellihýsi á góðu verði koma til greina 770 6400

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810

Óska eftir bíl, verð frá 50-350þús. Helst ekki eldri enn ,98, má þarfnast viðgerðar eða vera klestur. Uppl. s. 898 2111

## Sendibílar



**TIL LEIGU STÓR SENDIBÍLL**
Tilvalinn til langflutninga. Til lengri eða skemmri tíma. Sanngjörn leiga. S. 845 0454.

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Hópferðabílar



Benz hópferðabíll 30sæta. V. 3.5m en tilboðsverð 2.9m. Staðgr. Uppl í S. 840 6940

## Húsbílar



Til sölu Shadow Cruiser pallhýsi, lítið notað, árg. 2005. Uppl. í síma 894 3275.

## Mótorhjól

Motor sport



Eigum einn rauðan hippa. Ásett verð 390 þús. Fæst nú á tilboði.



Sumartilboð í öráa daga á þessum frábæru 50 cc vespum 50'Look. Sem slógu svona rækilega í gegn í fyrra. Búið að setja í þær racing kveikju CDI. Til 1stk beinhvítu og nokkur stk í svörtu. Verð nú 278 þús., áður 298 þús.



Sumartilboð í aðeins örfáa daga á þessum stóru og rúmgóðu 50cc vespum á 16" dekkjum með racing kveikju CDI. Í tveimur litum, rauðum og bláum. Verð nú 298 þús. áður 329 þús.



Eigum eingöngu 2stk, Hybride 50cc vespur, sem ganga bæði fyrir rafmagni og bensíni, litur svart/grá/rauðar. Verð 298.000.- Eigum einnig Róbot ryksugur og Heimaþjófavarnarkerfi.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**

Kawasaki Kx 85cc Big wheel 2007 Lítið eki. M- monster energy límmiða kitti, fatbar Stýri. Fylgir m/ Heilgalli, hjálmur, skór, kragi, Örg/hlífar á hliðum og bretti. Uppl.895 8971/lydur@lydur.is

## Vespur



**Ný Vespa til sölu**
Yiben YB500QT-15 gul eða rauð. V. 220þ. Uppl í S. 897 0495.

## Kerrur



Easyline 125 heimiliskerra Innanmál: 125x91x35 cm-heildarþyngd 450 kg- burðargeta 371 kg-dekk „8 Verð kr. 72.900,- Lyfta.is-Njarðarbraut 3-Reykjanesbær-Sími 421 4037-www.lyfta.is

## Fellihýsi



Starcraft 11fet árg. ,08 eitt með öllu ásett verð 2.350þ. fæst á 2.190þ. stgr. Uppl. í s. 840 6940.

Til sölu fortjald af Palomino Yearling 12 feta nýtt. Uppl í S. 824 7788.

Fleetwood higlander niagra 14 fet 6/2006 glæsilegur vagn vel með farinn. loftþúðafjöðrun örbylgjuofn-bakaraofn-sturta-markísa-wc-ískápur með frystihólfi-útdraganleg hlið-sólarsella og margt fleira.verð 2.390.000 uppl. s-6600279

## Tjaldvagnar

Til sölu straumsvíkur tjaldvagn. Árg. ,98. M/ fortjaldi. V. 300þ. S. 822 3665

## Vinnuvélar



MAN 4-öxla, árg. 2006 ek. 95.000. km. Einnig Komatsu PW 150 hjólavél, Komatsu pc 50 og WA 70 hjólaskófla, einnig VOLVO FL10 gámabíll með fleti og gám o.fl. S: 661 2288.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## Bátar







## Flug

Nám í flugi, svifflugi Námskeið fyrir 14 ára og eldri og einkaflugmenn Uppl í síma 8987209 og á www.svifflug.com

## Hjólbarðar



4stk BMW 18" léttar álfelgur 10" og 8"breiðar. Dekk á felgum2stk 255x45x18 og 2stk 235x45x18 og 2stk 255x55x18 ekki á felgum. S 897 5090.

Til sölu 20" 255/50 Goodyear sumardekk á felgum. Skoða öll skipti. Uppl. í s. 661 1977.

Álfelgur - 4 dekk með álfelgum, 15" - 8 gata, tilboð óskast. Áhugasamir hafi semband í síma 615-5265

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is




**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa bmw 525d 02, daewoo lanos 98-03, dodge carvan 97, dodge neon 01, fiesta 97, civic 97, getz 04-09, jeep grand 99, kia sport 99, m.benz 230 80, terrano 00, peugot 306 98, kangoo 99-01, twingo 99, felisa 99, swift 05-09, xl7 05, yaris 05, vn lt 98, almera 00, primera 99. Kaupum bíla í niðurrif.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Sérhæfum okkur í Subaru, Nissan, Toyota o.fl. Kaupum bíla til niðurrifs eða uppgerðar. Tökum alla bíla til förgunar gegn skilagjaldi. Dalshrun 20.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.**
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11



**Reiðhjóla og sláttuvélaþjónustan - enginn biðtími !**
Tek við öllum gerðum af reiðhjólum og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Tek að mér að þrífa heimahús. Er vandvirk og rösk. Hef mikla reynslu og er traustsins verð. Uppl í síma 661-1046

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja






**Garðaþjónusta Reykjavíkur**

Öll almenn garðvinna á einum stað fyrir garðinn þinn. Beðahreinsanir, Trjáklippingar, garðaúðanir, trjáfellingar, þökulagnir, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnasta verðið. Eiríkur S. 777 6799 og Þórhallur S. 772 0864.

HreinirGarðar
TRAUST OG ÖRUGG GARÐÞJÓNUSTA
Fáðu sláttinn í áskrift!
S.571-2000




Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

ALHLIÐA GARÐAÞJÓNUSTA
• HELLULAGNIR
• SNJÓBRÆÐSLUR
• MALBIKSVIÐGERÐIR
• DRENLAGNIR
• HLEÐSLUR
HRINGIÐ Í SÍMA 661 2288
WWW.EDALVERK.IS
EDALVERK




**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

# ORKUVERND

VERÐVERND Á ELDSNEYTI

Nýtt!

## Sama lága verðið innan landsvæðis!




Orkuvernd er ný verðstefna Orkunnar. Hún felur í sér að Orkan leitast við að tryggja að þú fáir:

- **Lægsta eldsneytisverðið** innan hvers landsvæðis
- **Sama verð** á öllum Orkustöðvum innan sama landsvæðis*

Orkuvernd er kjarabót sem kemur öllum eldsneytiskaupendum til góða. Handhafar Orkulykilsins geta tryggt sér enn betri kjör með því að greiða fyrir eldsneytið með lyklinum.

**Sæktu um Orkulykilinn og lestu allt um Orkuvernd á orkan.is**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

* Á kortinu má sjá staðsetningu Orkustöðvanna og hvernig svæðaskiptingu þeirra er háttað.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ENNEMM / SÍA / NM41626

## Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík, sem hér segir á eftirfarandi eignum:

Bakkavegur 2, fnr. 216-7717, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Mosalind ehf, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Tollstjórinn, mánudaginn 14. júní 2010 kl. 10:00.

Birkihraun 12, fnr. 216-3354, 660 Mývatni, þingl. eig. Hermann Kristjánsson, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 14. júní 2010 kl. 10:00.

Fjarðarvegur 35., fnr. 216-7789, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Reynir Hólm Harðarson, gerðarbeiðandi Borgun hf, mánudaginn 14. júní 2010 kl. 10:00.

Garðarsbraut 43, fnr. 215-2618, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Ævar Ákason, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, mánudaginn 14. júní 2010 kl. 10:00.

Hóll, fnr. 215-3508, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Geir Gunnarsson, gerðarbeiðandi Tryggingamiðstöðin hf, mánudaginn 14. júní 2010 kl. 10:00.

Stórhóll 77, fnr. 215-3358, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Þórdís Ólafsdóttir og Guðjón Ingvarsson, gerðarbeiðendur Fasteignasalan Inni ehf. og Íslandsbanki hf. mánudaginn 14. júní 2010 kl. 10:00.

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eign verður á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsvík, sem hér segir:**

Smári ÞH-059, sknr. 1533, Þingl. eig. Kópasker ehf, gerðarbeiðendur Dalvíkurbyggð, Íslandsbanki hf. og Tryggingamiðstöðin hf. mánudaginn 14. júní 2010, kl. 10:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík. 09. júní 2010


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


# Sláttuvélablús

**BAKÞANKAR Páls Baldvins Baldvinssonar**



Sameign á framleiðslutækjum er víðs fjarri smáborgaranum íslenska. Hann verður að eiga sitt. Það blasir við þegar menn setja sig í athafnagírinn og stika út á túnin með sláttuvélarnar sínar. Á nokkurra hundraða fermetra svæði er ég umkringdur fimm sláttuvélum. Þær tala hver með sínu hljóði, sumar rafdrifnar, aðrar keyrðar bensínblöndum. Mínir grannar vilja hafa bleðlana sína stuttklippta og þó þurrkurinn hafi verið skæður það sem liðið er af júní eru menn komnir í annan umgang í slætti. Grasið, sem víðast stendur á gömlum meiði á mínum slóðum, sprettur vel í þurrki, það er einungis gras af yngri fræstofnum sem hefur tilhneigingu til að skrælna í sólinni – útlent gras sem þekkir sig ekki í íslenskri jörð og hagar sér sem útlenskt.

**MOLDIN** á Hólavöllunum er enda þegar komið er stungu niður samþjappaður jökulleir sem mettast vel af vatni en er að sama skapi þungur fyrir rótarvöxt, vonlaus fyrir kartöflur til dæmis. Ofan á honum er setlag sem hefur safnast saman á þessum rétt hundrað árum sem menn hafa staðið í garðrækt hér. Grasrótin er því liggjandi á grunnu lagi og vex vel – jafnvel í þurrki. Það þýðir slátt vikulega. Og svo er von á rigningu. Miðað við þorsta rótanna má búast við hörkusprettu um helgina. Þá vex grasið svo hratt að maður sér það spretta.

**MENN** bera sig misjafnlega að við slátt. Það fer reyndar svolítið eftir vélum. Mörgum hættir til að þjösnast á vélinni í afkastaþrá en það er ekki góð taktík. Vélarnar skulu líða eftir flötinni í hægum gangi sláttumanns. Auðvitað fer þetta allt eftir því hvernig skilið var við flötina að hausti. Hafi menn slórað og setið af sér síðasta slátt er hætt við að argaþýfið bjóði þá velkomna. Þá leggjast prúðustu menn í tuddaskap og hætta tám og snúrum í þverlyndislegum átökum við sinuna frá í fyrrahaust.

**REYNDAR** skil ég ekki að víðast hvar hafa menn lagt af slátt með orfi og ljá: bíð eiginlega eftir því að það verði hipp aftur. Ekki er hægt að hugsa sér betri bolvindu en það. Slær öllu við vilji menn ná af sér miðjunni. Orf eru fátíð orðin og ljái þarf að umgangast af varúð eins og forna rakhnífa. En mikið væri gaman að maður hætti að heyra skrölt í vélum, fimm í kór, og heyrði í staðinn syngjandi ljá fella grasið árla morguns eftir döggfagra dögun.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





SUMAR TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
4GB
4GB COBY MP620 MP3 SPILARI
9.990
8GB
8GB COBY MP620 MP3 SPILARI
14.900
HVERGI BETRA VERÐ
BenQ
24"
24" FULL HD 1080P BENQ LCD SKJÁR
39.900
1TB
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
14.900
2TB
2TB SEAGATE SATA2 HARÐDISKUR 32MB
26.900
1.5TB
1.5TB SEAGATE SATA2 HARÐDISKUR 32MB
19.900
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL.
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**Kl. 20 í Listasafni Reykjavíkur**
*Afsteypa af höggmyndinni Fyrsta hvíta móðirin í Ameríku eftir Ásmund Sveinsson var sett upp í Þjóðmenningarsafni Kanada árið 2000 en frumgerðin, sem er frá 1938, var sýnd á heimssýningunni í New York árið 1939. Í fyrirlestri sínum fjallar Tinna Grétarsdóttir mannfræðingur um höggmyndina; hvernig hún skipar miðlægt hlutverk í sköpun og miðlun menningararfs og sjálfsmyndar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Egla á ensku í brúðuleik

Þegar sumarið skellur á færist víða líf í leikstarfsemi sem annars fer lítið fyrir: Helga Steffensen fer þá í gang með brúðubílinn sinn um leikvelli borgarinnar Reykjavíkur. Í Borgarnesi er opið hús í Englendingavík þar sem Berndt Ogrodnik hefur sest að í fornum húsum Jóns frá Akri. Og nú ætlar enn einn af hinum fámenna hópi íslenskra brúðumeistara að freista erlendra gesta með brúðusýningu fyrir unga og aldna gesti: Nú hefur fæðst nýtt leikhús í borginni, Söguleikhúsið. Á fimmtudagskvöldum verður slegið upp veislu fyrir erlenda ferðamenn (reyndar mega allir mæta sem vilja) í Sjóminjasafninu, Víkinni. Á boðstólum verður heimsókn í safnið, sjávarréttamáltíð (með flottasta útsýninu yfir höfnina) og leiksýning á ensku. Þetta verður í gangi í júní, júlí og ágúst og verður fyrsta sýningin „Egla í nýjum spegli" í kvöld. Kvöldmatur er frá kl. 19 og leiksýningin hefst klukkan 20.30. Hægt er að panta í síma safnsins 517-9400.

Hallveig Thorlacius stendur fyrir sýningarhaldinu og er brúðumeistarinn, smíðar og saumar brúðurnar og gefur þeim líf. Sýningin er ein af mörgum sem Hallveig hefur á takteinum en hún hefur farið víða með þær um lönd á sínum langa ferli frá því þær Helga hófu sýningarhald í kjallaranum á Fríkirkjuvegi 11 fyrir áratugum.



**LEIKLIST** Hallveig leikur sér með Egils sögu. MYND SÖGULEIKHÚSIÐ

**> Ekki missa af**

Síðustu tónleikum Rumons Gamba með Sinfóníunni í kvöld. Hugljúft strengjaverk Elgars er upptaktur að nýju verki fyrir sópran og hljómsveit eftir Áskel Másson, þar sem Diddú fer á kostum í glaðværri vorstemningu við sonnettur Gunnars Gunnarssonar. Rumon hefur stjórnað öllum sinfóníum Sjostakovitsj á fjögurra ára tímabili og nú hljómar sú tíunda aftur í magnþrungi inni túlkun hans.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

02.06.10 - 08.06.10




1 Eyjafjallajökull
Ari Trausti og Ragnar Th.




2 Morgnar í Jenín - kilja
Susan Abulhawa




3 25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu - Reynir Ingibjartsson




4 Makalaus - kilja
Tobba Marinós




5 Friðlaus - kilja
Lee Child




6 Handbókin um heimsmeistarakeppnina - Keir Radnedge




7 Hvorki meira né minna - Fanney R. Elínardóttir/María Elínardóttir




8 Góða nótt yndið mitt - kilja
Dorothy Koomson



9 Vísnafýsn - ljóðabók
Þórarinn Eldjárn




10 Ræktum sjálf
Gitte Kjeldsen

Eymundsson.is Eymundsson Bóksali frá 1872


# Suður og norður mætast

**Í kvöld hefst tónlistarhátíðin Suður mætir norðri í Norræna húsinu í Reykjavík. Þar munu framúrskarandi norrænir einleikarar koma fram með fjölbreytta og merkilega dagskrá á þremur tónleikum. Félag íslenskra tónlistarmanna stendur fyrir hátíðinni í samvinnu við Nordisk solistråd. Hátíðin er haldin í tilefni af 70 ára afmæli Félags íslenskra tónlistarmanna og ársfundar Nordisk solistråd á Íslandi.**



**TÓNLIST** Olivier Manoury er meðal fjölmargra gesta sem koma fram á hátíðinni Suður mætir norðri í Norræna húsinu á laugardag, en hann fer síðan upp í Borgarfjörð síðar um daginn og spilar á Hvanneyri og þaðan norður um heiðar og leikur í Laugarborg á sunnudag. MYND SIGURJÓNSSAFN

Í kvöld leika einleikarar frá Íslandi, Færeyjum og Noregi. Þær Helga Rós Indriðadóttir og Guðrún Dalía Salómonsdóttir flytja sönglög eftir Jórunni Viðar; Færeyingarnir Agnar Lamhauge og Jóhannes Andreasen leika verk eftir Bach, Holmboe og Gubaidulina fyrir kontrabassa og píanó; og að lokum flytja Norðmennirnir Ole Böhn og Geir Henning Braaten sónötur eftir Janacek og Grieg fyrir fiðlu og píanó. Af þessum fríða hóp er rétt að benda á Ole Böhn en hann er afar virtur einleikari á fiðlu og eftirsóttur kennari. Hann er með prófessorsstöðu í Konservatoríinu í Sidney í Ástralíu en hefur einnig komið fram sem einleikari með hljómsveitum um allan heim, t.d. frumflutti hann fiðlukonsertinn Elliot Carter með Sinfóníuhljómsveitinni í San Fransisco árið 1990 en konsertinn er tileinkaður honum. Tónleikar kvöldsins hefjast kl. 20.

Annað kvöld kl. 20 koma fram einleikarar frá Íslandi, Finnlandi og Danmörku. Dúó Stemma ríður á vaðið með „Fimm lögum frá Gautlöndum" eftir Snorra Sigfús Birgisson sem samdi lögin sérstaklega fyrir dúóið. Þá leika Finnarnir Pasi Eerikäinen og Emil Holmström sónötur eftir Debussy og Bartók fyrir fiðlu og píanó. Að lokum leikur einstakur danskur kvartett, MiXte ásamt söngkonunni Susanne Elmark, blandaða efnisskrá með verkum eftir Burgeois, Seiber, Serocki, Gade, Bruun, Nørholm, Gershwin og Piazzolla.

MiXte er óvenjulegur kvartett að því leyti að þar mætast klarinett, básúna, selló og píanó í flutningi kammertónlistar en kvartettinn er rómaður fyrir skemmtilega sviðsframkomu og vel mótaðar efnisskrár. Susanne Elmark starfar með kvartettinum af og til en hún hefur haslað sér völl í óperuheiminum í hlutverkum fyrir kóloratúr sópran auk þess að koma fram sem einsöngvari með hljómsveitum á alþjóðlegum vettvangi. MiXte og Susanne Elmark koma einnig fram í Stapanum í Reykjanesbæ í kvöld kl. 20 á vegum Tónlistarfélags Reykjanesbæjar.

Tónleikarnir „Tangó tekur völdin" verða svo laugardaginn 12. júní kl. 16. Þeir eru afrakstur tangósmiðju og námskeiðs undir stjórn Oliviers Manoury bandóneonleikara sem er Íslendingum að góðu kunnur. Með honum leika nokkrir af færustu hljóðfæraleikurum landsins, þau Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari, Helga Þórarinsdóttir víóluleikari, Hávarður Tryggvason kontrabassaleikari og Edda Erlendsdóttir píanóleikari. Einnig fá þau til liðs við sig frábæra tónlistarmenn, þá Pasi Eerikäinen fiðluleikara frá Finnlandi, John Ehde sellóleikara frá Danmörku og Jonas Dominique kontrabassaleikara frá Svíþjóð, sem allir eru sérfræðingar í flutningi tangótónlistar í sínu heimalandi. Að tónleikum loknum skundar hópurinn upp í Borgarfjörð þar sem hann treður upp á vegum borgfirsku hátíðarinnar IsNord kl. 21 á Hvanneyri í matsal Landbúnaðarháskólans.

Þaðan heldur hann norður um heiðar og leikur í Laugaborg í Eyjafjarðarsveit sunnudaginn 13. júní kl. 15.

pbb@frettabladid.is

# Verk Huga í víðtæka dreifingu

Tónsmíð Huga Guðmundssonar, Händelusive, var valin í sérstakan heiðursflokk á Alþjóðlega tónskáldaþinginu sem haldið var í Gulbenkian-listamiðstöðinni í Lissabon dagana 31. maí til 4. júní sl. Í kjölfarið verður verkinu útvarpað víða um heim á næstu mánuðum, en 67 tónverk, valin af ríkisútvarpstöðvum 33 landa í fjórum heimsálfum, voru kynnt á þinginu í ár.

Hugi Guðmundsson er fæddur árið 1977. Eftir tónsmíðanám í Reykjavík lauk hann meistaragráðu frá Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn árið 2005 og meistaragráðu í raf- og tölvutónlist frá Sonology-stofnunni í Den Haag í Hollandi árið 2007. Hugi hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir verk sín, m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2008 fyrir verkið APOCRYPHA.

Verkið Händelusive var samið fyrir kammerhópinn Nordic Affect í tilefni af tónleikum Ríkisútvarpsins á Händel-degi Sambands evrópskra útvarpsstöðva í apríl í fyrra.



**TÓNLIST** Verk Huga Guðmundssonar, Händelusive, fer víða á þessu ári. MYND FRÉTTABLAÐIÐ

Tónskáldaþingið var fyrst haldið árið 1954. Þá tóku fjórar útvarpsstöðvar þátt í þinginu en í ár voru þátttökulöndin hátt í fjörutíu. Tónskáldaþingið er fyrst og fremst vettvangur til kynningar á nýjum verkum og ungum tónskáldum sem talin eru eiga erindi á alþjóðavísu, en þingið er einnig keppni, þar sem þátttakendur velja áhugaverðustu verkin með sérstakri stigagjöf.

Þingið er skipulagt af Alþjóðatónlistarráðinu (International Music Council) með stuðningi UNESCO, vísinda-, menntunar- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Tónskáldaþingið er einn öflugasti vettvangur til kynningar á íslenskri samtímatónlist en á þinginu hittast fulltrúar fjölmargra útvarpsstöðva frá öllum heimshornum, kynna tónverk frá sínu heimalandi og skiptast á upptökum af nýjum tónverkum.

-pbb

# ÓDÝRT 299-499kr.

KLINK KAUP
MIKIÐ ÚRVAL AF ÓDÝRUM VÖRUM!

## SUMARLEIKFÖNG



- Sápukúlur, blöðrur 299kr.
- Sippuband 299kr.
- Vatnsbyssur 299kr.
- Sundgleraugu 299kr.
- Fötur, kanna 299kr.

## GARÐURINN



- Vespugildra 299kr.
- Flugnaspaði 499kr.
- Garðúðari 299kr.
- Garðhanskar 299kr.
- Garðáhöld 299kr.

## GRILLIÐ



- Grillbursti 299kr.
- Grillsvampar 299kr.
- Grillpinnar 299kr.
- Grilltöng 299kr.
- Grillpenslar 299kr.

## GRILLIÐ



- Grillbursti 499kr.
- Grillpinnar 499kr.
- Grilláhöld 499kr.
- Kveikjari 499kr.
- BBQ vifta 499kr.

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Fáanlegt í Smáralind, Kringlunni, Skeifunni og Garðabæ minna úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Bankster á þýsku

Nýlega samdi Ormstunga um sölu á þýðingarrétti skáldsögunnar Bankster eftir Guðmund Óskarsson til þýska forlagsins Frankfurter Verlagsanstalt (FVA) í Frankfurt.

Að sögn þýska forleggjarans, dr. Joachim Unseld, fellur Bankster einstaklega vel að útgáfustefnu forlagsins. FVA, sem er gamalgróið og virt útgáfufyrirtæki, gefur árlega út fáar en vel valdar bækur eftir afbragðshöfunda og einbeitir sér ekki síst að kröftugum og hæfileikaríkum ungum höfundum sem vænta má mikils af í nánni framtíð. Á undanförnum árum hefur forlagið vakið athygli fyrir að synda móti straumnum með því að hafa uppi á óvenjulegum röddum í heimi bókmenntanna, bæði í Þýskalandi og öðrum löndum, og sporna við vaxandi „skammlífisáráttu“ bókamarkaðarins af öllum kröftum.

Hinn þýski Bankster kemur út haustið 2011. Guðmundur Óskarsson verður þá kominn í góðan félagsskap: Bodo Kirchhoff, Ernst-Wilhelm Händler, Thomas von Steinaecker, Marion Poschmann, Christoph Peters og Zoë Jenny o.fl.

Bankster fjallar um ungan bankamann sem missir vinnuna. Sagan gerist veturinn 2008-2009, veturinn sem Geir bað guð að blessa Ísland. Frásögnin, sem er margslungin, lágstemmd og næstum ljóðræn („fantavel skrifuð“ sagði einn gagnrýnandinn), er þegar upp er staðið ekki síst stúdía um framtíðarmissi.

Bankster færði Guðmundi Óskarssyni Íslensku bókmenntaverðlaunin 2009.



**BÓKMENNTIR** Guðmundur Óskarsson bætist í hóp íslenskra rithöfunda á þýskum markaði.



**TÓNLIST** Adapter stendur fyrir Frum-hátíðinni á Kjarvalsstöðum á Klambratúninu forna. MYND/LISTASAFN REYKJAVÍKUR

# Einar aftur í Færeyjum



**BÓKMENNTIR** Einar Már Guðmundsson er kunnur í Færeyjum.

Greinasafn Einars Más Guðmundssonar, er komið út í Færeyjum á vegum forlagsins Gramar. Bókin hefur þegar komið út í Þýskalandi, Noregi og Danmörku og fengið frábærar viðtökur bæði lesenda og gagnrýnenda. Einar Már flutti af því tilefni erindi í Norðurlandahúsinu í Færeyjum á föstudaginn var og mæltist það afar vel fyrir. Lesendur Einars vita að hann hefur áður dvalið sumarlangt þar á pönk- og róttæknisárum sínum.

Nú í vikunni hlýtur Einar Már síðan viðurkenningu úr minningarsjóði danska rithöfundarins og róttæklingsins Carls Scharnberg. Verðlaunin hlýtur Einar fyrir ritstörf sín og virka þátttöku í samfélagsumræðu. Í umsögn valnefndarinnar segir meðal annars: „Einar Már Guðmundsson er einstakur maður. Í Hvítu bókinni sameinar hann skarpa samfélagsgreiningu og ljóðræna yfirsýn á óvenjulegan hátt, og í yfirstandandi deilu Íslendinga um leiðir út úr kreppunni er hann ötull talsmaður þess að fjármálafurstar og pólitíska valda- og fjölmiðlaelítan beri ábyrgð en ekki íslenska þjóðin.“ Verðlaunin nema 10.000 dönskum krónum og verða þau veitt við hátíðlega athöfn næstkomandi miðvikudag.

# Adapter flytur ný verk

**Hin árvissa nútímatónlistarhátíð Frum, sem kammerhópurinn Adapter og Listasafn Reykjavíkur standa fyrir, fer fram á Kjarvalsstöðum helgina 12. og 13. júní. Þema hátíðarinnar í ár er Japan í Norðri.**

Megináhersla Frum-hátíðarinnar er að kynna meistaraverk nútímatónbókmentanna fyrir tónlistarunnendum, verk sem þegar hafa sett mark sitt á tónlistarsöguna en eru þó sjaldheyrð í tónleikahúsum Reykjavíkur. Auk þessa eru alla jafnan flutt tónverk eftir yngri kynslóð tónskálda, íslenskra sem erlendra.

Á fyrri tónleikunum verður leikin tónlist eftir Toru Takemitsu og Joji Yuasa en þeir eru tvö af stærstu nöfnum japanskrar samtímatónlistar. Þeir voru samtímamenn og vinir og stofnuðu meðal annars félagsskapinn Jikken Kobo sem var tileinkaður tilraunum í framúrstefnulist. Verkin verða fjögur, tvö á mann, og eru frá árunum 1981 til 1992. Hefjast tónleikarnir kl. 20.

Á seinni tónleikum hátíðarinnar verða frumflutt á Íslandi splunkuný verk frá Íslandi, Finnlandi og Þýskalandi. Tónskáldin sem verða þar kynnt eru Paul Friedrich Frick, Benjamin Schweitze, Antti Auvinen, Jarkko Hartikainen, en Einar Torfi Einarsson á á verkaskránni verkið Seven Intensions frá 2009, og Guðmundur Steinn Gunnarsson Draumbót (2010). Elsta verkið er frá 2007, en hin samin á síðasta ári og þessu: 2009 og 2010.

Flytjendur á hátíðinni eru Gunnhildur Einarsdóttir hörpuleikari, Ingólfur Vilhjálmsson klarínettuleikari, Kristjana Helgadóttir flautuleikari, Marc Tritschler píanóleikari, Matthias Engler slagverksleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari. Hefjast tónleikarnir kl. 20. Miðasala er við innganginn.

Tónleikarnir eru hluti af stærra verkefni Adapter þar sem hópurinn leitast við að skapa tengsl milli samtímatónlistar mismunandi landa í Norður-Evrópu. Tónleikarnir verða einnig fluttir í júlí á Viitasaari-hátíðinni í Finnlandi, í september á Nordic Music Days-hátíðinni í Kaupmannahöfn og á tónlistarhátíðinni Nordlichter í Berlín. Adapter-liðar eru nýkomnir frá Ísrael þar sem þeir léku í Tel Aviv og Jerúsalem. Tónleikarnir í Jerúsalem voru hluti af hátíðinni Ísrael Festival sem er stærsta tónlistarhátíð Ísraels. Hópurinn fékk frábærar viðtökur á tónleikunum og endaði dvölina á því að ganga friðargöngu í Tel Aviv. pbb@frettabladid.is


Ekki standa á gati!




Heildstætt og handhægt yfirlit yfir sögu Íslands allt frá landnámi til okkar daga.

Hnitmiðaður texti og fjöldi mynda.

Höfundurinn, Gunnar Karlsson, var lengi prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands og hefur skrifað fjölda kennslubóka og fræðirita.

Á íslensku, ensku, sænsku og þýsku

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is


# Horfin verk fundin

Í fjölmiðlum um heim allan hefur síðustu sólarhringa verið greint frá fundi í geymslum á Nýja-Sjálandi. Þar eru fram eru komnar spólur með gömlum kvikmyndum á nítrat stokki, sem er elsta form kvikmyndafilmu sem til er. Myndir úr því efni eru vandmeðfarnar því þær skemmast komist loft að þeim og verða eldfimar, svo að oft hafa þær valdið brunum. Fundurinn á Nýja-Sjálandi er merkilegur fyrir þær sakir að þar reyndust vera 75 titlar sem voru taldir komnir í glatkistuna.

Aðeins fimmtungur þeirra kvikmynda sem framleiddar voru í Bandaríkjunum fyrir tilkomu talmyndanna 1930 er enn til; stærstur fjöldi þeirra er glataður. Því gleðjast menn um heim allan þegar gamlar filmuspólur finnast svo bæta megi við sögu kvikmyndanna og um leið myndheimildum um staði og fólk. Enn leynast bútar og heilar myndir víða um heim og varla líður ár að ekki komi fram bútar sem bæta við heimsmyndina.

Nýja-Sjáland var við endimörk dreifingarkerfis kvikmyndanna á sínum tíma. Þaðan þótti ekki borga sig að skila printum langa leið svo þau hlóðust þar upp. Það var í Kvikmyndasafni Nýja-Sjálands sem 150 bandarískir titlar fundust, helming þeirra er mögulegt að bjarga. Þar á meðal er ein mynda Johns Ford frá 1927, en hann leikstýrði fjölda mynda á þögla tímanum og aðeins 15 prósent þeirra hafa varðveist.

Þar var líka fyrsta spólan af myndinni Idle Wives eftir Lois Weber, en hún var afkastamikill leikstjóri, gerði hundruð stuttmynda og fjórutíu myndir í fullri lengd og var metin til jafns við þá D.W. Griffith og Cecil B. DeMille á öðrum áratug síðustu aldar. Ford hóf raunar feril sinn undir hennar handarjaðri.



**KVIKMYNDIR** Lois Weber leikstjóri 1882-1939.

Weber hafði áhuga á félagslegum viðfangsefnum og nýtti þau sem efnivið: getnaðarvarnir, fíkniefnaneysla, fátækt og líkamlegar refsingar urðu henni að efni þar sem hún starfaði fyrir Universal, en orðstír hennar gleymdist. Á okkar tímum þegar jafnréttiskrafa karla og kvenna í kvikmyndagerð fagna menn þegar hlutur kvenna í kvikmyndasögunni styrkist, svo rýr sem hann hefur verið í ríflega aldarlangri sögu listgreinarinnar. - pbb


THE A-TEAM
THERE IS NO PLAN B
FRUMSÝND 16. JÚNÍ
VILTU VINNA MIÐA?
10. HVER VINNUR!
SMS LEIKUR
BÍÓMIÐI
A-TEAM
Coca-Cola zero
„EKTA SUMARBÍÓ!“
-T.V. - KVIKMYNDIR.IS
SENDU SMS SKEYTIÐ ESL ETV
Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ MIÐA!
FULLT AF AUKAVINNINGUM
TÖLVULEIKIR • DVD MYNDIR • GOS
OG MARGT FLEIRA!
Vinningar afhendir í ELKO Lindum. 149 kr/skeytið. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.
SÉRSTAKAR FORSÝNINGAR! MIÐASALA HAFIN Á WWW.MIÐI.IS
VERTU FYRSTUR TIL AÐ SJÁ MYNDINA!
HÁSKÓLABÍÓ
FIMMTUDAGUR 10. JÚNÍ KL. 21.00
LAUGARDAGUR 12. JÚNÍ KL. 21.00
SMÁRABÍÓ
FÖSTUDAGUR 11. JÚNÍ KL. 22.30
SUNNUDAGUR 13. JÚNÍ KL. 22.30
LAUGARÁSBÍÓ
FIMMTUDAGUR 10. JÚNÍ KL. 22.10
LAUGARDAGUR 12. JÚNÍ KL. 22.00


FOR A MINOR REFLECTION


WOLF PARADE

## > Í SPILARANUM

**For a Minor Reflection** - Höldum í átt að óreiðu
**Wolf Parade** - Expo 86
**The Black Keys** - Brothers
**Jack Johnson** - To the Sea

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## TÍMAVÉLIN AALIYAH FER Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM

# *Lést ári eftir að hún sló í gegn*



- Aaliyah sendi frá sér lagið Try Again í júní árið 2000. Lagið heyrðist í kvikmyndinni Romeo Must Die, en Aaliyah lék aðalhlutverkið í henni ásamt Jet Li.
- Hún lést ári síðar í flugslysi við Bahama-eyjar.
- Lagið fór á toppinn í Bandaríkjunum, en fór einnig ofarlega á lista í Evrópu.
- Try Again var samið af Satitc Major og engum öðrum en Tim Mosley. Hann er í dag þekktari sem smellaframleiðandinn Timbaland.
- Lagið er í 93. sæti á lista tímaritsins NME yfir bestu smáskífulög allra tíma. Rolling Stone setur það í 86. sæti yfir bestu lög tíunda áratugarins.
- Árið 2003 tók þýska þungarokkshljómsveitin Knorkator lagið upp á sína arma og gaf það út á plötuþ
- Aaliyah var búin að leika í kvikmyndinni Queen of the Damned áður en hún lést. Þegar myndin var frumsýnd fór hún beint á toppinn í Bandaríkjunum.
- Til stóð að hún léki í fjölmörgum myndum. Ein af þeim var Honey, en Jessica Alba fékk hlutverk Aaliyuh í myndinni.



## > Plata vikunnar

The National - High Violet

★★★★★

„High Violet er stórkostleg plata sem mun auka hróður The National enn frekar." - afb



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Upp á yfirborðið*

Ein af flottari plötum ársins til þessa er Before Today með Los Angeles-sveitinni Ariel Pink's Haunted Graffiti. Ariel Pink er listamannsnafn Ariels Marcus Rosenberg. Hann er fæddur 1978 og hefur verið að búa til tónlist í ein fimmtán ár. Árið 2003 sendi hann CD-r disk með nokkrum lögum til meðlima Animal Collective og í framhaldinu gerðu þeir samning við hann um útgáfu á vegum plötufyrirtækisins þeirra Paw Tracks. Fyrsta platan, The Doldrums, kom út árið eftir og fleiri fylgdu í kjölfarið. Tónlistin var framúrstefnulegur lo-fi hrærigrautur.

Allt frá árinu 1995 tók Ariel mikið magn af lögum upp á átta rása Yamaha-kassettutæki í svefnherberginu sínu. Dag eftir dag „datt hann um það þegar hann fór fram úr á morgnana". Hann gerði á milli 200 og 300 spólur á fyrstu árunum sem innihalda yfir 500 lög. Hluti þess efnis hefur komið út á plötum. Upphaflega kom Ariel fram einn á tónleikum með aðstoð kassettutækis, en síðar fékk hann nokkra tónlistarmenn til liðs við sig. Árið 2008 stofnaði hann hljómsveitina sem nú gengur undir nafninu Haunted Graffiti.



**ARIEL PINK** ein af plötum ársins. Myndin á smáskífunni Round and Round hér að ofan vakti líka mikla athygli.

Í nóvember í fyrra gerði Ariel samning við breska plötufyrirtækið 4AD og í mars kom fyrsta afurð þess samstarfs, smáskífan Round and Round. Á mánudaginn kom svo stóra platan Before Today. Hún telst vera níunda plata Ariels Pink og sú fyrsta sem er tekin upp í hljóðveri. Before Today er fjölbreytt og skemmtileg poppplata með glás af vísunum í poppsöguna. Hún staðfestir að Ariel er fyrirtaks lagasmiður. Before Today er aðgengilegri heldur en fyrri plöturnar og hljómurinn er betri. Hún hefur fengið frábæra dóma og ætti að koma þessum afkastamikla listamanni upp á yfirborðið.







# Hin mörgu andlit Aguilera

**Bandaríska söngkonan Christina Aguilera reynir að hressa rækilega upp á ímyndina á sinni fjórðu hljóðversplötu, Bionic, sem er nýkomin út.**

Síðasta plata Christinu Aguilera, Back To Basic, fékk ágætis dóma hjá gagnrýnendum og er til að mynda hæst allra platna hennar í einkunn á síðunni Metacritic.com. Þar söng hún sálar-, djass- og blúslög í anda þeirra tónlistarmanna sem höfðu áhrif á hana í æsku. Platan seldist þó ekki nægilega vel, sérstaklega í heimalandinu og í Kanada þar sem einungis 1,7 milljónir eintaka fóru yfir búðarborðið. Það er lítið á mælikvarða Aguilera því fyrsta plata hennar seldist í tæplega 8,2 milljónum eintaka. Fallið er því hátt á rétt innan við tíu árum. Þó verður að taka með í reikninginn almennt dvínandi plötusölu undanfarinna ára sökum ólöglegs niðurhals.

Á Bionic vendur Aguilera kvæði sínu í kross og syngur taktföst, nútímaleg lög þar sem hún nýtur aðstoðar vinsælla tónlistarmanna og lagahöfunda á borð við M.I.A, Le Tigre, Peaches og Switch. Linda Perry úr 4 Non Blondes, sem var upptökustjóri Back To Basic, og samdi lögin með Aguilera, fær aðeins að spreyta sig í einu lagi.

Myndbandið við fyrsta smáskífulagið Not Myself Tonight sýnir að söngkonan vill ekki vera neinn eftirbátur Lady Gaga sem hefur gnæft yfir poppdívu-markaðnum undanfarin ár. Allt er gert út á ögrandi kynþokkann með smá skvettu af kvalalosta, svona rétt til að sýna að Aguilera getur þetta alveg líka. Breytingin sem hefur aftur á móti orðið frá plötu númer tvö, Stripped, er sú að klámáherslan með hálfnakinni söngkonunni dillandi sér uppi á sviði er ekki jafnmikil, enda fékk hún skömm í hattinn fyrir hegðun sína hjá siðapostulum vestanhafs.

Sjálf segist hún ekki vera að apa eftir Gaga. „Ég ætla að vera í þessu í langan tíma og eftir að hafa verið í áratug í bransanum hef ég ekkert að sanna lengur," segir hún. „Við alla þá sem vilja vera neikvæðir vil ég segja að ég er greinilega nógu merkileg til að þeim sé ekki sama um mig."

Með nýju plötunni vill Aguilera túlka kvenleika sinn í öllum sínum myndum; sem móðir, eiginkona, söngkona og leikkona, en fyrsta mynd hennar, söngvamyndin Burlesque, kemur út síðar á árinu. „Með Bionic vil ég sýna fram á þá ofurmannlegu eiginleika sem nútímakonur þurfa að búa yfir," segir hún og bætir við: „Ég hef þroskast, breyst og lært mjög mikið. Ég hef aldrei haft jafnmikið sjálfstraust og búið yfir eins miklu öryggi og eins miklum kynþokka og í dag."

freyr@frettabladid.is

# Tónlistariðnaðurinn að hrynja

Thom Yorke, söngvari Radiohead, segir aðeins nokkra mánuði í að stóru útgáfufyrirtækin í tónlistariðnaðinum hrynji eins og spilaborg.

Í viðtali í nýrri kennslubók fyrir menntaskóla heldur hann því fram að iðnaðurinn sé að niðurlotum kominn. „Þetta er bara tímaspursmál," sagði Yorke. „Það eru mánuðir frekar en ár þangað til kerfið í kringum tónlistariðnaðinn hrynur eins og það leggur sig."

Hann hvetur unga tónlistarmenn sem vilja ná langt til að semja ekki við stór útgáfufyrirtæki og bætir við að ekki verði mikil eftirsjá að þeim. „Ekki hoppa um borð í sökkvandi skip, því trúið mér, það er að sökkva." Að sögn Yorke er félagi hans úr Radiohead, Ed O´Brien, að reyna að bæta hag nýliða í tónlistarbransanum þannig að þeir fái loksins borgað eitthvað af viti fyrir verk sín. Það gengur aftur á móti mjög erfiðlega.

Aðrir sem segja frá reynslu sinni í kennslubókinni eru Ms Dynamite og sjónvarpsmaðurinn Jon Snow. Bókinni er ætlað að hjálpa 15 til 16 ára krökkum að verða meðvitaðir um stjórnmál.

Radiohead vakti mikla athygli þegar hljómsveitin gaf aðdáendum sínum kost á að sækja síðustu plötu sína, In Rainbow, ókeypis á Netinu í gegnum heimasíðu sína. Þá hafði sveitin nýlokið sex platna og tólf ára samningi við útgáfufyrirtækið EMI og ákvað að gefa nýju plötuna út sjálf. EMI er núna í erfiðri stöðu og skuldirnar að sliga fyrirtækið.


**THOM YORKE** Söngvari Radiohead segir að tónlistarbransinn eigi eftir að hrynja eins og spilaborg.

# SJÁÐU HM Í HÁSKERPU

NÚ ER TÆKIFÆRI
TIL AÐ FÁ SÉR HÁSKERPU
SJÓNVARP
Á FRÁBÆRU VERÐI
OG ÞÚ FÆRÐ
ÁSKRIFT AÐ
SPORT 2
OG
SPORT 2 HD
Í EINN MÁNUÐ
Í KAUPBÆTI.
INNBYGGÐUR
MYNDLYKILL FYLGIR!*




50PJ650N

**50" LG** HD ready · HDMI · USB

Frábær myndgæði • 600Hz • USB • 2 x HDMI

nýtt

Tilboðsverð **219.995 kr.**




42LD420N

**42" LG** full HD 1080P · USB

Frábær myndgæði • Upplausn 1920x1080 punktar
Smart Energy Saving Plus • 2 x HDMI

30.000 kr afsláttur

Tilboðsverð **179.995 kr.**
Verð áður 209.995 kr.




TX-P42S20E

**42" PANASONIC** full HD 1080P · HDMI

Frábær myndgæði • Upplausn 1920x1080 punktar
600Hz • V-Real Pro 4 myndúrvinnsla

50.000 kr afsláttur

Tilboðsverð **199.995 kr.**
Verð áður 249.995 kr.




TX-P42C2E

**42" PANASONIC** HD ready · HDMI

Frábær myndgæði • Upplausn 1024x768 punktar
100Hz • V-Real Pro 4 myndúrvinnsla

30.000 kr afsláttur

Tilboðsverð **149.995 kr.**
Verð áður 179.995 kr.

HM
Í HÁSKERPU

SPORT 2 HD · SPORT 2 · vodafone

*Viðskiptavinur þarf að hafa aðgang að útsendingu Digital Ísland eða ADSL sjónvarp frá Símanum eða Vodafone til að geta nýtt áskriftartilboðið. Möguleiki á háskerpuútsendingu er bundinn við Digital Ísland örbylgjusendingar. Kortalesari (innbyggður myndlykill) virkar eingöngu með Digital Ísland útsendingu. Sé hún ekki í boði þarf að notast við hefðbundna myndlykla frá þjónustuaðilum.

HÁTÆKNI 1985-2010

25 ára
Hátækni
1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18 | Laugardaga 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is


PIPAR\TBWA • SÍA • 101553

> STIKLA FÆR SKELL

Stikla úr kvikmyndinni Stone, með þeim Robert De Niro og Edward Norton í aðalhlutverkum, fær skell í Empire. Fyrir nokkrum árum hefðu þessi tvö leikaranöfn kveikt elda í hjörtum kvikmyndaáhugamanna en þeir mega báðir muna fífil sinn fegri. „Og Stone gerir ekkert fyrir þá,“ skrifar James White hjá Empire.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Indiana Jones á leiðinni til Bermúda

Hinn tæplega sjötugi Harrison Ford virðist seint ætla að gefast upp fyrir Elli kerlingu. Sá orðrómur gengur nú fjöllum hærra að fimmta myndin um þennan ævintýragjarna fornleifafræðing sem virðist koma sér í ýmsa klípuna á flandri sínu sé í bígerð. Nýsjálenski vefurinn Stuff greinir frá því að leikstjórarnir Georg Lucas og Steven Spielberg sitji sveittir við að koma saman handriti að myndinni. Fjórða myndin um Indiana Jones gerði ágætis hluti á sínum tíma þótt endirinn hefði verið óþægilega lélegur með geimverubrag.

Nýsjálenski vefurinn hefur eftir nafnlausum heimildarmanni sínum að Spielberg og Lucas renni hýru auga til Bermúda-þríhyrningsins undarlega sem grandað hefur bæði skipum og flugvélum. Þetta óútskýrða sjávarfyrirbæri hefur verið mönnum yrkisefni í gegnum tíðina og hver annar en Indiana Jones væri betur til þess fallinn að leysa leyndardóminn. Ekki er vitað hvort Shia LaBeouf hyggist endurtaka hlutverk sitt sem sonur Indiana en það verður þó að teljast líklegt enda verður að teljast harla ólíklegt að hinn 68 ára gamli Ford geti bjargað heiminum upp á eigin spýtur.



**SNÝR AFTUR** Harrison Ford, Steven Spielberg og George Lucas eru sagðir áhugasamir um gerð fimmtu Indiana Jones-myndarinnar.

# Gere hugsaði um aurinn

Richard Gere var ekkert sérstaklega hrifinn af því að leika í kvikmyndinni An Officer and a Gentleman á sínum tíma. Hann gerði það eingöngu vegna þess að hann var blankur. Þetta kemur fram í viðtali við leikarann í skoska blaðinu The Scotsman. Myndin var tilnefnd til sex Óskarsverðlauna og fékk tvenn, fyrir bestan leik í aukahlutverki og lagið Up where We Belong.

Gere segir að það sem hafi ráðið mestu um að hann tók hlutverkið að sér var sú staðreynd að hann var blankur. „Sem betur fer gekk myndin vel og ég var því heppinn,“ segir Gere og bætir því við að fólk sem kunni að leika en hafi jafnframt aðra hæfileika skuli einbeita sér að þeim í stað leiklistarinnar. „Aðeins eitt prósent leikara fær vinnu,“ segir Gere.



**VAR HEPPINN** Richard Gere tók að sér aðalhlutverkið í kvikmyndinni An Officer and a Gentleman vegna peninganna.

# Sumarsmellirnir valda vonbrigðum

**Að mati flestra kvikmyndaspekúlanta eru kvikmyndaverin ekki ánægð með byrjun sumarsins. Engin mynd hefur náð einhverjum hæðum í miðasölu og sumir bíða jafnvel bara eftir næsta sumri.**

Miklar vonir voru bundnar við kvikmyndir á borð við Prince of Persia, Sex and the City 2 og Shrek Forever After. Að ekki sé talað um Clash of the Titans eða Hróa hött en kvikmynd Ridley Scott er sennilega eina myndin sem hefur fengið virkilega góða dóma. En áhorfendur hafa verið fremur áhugalausir. Myndirnar hafa vissulega halað inn nokkrar milljónir – þetta er ekkert stórslys – en ekkert í líkingu við þær sumarmyndir sem hafa einokað kvikmyndasali bíóhúsa. Og þegar menn munu gera sumarið upp er líklegt að Hollywood setji allt á fullt fyrir næsta sumar, gósentíð sína.

Perri Nemiroff, blaðamaður hjá Cinematical.com, segir sumarið mikil vonbrigði. Hann spáir því að Toy Story 3 muni kannski ná í skottið á sumarsmella-statusnum, eftirspurnin eftir myndinni hefur byggst upp í tíu ár. Nýir áhorfendur, sem hafa horft á fyrri myndirnar tvær á DVD, munu borgar sig inn en sömuleiðis eldri hópurinn. Nemiroff er hins vegar efins um kvikmyndir á borð við The A-Team og Knight and Day með Tom Cruise og Cameron Diaz. Þær myndir verða frumsýndar á næstunni hér á Íslandi. „Myndin hefur vissulega verið að fá fín viðbrögð á forsýningum en ég held að það nægi ekki,“ skrifar Nemiroff á heimasíðu sinni.

Hinar ódýru myndir hafa hins vegar náð alveg ágætis árangri. Þar nægir að nefna Get Him to the Greek með Russell Brand í aðalhlutverki. Myndin var tiltölulega ódýr í framleiðslu, svona miðað við allt hitt tæknibrelludótið, og hefur skilað ágætis tekjum í kassann eða 17 milljónum dollara. Nemiroff spyr sig hvort þetta sé sumarið án sumarsmella.

Því er ekkert óeðlilegt að menn horfi til sumarsins 2011 og velti því fyrir sér hvort stórtíðindi séu í kortunum fyrir það árið. Miðað við listann er ljóst að Hollywood bregst skjótt við; framhaldsmyndir eru enn á ný áberandi. Hugsanlega verða síðustu tvær myndirnar í Harry Potter-flokknum einhverjar mestu metsölumyndir allra tíma. Fyrri myndin verður raunar jólamynd, frumsýnd 19. nóvember. En sú seinni verður tekin til sýningar 15. júlí. Tinnamynd Stevens Spielberg verður sömuleiðis frumsýnd sumarið 2011, Captain America og teiknimyndirnar Cars 2 og Kung Fu Panda 2, en fyrri myndirnar möluðu gull. Þá er Transformers 3 einnig væntanleg en Michael Bay hefur væntanlega í hyggju að gera mun betur í þetta skipti. Ekki má heldur gleyma framhaldsmyndinni The Hangover 2 en fyrstu timburmennirnir áttu ótrúlega spretti í fyrra. Enginn skyldi síðan útiloka fjórðu myndina um Jack Sparrow og sjóræningja Karíbahafsins en síðustu fréttir herma að Megan Fox muni leika hafmeyju í þeirri mynd. Penelope Cruz hefur verið fengin til að hressa aðeins upp á útlitið en hvorki Keiru Knightley né Orlando Bloom hefur verið boðið um borð.

**VONBRIGÐI EN BJART FRAM UNDAN**

Jake Gyllenhaal hafði ekki alveg það aðdráttarafl sem framleiðendur Prince of Persia vonuðust til. Sumarið 2010 er sagt vera sumar án smella en það næsta ætti að verða ansi gott; Hangover 2, Cars 2 og loks síðasti hlutinn í Harry Potter-bálknum sem reikna má með að slái öll met. Johnny Depp snýr síðan aftur í sjóræningjamyndaflokknum en sumarið 2011 mun að öllum líkindum einkennast af framhaldsmyndum.








# Hasar og dans

Það hefur alltaf verið vinsælt hjá Hollywood að búa til teymi með einum ofursnjöllum og svo nokkrum sérfræðingum í kringum hann sem eru ákaflega færir, hver á sínu sviði.

Kvikmyndin The Losers, sem frumsýnd verður um helgina, er hluti af þessari kvikmyndagerð. Myndin segir frá sérsveit á vegum Bandaríkjahers. Sérsveitin er skilin eftir í frumskógum Bólivíu til að deyja. En auðvitað deyja sérsveitarmenn ekki ráðalausir, sigrast á hættunum sem leynast við hvert fótmál og hyggja á hefndir. Meðal leikara má nefna Zoe Saldana og James Vanderbilt en myndin fær 6,6 af tíu mögulegum á imdb.com

Danskvikmyndir eru smám saman að komast aftur í tísku þótt það sé enn langur vegur í að þær nái bestu myndum Freds Astaire og Gene Kelly. Streetdance 3D nýtir sér vinsældir þátta á borð við So You Think You Can Dance og Britain´s Got Talent þar sem taktföst spor eru stigin. Myndin segir frá hópi götudansara sem neyðast til að æfa með meðlimum konunglega ballettsins í London í skiptum fyrir æfingahúsnæði. Myndin fær 4,6 á imdb.com.



**Í LEIT AÐ HEFND** Zoe Saldana leikur eitt aðalhlutverkanna í hasarmyndinni The Losers.

Regatta
GREAT OUTDOORS™

# ÚTIVISTARFATNAÐUR
# FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

dare2b

CRAGHOPPERS

**OPIÐ**

**VIRKA DAGA 11 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**
**SUNNUD. 13 –16**

**ÚTIVIST & SPORT**
15 ÁRA

verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

> GÓÐ VEISLA

Jennifer Lopez og eiginmaður hennar, Marc Anthony, héldu stærðarinnar veislu fyrir vini og vandamenn til að fagna brúðkaupsafmæli sínu. Að sögn heimildarmanns bað Lopez plötusnúðinn, sem hún hafði ráðið í veisluna, um að leika lag eftir hana sjálfa fyrir gestina. Það hefði ekki þótt athyglisvert nema fyrir þær sakir að hún fékk plötusnúðinn til að spila þetta sama lag sex sinnum í röð.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Vill að Jón leiki sjálfan sig

„Kannski er ég svona valdsmannslegur. Ég leik oft menn með sterka og ákveðna nærveru," segir Jóhannes Haukur Jóhannesson, sem sló í gegn sem Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, í áramótaskaupinu. Hann leikur forseta í söngleiknum Draugurinn á Bessastöðum eftir Gerði Kristnýju sem verður frumsýndur í Þjóðleikhúsinu í janúar, þó ekki Ólaf Ragnar Grímsson heldur skáldaðan forseta.

Jóhannes á möguleika á að fullkomna valdsmannsþrennuna með því að leika nýjan borgarstjóra, Jón Gnarr, en honum líst ekkert á það. „Ég sé mig ekki gera það, hann er það sterk fígúra sjálfur. Ég held að ég sé það ólíkur honum að það gangi ekki upp. En ég hvet Jón eindregið til að íhuga það að taka að sér hlutverk í skaupinu sem hann sjálfur. Ég sting hér með upp á því," segir hann í léttum dúr.

Jóhannes er þessa dagana á landsbyggðartúr með einleikinn Hellisbúann eftir að sýningum lauk í Reykjavík. Um helgina verður hann í Búðardal og á Ísafirði og helgina á eftir stígur hann á svið á Eskifirði og Egilsstöðum. Fyrsta sýningin var á Akranesi fyrir skömmu. „Það gekk með eindæmum vel og öll aðstaða þar var mjög góð. Ég vona að húsnæðið á hinum stöðunum standi undir þeim væntingum sem Bíóhöllin á Akranesi er búin að skapa." -fb



**JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON** Jóhannes býst ekki við því að leika borgarstjórann Jón Gnarr í áramótaskaupinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fresco leitar að bassaleikara

Bassaleikarinn Borgþór Jónsson, einn af stofnendum Agent Fresco, er hættur í hljómsveitinni. Óvíst er hver tekur við af honum en sveitin er með nokkra bassaleikara í sigtinu.

„Í marsmánuði tókum við sameiginlega ákvörðun um að Boggi myndi ekki spila á bassa lengur með okkur. En við erum ennþá mjög góðir vinir," segir söngvarinn Arnór Dan Arnarson. „Þetta var ekkert drama. Við tókum bara fund og ákváðum að áður en við myndum gefa út disk væri fáránlegt að túra og spila mikið á meðan hann væri ekki 100 prósent til í þetta."

Að sögn Arnórs er hljómsveitin orðin öðruvísi en sú sem vann Músíktilraunir fyrir tveimur árum. Sveitin hefur sett sér stór markmið og til að fylgja þeim eftir þurfi allir að vera á sömu bylgjulengd.

Fyrstu tónleikar Agent Fresco í fjóra mánuði verða á vorhátíð knattspyrnufélagsins KF Mjaðmar á föstudag. Þá spilar á bassann Vignir úr Ultra Mega Technobandinu Stefáni, sem er góður vinur Fresco-strákanna úr FÍH. Annar bassaleikari sem þeir hafa augastað á er Helgi Eyjólfsson úr Fjallabræðrum. „Þetta er erfið ákvörðun. Þetta er eins og samband. Við getum ekki valið bassaleikara bara út af því að hann er góður. Við þurfum að höndla að vera saman á tónleikaferðum og það þarf að vera góð tenging á milli strákanna," segir Arnór Dan.

Agent Fresco hefur upptökur á nýrri plötu í ágúst og er hún væntanleg í búðir í október eða nóvember. „Þetta verður svaka konseptplata, full af pælingum," segir hann spenntur. -fb



**AGENT FRESCO** Hljómsveitin Agent Fresco þegar Borgþór Jónsson spilaði á bassann.

# Hversdagsleg gamanþáttaröð

**Gamanþáttaröðin Hæ gosi verður frumsýnd á Skjá einum í haust. Leikstjóri er hinn 23 ára Arnór Pálmi Arnarson sem er nýútskrifaður úr Kvikmyndaskóla Íslands.**

Með aðalhlutverkin í Hæ gosa fara bræðurnir Árni Pétur og Kjartan Guðjónssynir. „Þetta fjallar um hversdagslegt líf tveggja bræðra. Þeir eru að glíma við alls konar hluti eins og að eldast og breyttan áhuga kvenna á þeim," segir Arnór Pálmi.

Leikstjórinn Þórhallur Sigurðsson túlkar pabba þeirra, sem er áberandi í þáttaröðinni. Hann fer á dvalarheimili aldraðra eftir að mamma þeirra deyr og eiga þeir bræður erfitt með að sætta sig við það. María Ellingsen og Helga Braga Jónsdóttir leika eiginkonur bræðranna og vini þeirra leika Hjálmar Hjálmarsson og Hannes Óli Ágústsson. Að sögn Arnórs er húmorinn í Hæ gosa hversdagslegur en undirliggjandi er hann ögrandi og svartur í anda Klovn-þáttanna dönsku. Upptökur hefjast í júlí á Akureyri.

Arnór og félagi hans úr Kvikmyndaskólanum, Heiðar Mar Björnsson, fengu hugmyndina að þáttunum. Eftir að Arnór hafði tekið upp prufuþátt ræddi hann við framleiðandann Baldvin Zophoníasson og ákváðu þeir að ráðast í gerð sex þátta í samvinnu við Kvikmyndafélag Íslands og Skjá einn. „Maður er bara mjög þakklátur að fólk hafi trú á manni," segir hann um forsvarsmenn Skjás eins. „Þau eru að treysta mikið á mig og maður verður að sýna að maður sé tilbúinn í þetta. Ég er líka með frábært fólk með mér, bæði leikara og tökulið, þannig að ég ætti ekki að geta gert þetta illa."

Ef allt gengur að óskum vonast hann til að taka upp tvær þáttaraðir af Hæ gosa til viðbótar. Sú síðasta yrði tekin upp að hluta til í Afríku. freyr@frettabladid.is



**NÝÚTSKRIFAÐUR** Arnór Pálmi leikstýrir þáttaröðinni Hæ gosi sem verður sýnd á Skjá einum í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Lindsay gæti endað í fangelsi

Leikkonan Lindsay Lohan gæti átt yfir höfði sér fangelsisvist verði hún fundin sek um að hafa brotið skilorðið. Lohan var gert að ganga um með ökklaband sem mælir áfengismagn í blóðinu. Er þetta gert til þess að halda leikkonunni á beinu brautinni án þess að senda hana í meðferð. Tveimur dögum eftir að Lohan fékk ökklabandið sótti hún MTV-verðlaunahátíðina og á hún þá að hafa fengið sér áfengan drykk og þar með brotið skilorð sitt.

Ökklabandið mælir áfengismagn í blóði þess sem ber það á þrjátíu mínútna fresti og að sögn framleiðanda hefur tækið aldrei klikkað hingað til. „Við getum auðveldlega greint milli þess hvort einstaklingurinn hafi verið að drekka eða hvort áfengi hafi einfaldlega sullast á tækið. Í þessu tilfelli var ekki um slys að ræða," sagði talsmaður framleiðanda ökklabandanna.

Lohan sjálf vill þó meina að hún hafi verið bláedrú allt kvöldið. „Þetta var ekki ökklabandið sem blikkaði, heldur var það armband með blikkljósum sem vinur minn hafði gefið mér," skrifaði leikkonan á Twitter-síðu sína stuttu áður en hún mætti í dómsal.



**FALLIN?** Leikkonan Lindsay Lohan gæti átt yfir höfði sér fangelsisvist hafi hún neytt áfengis á MTV-verðlaunahátíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY



# Grant á barnum

Hugh Grant þykir augljóslega leiðinlegt að sitja einn að drykkju því hann bauð stúdentum frá Oxford, sem sátu inni á sama bar og hann, upp á drykk. Leikarinn breski var viðstaddur sérstakan kvöldverð honum til heiðurs á vegum Oxford-skólans en þar stundaði hann nám á áttunda áratugnum. Grant var síðan boðið upp á drykk eftir kvöldverð með yfirstjórn skólans en að sögn eins nemandans leiddist honum óskaplega. „Hann kom þá á barinn til okkar og bauð okkur upp á bjór,“ sagði nemandinn.

Þrátt fyrir að flestir nemendurnir gætu verið synir eða dætur leikarans hefur aldurinn aldrei þvælst mikið fyrir honum. Hann upplýsti nýlega að hann stundaði Pilates-æfingar með ákaflega „aðlaðandi og ungri konu“ svo vitnað sé beint í hans orð.



**FLOTTUR Á ÞVÍ** Hugh Grant bauð nemendum Oxford skólans uppá drykk.

# Kínverjar í stól forsetans

Yfir þrjátíu blaðamenn fylgja He Guoqiang, flokksritara í stjórnmálanefnd miðstjórnar kínverska kommúnistaflokksins, eftir en hann fer fyrir sendinefnd sem stödd er hér á landi. Í henni eru fulltrúar frá Seðlabanka Íslands, Útflutnings- og innflutningsbanka Kína og kínverskum orkufyrirtækjum.

He Guoqiang og hans menn snæddu hádegisverð með Ólafi Ragnari Grímssyni í gær á Bessastöðum en mikil öryggisgæsla er í kringum heimsóknina. Mörgum vegfarendum brá hreinlega í brún þegar bílalestin með sendinefndinni keyrði sem leið lá út á Álftanes með blikkandi ljós í lögreglufylgd. **- fgg**



**GLAÐUR** Þessi ágæti blaðamaður tók sig vel út í skrifborðsstól forsetans og virtist una nokkuð glaður við sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FALLINN** Neeson féll á reykingabindindinu við tökur á A-Team.

# Byrjaður að reykja aftur

Liam Neeson kennir leik sínum í hasarmyndinni A-Team um að hann sé byrjaður aftur að reykja. Neeson hefur ekki snert tóbak í sextán ár en persónan sem hann leikur í kvikmyndinni er ákaflega hrifin af stórum vindlum. Í fyrstu voru notaðir gervivindlar enda harðneitaði Neeson að reykja alvöruvindla.

„Ég er fíkill,“ á Neeson að hafa sagt við leikmunadeildina þegar starfsmennirnir reyndu að troða upp í hann alvöruvindli. Áður en yfir lauk hafði Neeson hins vegar fundið alvöruvindla og þá varð ekki aftur snúið. „En ef við gerum framhaldsmynd þá mun ég nota gúmmívindla.“

# Elskar súkkulaði

**Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian, sem sumir vilja kalla hina nýju Paris Hilton, segist ekki ætla að hætta að borða uppáhaldið sitt, súkkulaði. Kim náði nýverið nokkrum kílóum af sér með því að stunda líkamsrækt af miklum móð en hún segist ekki ætla að láta súkkulaðið í friði. „Þetta þýðir einfaldlega að ég verð að æfa meira í ræktinni,“ segir Kardashian. „Þetta er nefnilega málið; þú getur borðað það sem þú vilt ef þú ert bara nógu dugleg að stunda æfingar,“ bætir Kardashian við og upplýsir að hún hafi sig alltaf sérstaklega til fyrir líkamsræktina. „Þér verður að líða vel í þeim fötum sem þú klæðist.“**



**EKKERT SÚKKULAÐIBANN** Kim Kardashian ætlar ekki að hætta að borða súkkulaði.



SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN SAMBÍÓIN













SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 7 - 8D - 10 - 11D | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| THE LOSERS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 5:40 - 8 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 10:20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5 | L |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 8D - 10D | 12 |
| THE LOSERS | kl. 6 - 8 - 10 - 11 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5 - 7:30 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE LAST SONG | kl 6 | L |
| PRINCE OF PERSIA | kl 9 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8:30 | 12 |
| COPS OUT | kl. 8:30 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ!




HEIMSFORSÝNING




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| CENTURION | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 5.50 - 8 | 16 |
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 6 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 10.10 | L |
| | | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM FORSÝNING | kl. 9 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 9 | 12 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 6 | 14 |
| OCEANS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| SNABBA CASH | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BROOKLYN´S FINEST | kl. 8 SÍÐASTA SÝNING | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 10.20 SÍÐASTA SÝNING | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus










LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| A-TEAM - Forsýning | 10.10 (POWER) | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | 3.50, 5.50, 8 og 10 | 12 |
| ROBIN HOOD | 4, 7 og 10.30 | 12 |
| BROOKLYN´S FINEST | 8 | 16 |
| HUGO 3 | 4 og 6 | L |


# Vilja fleiri konur í KF Mjöðm

„Við viljum hvetja stúlkur til að mæta og kynna sér starfið," segir Steinþór Helgi Arnsteinsson hjá knattspyrnufélaginu KF Mjöðm.

Fyrsta vorhátíð Mjaðmar, Bjúddarinn 2010, verður haldin í Iðnó á föstudaginn. Félagið, sem er skipað ýmsum listaspírum úr Reykjavík, stofnaði kvennadeild síðasta haust og að sögn Steinþórs Helga er fjöldi mætra stúlkna þegar kominn um borð. „Þetta er eitt af skrefunum í metnaðarfullu starfi KF Mjaðmar. Við viljum stækka og stækka og síðan sjáum við til hvar við stöndum eftir fimmtíu ár. Það eru þegar komin nokkur Mjaðmarbörn og það styttist því í að við förum að byrja með unglingastarf."

Á vorhátíðinni koma fram Hjaltalín, Agent Fresco, Retro Stefson, Mjaðmbó Kings og Jack Schidt, auk þess sem meðlimir FM Belfast og múm þeyta skífum. Nokkrir úr þessum hljómsveitum eru einmitt hluti af KF Mjaðmar-hópnum. Að sögn Steinþórs stóð til að fá landsliðskonuna Margréti Láru Viðarsdóttur til að mæta á hátíðina sem sérstakan verndara félagsins en ekkert varð af því. Í skarð hennar á hátíðinni hleypur Mjaðmgeir Lárus, öðru nafni plötusnúðurinn Margeir. Steinþór leggur áherslu á að konur mæti í Iðnó. „Þetta er líka kjörinn vettvangur til að hittast og búa til Mjaðmarbörn."

Auk tónleikanna verður fleira í boði. Listamaðurinn Davíð Örn Halldórsson fremur myndlist, nýr búningur KF Mjaðmar hannaður af Guðmundi Jörundssyni verður frumsýndur og kynnir verður leikarinn Ragnar Ísleifur Bragason. Miðaverð er 1.000 krónur og skemmtunin hefst klukkan 22. - fb



**KF MJÖÐM** Knattspyrnufélagið KF Mjöðm rekur einnig kvennadeild sem var stofnuð síðasta haust.

# Rokk og rugl

Bíó: ★★

**Get Him to the Greek**

Aðalhlutverk: Russell Brand og Jonah Hill

**Leikstjóri:** Nicholas Stoller

Aldous Snow er svakalega vinsæl poppstjarna. Eiginkona hans er jafnvel enn vinsælli söngkona og saman tróna þau á toppi tilverunnar, glysgjörn og svona mátulega vitgrönn eins og gengur og gerist með frægt tónlistarfólk. Aldous fer þó fyrir rest flatt á ofmetnaðinum þegar hann gefur út skelfilega lélega plötu sem snarlækkar gengisvísitölu hans. Glyshjónin gefast í kjölfarið upp á sjö ára edrúmennsku, skilja og henda sér á kaf í dóp og brennivín, fyrst í sínu lagi. Eiginkonan fyrrverandi gerist auk þess vergjarnari og tíðari gestur á forsíðum slúðurblaða fyrir val sitt á rekkjunautum en Paris Hilton á meðan Aldous hangir heima í Bretlandi og drekkur og djammar í skjóli fornrar frægðar.

Líða nú ein tíu ár og Aldous er enn við sama heygarðshornið. Þá fær gamall aðdáandi Aldousar, meinleysisgrey og minnipokamaður, þá frábæru hugmynd að setja upp afmælis- og endurkomutónleika Aldousar í Los Angeles. Þetta geti skilað útgáfufyrirtækinu fúlgum fjár í endurútgáfum og öðru tilheyrandi.

Fyllibyttan í London fellst á að halda tónleikana og ræfillinn sem fékk hugmyndina að endurreisninni er sendur til Englands að sækja fallna goðið og koma því á tónleikana í tæka tíð.

Þetta er auðvitað ekki heiglum hent enda er alkunna að dópistar og fyllibyttur í neyslu eru upp til hópa óþolandi fólk sem ekki nokkur leið er að eiga við. Blessaður lúðinn sogast því á methraða inn í rokklífverni Aldousar og er farinn að dópa og standa í kynlífi með sexbombum á almenningssalernum alveg á einu augabragði.

Hver uppákoman rekur svo aðra á ferð vitleysinganna tveggja frá London til Los Angeles og myndin öll er ein samhengislítil runa misfyndinna brandara. Sem væri svo sem í góðu lagi ef brandararnir væru góðir en því er nú ekki fyrir að fara. Þetta er mynd sem maður fer í gegnum hálfglottandi og getur með góðum vilja og jákvæðu hugarfari hlegið upphátt svona tvisvar til þrisvar sinnum.

Aðalleikararnir Jonah Hill og Russell Brand eru hins vegar ákaflega sjarmerandi og skemmtilegir og fleyta myndinni ansi langt með sameiginlegu átaki. Hill er sannfærandi og brjóstumkennanlegur lúði og Brand er helvíti hress og skemmtilegur í hlutverki rokkaraklisjunnar frá helvíti. Þó hallar aðeins undan fæti þegar fábjáninn Aldous tekur óvæntan andlegan þroskakipp undir lokin. Ósköp kunnuglegur og útjaskaður endahnútur á þroskasögum aumingja og frekar átakanlegur að þessu sinni enda Brand miklu sleipari í léttu flippi heldur en dramatískum uppgjörum.

Einhverra hluta vegna hefur samt sá misskilningur fengið vængi að Get Him to the Greek sé fyndnasta mynd sumarsins ef ekki ársins hingað til. Þetta stenst enga skoðun þótt þetta sé svo sem allt í lagi og enginn muni drepast úr leiðindum yfir brölti þeirra félaga. Þórarinn Þórarinsson

**Niðurstaða:** Miðlungsfyndin gamanmynd sem flýtur á skemmtilegum aðalleikurum og nokkrum velheppnuðum bröndurum. Bærileg en auðgleymanleg skemmtun sem er með tærnar svona um það bil 1000 kílómetrum á eftir The Hangover sem er skothelt dæmi um vel heppnað flipp eins og þessa mynd langar greinilega til að vera.



**SKEMMTILEGIR** Russell Brand og Jonah Hill eru vissulega skemmtilegir en það nægir ekki til að hanga í skottinu á gamanmyndum á borð við The Hangover.

# Britney kærð fyrir áreiti

Lífvörðurinn Fernando Flores íhugar að kæra vinnuveitandann sinn fyrrverandi, söngkonuna Britney Spears, fyrir kynferðislega áreitni. Flores sagði starfi sínu lausu fyrir stuttu því honum þótti hegðun söngkonunnar ekki við hæfi, en hún mun hafa gengið nakin um húsið og oft beðið Flores um að kíkja inn í svefnherbergið til hennar.

„Hún var stanslaust að reyna við hann og hann óttaðist að ef hann tæki ekki undir það gæti hann misst vinnuna. Að lokum þoldi hann ekki lengur við, sagði upp og er nú að íhuga lögsókn," var haft eftir ónefndum vini Flores. „Það er erfitt að vinna fyrir Britney. Hún er ósanngjörn og í miklu tilfinningalegu ójafnvægi."

Síðasta hálmstráið var að sögn vinarins þegar Jamie Spears, faðir Britney, setti þá reglu að starfsfólk söngkonunnar ætti að passa upp á það að hún væri í nærfötum. „Starfsfólkið átti að passa að Britney klæddist brjóstahaldara þegar hún færi út á meðal almennings. Lífvörðunum fannst pínlegt að þurfa að skipa henni að fara í nærföt og það gerði útslagið hjá Fernando."

Árið 2007 kærði annar lífvörður Spears, Tony Baretto, hana fyrir ósiðlegt athæfi á vinnustað og sagði hana ekki í andlegu jafnvægi og að hún særði blygðunarkennd starfsfólks.



**STJÓRNLAUS** Lífvörðurinn Fernando Flores hyggst kæra söngkonuna Britney Spears fyrir kynferðislega áreitni.
NORDICPHOTOS/GETTY


Jibbí jei!
10.-16. júní
Öll Body Butter
með 25% afslætti
Verðdæmi: Coconut Body Butter verð áður 1990 kr. Verð nú 1490 kr.
THE BODY SHOP®
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
AKUREYRI
Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

## 1 DAGUR Í HM

Þjóðverjar hafa komist oftast allra í undanúrslitin á HM eða ellefu sinnum, einu skipti oftar en Brasilíumenn. Báðar þjóðir hafa spilað sjö úrslitaleiki en meðan Brasilíumenn hafa unnið titilinn fimm sinnum þá hafa Þjóðverjar unnið hann þrisvar eða einu skipti sjaldnar en Ítalir. Þjóðverjar hafa komist í undanúrslitin undanfarnar tvær keppnir (2002 og 2006) og alls átta sinnum í síðustu ellefu heimsmeistarakeppnum. Frá 1966 hafa Þjóðverjar ekki komist í hóp þeirra fjögurra bestu á HM 1978 (2. umferð), 1994 (8 liða úrslit) og 1998 (8 liða úrslit).



**sport**

sport@frettabladid.is

SVERRE JAKOBSSON: GIFTIR SIG Á LAUGARDAGINN EN VILDI EINN LEIK TIL VIÐBÓTAR GEGN DÖNUM

# *Sigur hefði verið fín brúðkaupsgjöf*

„Það hefði verið skemmtilegra að gera jafntefli í þessum leik og samkvæmt sögunni átti þessi leikur að enda þannig," sagði Sverre Jakobsson eftir tap Íslands gegn Dönum 28-29 í Laugardalshöllinni í gærkvöld.

„Svona virðast leikirnir við Dani alltaf þróast. Vörnin var fín í þessum leikjum en við töpum seinni leiknum á því að fá of mörg mörk á okkur úr hraðaupphlaupum. Við lentum í þessu sama vandamáli á EM í fyrstu leikjunum en náðum svo að verjast hraðaupphlaupunum betur eftir því sem leið á mótið. Þegar við náðum að stilla upp vörninni þá var hún mjög góð og mun betri en í fyrri leiknum."

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari notaði leikina við Dani til að prófa sig áfram með ný varnartilbrigði sem Sverre telur kærkomið.

„Það var ágætt að prófa 5+1 vörnina og bæta henni í vopnabúrið. Vörnin er okkar aðall og jafnvel hefði verið fínt að fá einn leik í viðbót gegn Dönum til að fínpússa vörnina. Það er líka ágætt að fara í frí," segir Sverre og hlær.



Það er stór helgi fram undan hjá Sverre sem mun giftast unnustu sinni næstkomandi laugardag. Hann fer því ekki með íslenska landsliðinu til Brasilíu um næstu helgi en viðurkennir að sigur á Dönum hefði verið fín brúðkaupsgjöf frá strákunum.

„Ég hélt að við myndum vinna þennan leik en það vantaði örlítið upp á í okkar leik. Það hefði verið fín brúðkaupsgjöf að vinna Dani á heimavelli og fara inn í sumarfrí með sigur á bakinu."

Sverre gerði á dögunum nýjan samning við þýska liðið Grosswallstadt sem náði Evrópusæti á afstaðinni leiktíð.

Hann telur sig eiga í það minnst þrjú góð ár eftir meðal þeirra bestu.

„Ég á nóg eftir, tek tvö eða þrjú ár í viðbót í Þýskalandi og held áfram að spila með landsliðinu. Það er alltaf jafn gaman að spila með landsliðinu og frábært að koma heim og spila fyrir framan okkar fólk."



**ENN ÁN SIGURS** Logi þungt hugsi í tapleiknum gegn Val. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fram tekur á móti KR í kvöld:

## Þurfum meiri einbeitingu

**FÓTBOLTI** Fram tekur á móti KR á Laugardalsvelli í kvöld í frestuðum leik í Pepsi-deild karla. „Við þurfum að halda þeim dampi sem við náum þegar við höfum undirtökin í leikjum. Við höfum gert það í nánast öllum leikjum, nema gegn Selfossi," sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR, við Fréttablaðið.

„Við þurfum að nýta færin betur og þétta vörnina. Við þurfum meiri einbeitingu á lykilaugnablikum, það er frekar það sem þarf að laga en taktíkin. Ég er ekki sammála því að það sé vandamálið," sagði Logi, en KR er enn án sigurs í deildinni. Liðið hefur gert þrjú jafntefli og tapað tveimur leikjum í fyrstu fimm leikjum sínum.

Fram getur komist í efsta sæti deildarinnar með sigri í kvöld. Liðið er nú með ellefu stig. - hþh

# Lukkan með þeim dönsku

**Ísland tapaði síðari vináttulandsleiknum fyrir Dönum í gær, 28-29, eftir að hafa misst niður góða forystu og möguleika á að stinga Danina af í upphafi síðari hálfleiks. Björgvin Páll Gústavsson átti stórleik í markinu en það dugði ekki til.**

**HANDBOLTI** Þrátt fyrir ótrúlega frammistöðu Björgvins Páls Gústavssonar í marki íslenska landsliðsins gegn Dönum í gær máttu strákarnir okkar sætta sig við tap, 28-29, í síðari vináttulandsleik liðanna í Laugardalshöllinni.

Frammistaða íslenska liðsins var kaflaskipt. Stundum sýndu leikmenn að íslenska liðið getur spilað glimrandi góðan handbolta jafnvel þótt þeir Ólafur Stefánsson og Guðjón Valur Sigurðsson væru fjarri góðu gamni. Þess á milli datt allur botn úr íslenska liðinu og var þeirra félaga þá sárlega saknað í sókninni.

Varnarleikur íslenska liðsins var lengstum ágætur. Liðið spilaði framliggjandi 6-0 vörn sem danska sóknin átti oftar en ekki í miklu basli með. Danirnir voru hins vegar mjög grimmir að refsa með hraðaupphlaupum og skoruðu ellefu slík mörk í gær. Þeir Lars Christiansen og Mikkel Hansen voru í sérflokki í dönsku sókninni og skoruðu til að mynda fyrstu átta mörk Dana í leiknum.

Leikir þessara liða hafa oft verið jafnir og því kom það fáum á óvart að staðan var jöfn í hálfleik, 17-17.



**VONBRIGÐI** Alexander Petersson lætur gremju sína í ljós yfir úrslitunum gegn Dönum. Leikurinn tapaðist með einu marki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Liðin höfðu skipst á að vera með forystuna en í upphafi síðari hálfleiks tók íslenska liðið öll völd á vellinum og komst tvívegis í þriggja marka forystu.

En í stað þess að láta kné fylgja kviði glutraði Ísland möguleikanum á því að stinga af með óöguðum sóknarleik. Sören Rasmussen hafði leyst Niklas Landin af í danska markinu og átti stórleik í síðari hálfleik. Hann var með 50 prósenta markvörslu og varði frá Þóri Ólafssyni á lokasekúndu leiksins. Þar með tryggði hann danska sigurinn.

Langbesti leikmaður Íslands var Björgvin Páll og í raun sorglegt að aðrir leikmenn náðu ekki að nýta sér þann meðbyr. Róbert Gunnarsson var þó mjög öflugur á línunni og skilaði svo sannarlega sínu. Þórir Ólafsson átti góða spretti og þeir Sverre og Vignir í vörninni voru mjög fínir. Flestir aðrir áttu misjafnan leik og hafa oft spilað betur.

Þess ber svo að geta að Aron Pálmarsson skoraði tvö ótrúleg mörk í fyrri hálfleik og sýndi þá af hverju hann var valinn efnilegasti leikmaður þýsku úrvalsdeildarinnar. En eins og aðrir þá missti hann taktinn undir lok leiksins og gerði mistök sem Danirnir voru fljótir að refsa fyrir.

Það mátti ekki sjá mikinn mun á liðunum en í þetta skiptin var lukkan á bandi þeirra dönsku.

eirikur@frettabladid.is

### Tölfræði leiksins:

**Mörk Íslands (skot):** Róbert Gunnarsson 6 (6), Þórir Ólafsson 5 (8), Snorri Steinn Guðjónsson 4/2 (8/4), Aron Pálmarsson 3 (8), Alexander Petersson 3 (8), Sturla Ásgeirsson 2 (2), Arnór Atlason 2 (5), Vignir Svavarsson 1 (1), Ólafur Guðmundsson 1 (2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (4).
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 25/1 (53/5, 47%), Hreiðar Guðmundsson 0 (1/1).
**Mörk úr hraðaupphlaupum:** 10 (Þórir 4, Alexander 1, Snorri 1, Vignir 1, Ólafur 1, Ásgeir Örn 1).
**Fiskuð víti:** Róbert 4.
**Utan vallar:** 2 mínútur.



**SKIPANIR** Guðmundur segir sínum mönnum til í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðmundur Guðmundsson:

## Spiluðum vel í 50 mínútur

**HANDBOLTI** „Við spiluðum mjög vel í 50 mínútur en gerðum okkur seka um mistök í vörn og sókn á tíu mínútna kafla og það gerði útslagið í þessum leik," sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari eftir 28-29 tap Íslands gegn Dönum í gærkvöldi.

„Það er grátlegt að við skulum ekki hafa nýtt þau tækifæri á að komast í fjögurra marka forystu. Þá hefðum við farið langt með að vinna þennan leik," segir Guðmundur sem telur að liðið geti tekið margt jákvætt úr leikjunum við Dani.

„Það er margt jákvætt í okkar leik og það vantaði mikilvæga leikmenn í okkar lið. Þrátt fyrir það er liðið að spila vel og markvarslan var frábær í seinni leiknum. Það krefst mikillar vinnu og einbeitingar að halda sér á meðal bestu þjóða í heimi," sagði landsliðsþjálfarinn

„Ég hefði þurft að verja tvo bolta í viðbót og þá hefðum við unnið þennan leik. Ég held að strákarnir hafi átt inni hjá mér að ég myndi verja vel því ég var ekki góður í fyrri leiknum," segir Björgvin sem var í fantaformi í gær og varði 25 skot.

„Vörnin var mjög góð og ég fékk fullt af auðveldum boltum til að verja. Við eigum hins vegar að gera betur í þeim hraðaupphlaupum sem við fáum á okkur. Við getum tekið margt jákvætt úr þessum leikjum." - jjk

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

MEST SELDI
PRÓTEINDRYKKUR
Á ÍSLANDI

HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN

Heimsmeistaramótið í knattspyrnu hefst í Suður-Afríku á morgun:

# Meiðsli lykilmanna setja mark sitt á HM

**FÓTBOLTI** Meiðsli setja strik í reikninginn hjá mörgum liðum í heimsmeistaramótinu í knattspyrnu sem hefst á morgun. Lykilmenn margra liða þurfa að bíta í það súra epli að horfa á stærsta íþróttaviðburð ársins heima hjá sér.

Fernando Torres var stærsta áhyggjuefni Spánar en hann virðist ætla að ná sér í tæka tíð. Ásamt honum á Andrés Iniesta við meiðsli að stríða en líklega geta báðir spilað í fyrsta leik riðlakeppninnar.



MICHAEL ESSIEN

Brasilíumenn eiga ekki í neinum vandræðum, þeir leika ekki fyrr en 15. júní og markmaðurinn Julio Cesar verður klár í slaginn þá. Sömu sögu er að segja af Argentínu.

Enska landsliðið varð fyrir áfalli þegar Rio Ferdinand meiddist þegar hann var kominn til Suður-Afríku. Þá má ekki gleyma því að David Beckham er meiddur og væri í hópnum ef svo væri ekki. Gareth Barry er enn spurningarmerki, meiðsli hans setja stórt strik í reikninginn þar sem enginn annar virðist geta spilað með Frank Lampard á miðjunni.

Portúgal mun sakna Nani og José Bosingwa, Nani var arkitekt sóknarleiks þeirra ásamt Cristiano Ronaldo. Þá er það áfall fyrir Frakka að Lassana Diarra verður ekki með, hann var frábær sem varnarsinnaður miðjumaður í undankeppninni. Þá er Arjen Robben tæpur hjá Hollandi og aðalmarkaskorari Dana, Nicklas Bendtner, er tæpur.

Andrea Pirlo er einnig lykilmaður hjá heimsmeisturum Ítölum. Hann er mjög tæpur fyrir allt mótið en er samt í hópnum. Svo mikils er hann metinn. Hugsanlegt er að hann geti spilað í síðasta leik riðlakeppninnar.

Fyrirliði Þjóðverja, Michael Ballack, verður ekki með. Þá vantar einnig Rene Adler sem hefði byrjað í markinu, Heiko Westermann sem hefði byrjað í vörninni og Simon Rofles sem hefði líklega byrjað á miðjunni með Ballack.

Afríkuliðin eru heldur ekki heppin. Hjá Ghana vantar Michael Essien, besta mann liðsins og fyrirliða. Didier Drogba er enn meiddur og óvíst er um þátttöku hans. John Obi Mikel verður ekki með Nígeríu, enn einn leikmaður Chelsea sem forfallast. Þá eru ýmsir fleiri menn tæpir fyrir fyrstu umferðina. Opnunarleikurinn á morgun verður leikur heimamanna og Mexíkó. - hþh



MICHAEL BALLACK


Brúðargjafalisti
Ávinningur tilvonandi hjóna
• Inneign: 6,77-10% eykst við hverja úttekt.
• Happdrætti: Glæsilegir vinningar í boði.
• Góðgerðamál: brúðhjón sem skrá sig á lista leggja lið góðgerðarmáli að eigin vali með okkar hjálp.
SENSEO BOLLI
33%
Flottir bollar fyrir Senseo kaffivélar
Verð áður 449 kr.
Tilboð 300 kr.
FRANCIS FRANCIS X7 + LATTEMENTO
Einföld leið til að gera fullkominn espressó
39,900 kr.
Verð áður: 57,800 kr.
Lattemento mjólkurflóari fylgir með.
WOK GRILLPANNA
Frábært á grillið !!
25%
Tilboð 2.448 kr.
Þú sparar 1.049 kr.
H2O ON THE GO
37%
Verð áður 793 kr.
Tilboð 499 kr.
VATNSTUNNA 4,7L
50%
Tilboð 1.260 kr.
Þú sparar 1.259 kr.
MEBUS HITAMÆLIR
Þráðlaus digital
50%
Tilboð 3.499 kr.
EXQ FRYSTISKÁPUR 85CM
Orkuflokkur A,
80 Lítra,
HxBxD: 85x50x56
Verð áður 59.900 kr.
Tilboð 44.900 kr.
Þú sparar 15.000 kr.
Þú sparar 15.000 kr.
DORO TALSTÖÐ WT87 HLEÐSLA
10 km drægni
Tilboð 7.990 kr.
Þú sparar 2.000 kr.
TRISTAR HEILSUGRILL
39%
Tilboð 7.990 kr.
Þú sparar 5.000 kr.
REMINGTON SKEGGSNYRTIR
All In One
20%
Tilboð 6.392 kr.
Þú sparar 1.598 kr.
Tifandi tilboðssprengja
aðeins 4 dagar
fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag eða meðan birgðir endast
MEMOREX FERÐATÆKI ÚTVARP/CD/MP3
20%
Tilboð 11.196 kr.
Þú sparar 2.799 kr.
WOKPANNA 28CM M. LOKI
40%
Tilboð 5.694 kr.
Þú sparar 3.796 kr.
SEVERIN POPPVÉL
loftvél, engin olía
Verð áður 6.990 kr.
Tilboð 4.990 kr.
Þú sparar 2.000 kr.
KJÚKLINGAGRIND
25%
Verð áður 3.318 kr.
Tilboð 2.489 kr.
PIZZAGRIND GRILL PRO
25%
Verð áður 3.935 kr.
Tilboð 2.951 kr.
Heimilistæki á lægsta verði
allar vörurnar á 2.990 kr.
NORPRO PÖNNUKÖKUPANNA
virkar á spansuðuhelluborð
35%
Tilboð 2.594 kr.
Þú sparar 1.396 kr.
EXQ KÆLISKÁPUR 151 CM
Þú sparar 20.000 kr.
Verð áður 94.900 kr.
Tilboð 74.900 kr.
Þú sparar 20.000 kr.
TRISTAR BAÐVOG SONJA
örþunn, 100g nákvæmni
50%
Verð áður 7.990 kr.
Tilboð 3.990 kr.
Þú sparar 4.000 kr.
STARFAKÖNNUR
tilvalin útskriftargjöf
40%
Tilboð 999 kr.
Þú sparar 750 kr.
VIFTA 25CM
30%
Verð áður 4.990 kr.
Tilboð 3.490 kr.
Þú sparar 1.500 kr.
HEIMILISTÆKJAMARKAÐUR
byggtogbúið
KRINGLUNNI
www.byggtogbuid.is
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggt.og.buid

Bjarni Þór Viðarsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við belgíska úrvalsdeildarfélagið Mechelen:

# Mikilvægast að ég fái áfram að spila

**FÓTBOLTI** Bjarni Þór Viðarsson gekk í gær til liðs við belgíska úrvalsdeildarfélagið KV Mechelen og skrifaði undir þriggja ára samning. Hann lék síðast með KSV Roeselare sem féll úr sömu deild nú í vor.

„Ég er mjög ánægður með þessa lendingu enda félag sem býr við stöðugleika og ætlar að reyna að bæta árangur síðasta tímabils,“ sagði Bjarni en Mechelen hafnaði í sjöunda sæti deildarinnar og var hársbreidd frá því að komast í Evrópudeild UEFA. „Þar að auki er þetta gamalt stórveldi hér í Belgíu,“ bætti hann við.

Bjarna stóðu fleiri möguleikar til boða en hann ákvað að vera um kyrrt í Belgíu. „Ég talaði við önnur lið og það var líka einhver áhugi frá Þýskalandi. En ég vil vera hér áfram í 2-3 ár og ef vel gengur og mér tekst að skora einhver mörk þá verður eflaust fylgst vel með manni,“ sagði hann.



**BJARNI ÞÓR** Hér í leik með KSV Roeselare. MYND/HEIMASÍÐA ROESELARE

„Það mikilvægasta er að ég fái áfram að spila reglulega. Ég fékk mikið að spila í Roeselare og það borgaði sig. Það hefði lítið gert fyrir mig að vera áfram í Twente og sitja bara á bekknum þar,“ sagði Bjarni en hann var áður á mála hjá Twente í Hollandi.

„Ég tel að þetta sé rétt skref fyrir mig. Mér líst mjög vel á félagið og það sem þjálfarinn hafði fram að færa. Mechelen var óheppið að komast ekki í Evrópukeppnina nú og það verður markmið næsta tímabils. Liðið var svo í úrslitum bikarkeppninnar í fyrra og í undanúrslitunum nú í ár.“

Bjarni á að baki einn leik með A-landsliði Íslands en alls 50 leiki með yngri landsliðum. Í þeim skoraði hann sextán mörk. Hann hóf atvinnumannsferilinn hjá Everton í Englandi en fór þaðan til Hollands árið 2008. **-esá**





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




**BESTUR** Aron var fremstur meðal nýliða í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Aron Pálmarsson:

## Besti nýliðinn í Þýskalandi

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson var í gær valinn besti nýliðinn í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta. Hann vann þýska titilinn með félaginu sem og Meistaradeildina.

Það voru lesendur þýska handboltablaðsins „Handball-Woche“ og áhorfendur „Sport1“ sem kusu og fékk Aron 2.317 atkvæði í kosningunni. Í öðru sæti var Kristian Nippes, leikmaður Dormagen, með 2.282 atkvæði, Jacob Heinl hjá Flensburg var þriðji og í fjórða sæti var Oscar Carlen hjá Flensburg.

Aron skoraði 45 mörk í 31 deildarleik með Kiel í vetur og 23 mörk í 12 leikjum í Meistaradeildinni en hann spilar oftast í stöðu leikstjórnanda. Aron skoraði mest 7 mörk í einum leik en það gerði hann bæði á móti Barcelona í Meistaradeildinni og á móti Düsseldorf í þýsku deildinni. **- óój**

Berglind Íris Hansdóttir:

## Fer til Noregs

**HANDBOLTI** Landsliðsmarkvörðurinn Berglind Íris Hansdóttir hefur gengið frá tveggja ára samningi við Fredrikstad Ballklubb sem leikur í norsku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð. Fredrikstad komst upp í úrvalsdeildina í vor í gegnum umspil en forráðamenn félagsins sögðust á heimasíðu þess vera afar ánægðir með að hafa fengið Berglindi til liðs við sig. **- esá**





pepsi deildin

**Fimmtudagurinn 10.júní**
**Fram – KR** kl. 19:15
*Laugardalsvöllur*

**Sunnudagurinn 13.júní**
**ÍBV - Fylkir** kl. 16:00
*Hásteinsvöllur*

**Mánudagurinn 14.júní**
**Keflavík - Haukar** kl. 19:15
*Sparisjóðsv. Keflavík*
**Valur - Selfoss** kl. 19:15
*Vodafonevöllurinn*
**Breiðab. - Grindav.** kl. 19:15
*Kópavogsvöllur*
**Fram - Stjarnan** kl. 19:15
*Laugardalsvöllur*
**FH – KR** kl. 19:15
*Kaplakrikavöllur*


3 stk
Nellikur
1499
Lóbelía
799
AFMÆLISTILBOÐ
í Blómavali
Stór
Afmælis-
blómvöndur
1990
Matjurta-
plöntur
Ræktaðu þinn
eigin matjurtagarð
Mikið úrval: m.a blómkál, rauðkál,
kryddkál, grænkál, gulrófur,
vorlaukur, fennel, spínat,
sellerí, klettasalat,
...saman í
40 ár
Matjurtir
4 stk í bakka
349
6 stk í bakka
499
Garðálfar
verð frá
1499
Birki
í pottum
70-100 cm
799
120-180
1199
Sólblóm
1499
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**57%** stórlaxa sem veiddust í íslenskum ám í fyrra var sleppt samkvæmt tölum frá Veiðimálastofnun sem segir stórlaxa orðna mjög fáa og nánast horfna úr sumum ám.

**18** punda lax sem veiddist í Blöndu þegar opnað var fyrir neðsta svæði árinnar um síðustu helgi er enn sem komið er stærsti lax veiðisumarsins sem nú fer í hönd.

## Stangveiðin 2010

### Svona byrjar laxveiðin í ár

**Júní**

- **1. júní** – Ferjukotseyrar
- **5. júní** – Blanda I, Norðurá
- **14. júní** – Tannastaðatangi
- **15. júní** – Laugardalsá
- **18. júní** – Stóra-Laxá
- **20. júní** – Blanda II - IV, Elliðaár, Hítará I
- **21. júní** – Hallá, Hvannadalsá, Langá, Langadalsá
- **22. júní** – Brynjudalsá
- **24. júní** – Rangá ytri, Tungufljót, tilraunasvæði, Víðidalsá
- **25. júní** – Laxá í Kjós
- **28. júní** – Laxá í Dölum
- **30. júní** – Fáskrúð í Dölum, Laxá á Ásum, Krossá

# Tóti Tönn slakar ekki á veiðiklónni

**Þórarinn Sigþórsson tannlæknir var í hollinu sem veiddi 42 laxa við opnun Blöndu um síðustu helgi. Hann hefur verið meðal fremstu stangveiðimanna landsins í áratugi og er alls ekkert að slaka á þótt kominn sé á áttræðisaldur.**



**ÞÓRARINN SIGÞÓRSSON** Veiðimaðurinn slyngi í vatni upp að mitti í Breiðu sunnan með fimmtán punda lax úr opnun Blöndu. MYND/STEFÁN SIGURÐSSON

„Mér finnst þetta alltaf jafn gaman,“ segir Þórarinn Sigþórsson tannlæknir, einn fjögurra veiðimanna í opnunarhollinu í Blöndu sem skilaði 42 löxum á land.

Þórarinn, sem er landsþekktur undir nafninu Tóti Tönn, er einn alöflugasti stangveiðimaður landsins. „Ég er búinn að veiða lengur en elstu menn muna og sé enga ástæðu til að hætta á meðan ég ræð við þetta ennþá,“ svarar Þórarinn sem orðinn er 72 ára.

Þórarinn hefur lengi verið í opnunarhollinu í Blöndu. „Breiðan í Blöndu er örugglega með bestu fluguveiðistöðum á landinu, hún er alger gullkista,“ segir Þórarinn sem kveðst ávallt leggja til við sína félaga að þeir veiði eingöngu á flugu á Breiðunni – þótt þar sé allt agn leyfilegt.

Varðandi framhaldið í veiðinni segir Þórarinn það dálítið óráðið. „Ég spila þetta mest eftir hendinni,“ svarar hann. Þá kveðst hann ekki geta svarað því hvort einhver veiðistaður sé honum svo hugstæður að hann geti ekki hugsað sér að sleppa honum eitt einasta sumar.

„Það er alls staðar skemmtilegt að veiða í góðum félagsskap, líka þótt það sé ekki allt blátt af fiski og tómur barningur við bakkann. Það er betra að hafa fyrir hlutunum,“ segir Þórarinn sem er bjartsýnn á veiðitímabilið. „Ef við fáum ekki yfir okkur endemis þurrkasumar þá held ég að þetta verði gott sumar.“ gar@frettabladid.is

## Ákall frá Veiðimálastofnun:

# Veiðimenn hlífi öllum stórlaxi



**SIGURÐUR GUÐJÓNSSON**

„Stórlaxi hefur hnignað mikið og er einungis brot af því sem áður var. Ástæður þessa eru óþekktar en talið er að skilyrði í hafinu á uppeldisslóðum stórlaxins hafi versnað,“ segir Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, í ákalli til veiðimanna um að hlífa stórlaxi. Áframhaldandi veiði muni eyða stórlaxinum. - gar

## Veiði í Vopnafirði:

# Strengur tekur Hofsá á leigu

**Veiðiklúbburinn Strengur hefur tekið Hofsá í Vopnafirði á leigu frá og með árinu 2011. Strengur hefur í áratugi haft Selá í Vopnafirði á leigu en fyrirhugað er að skipulagið við Hofsá verði að miklu leyti með sama sniði.**

**Ræktunar- og umbótasjóði fyrir ána verður komið á fót til að endurheimta og bæta búsvæði í ánni.** - shá

## FLUGAN





MYND/VEIDIFLUGUR.IS

# Flugan Avatar tók fyrsta laxinn

Fyrsta lax sumarsins veiddi Bjarni Júlíusson, fyrrverandi formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur. Laxinn, sem var falleg 90 sentimetra löng hrygna, tók Bjarni úr Myrkhyl í opnun Norðurár á laugardaginn. Bjarni veiddi fiskinn á fluguna Avatar sem Óskar Páll Sveinsson tónskáld hannaði í vetur.

## VEIÐIMOLAR

### Gosið fældi útlendinga frá



Páll Þór Ármann, framkvæmdastjóri Stangaveiðifélags Reykjavíkur, segir að sölu veiðileyfa nú megi líkja við stöðuna í sumarbyrjun 2008. „Það hafa verið nokkrar gostruflanir þannig að fyrirspurnir sem við erum vön erlendis frá í apríl og maí komu aldrei. En útlitið er samt bjart. Besti tíminn er alls staðar uppseldur,“ segir Páll.

### Fluguveiðiskóli fyrir ungmenni



Hópur ungra veiðimanna hefur stofnsett fluguveiðiskóla fyrir börn og unglinga. Skólinn hefur aðsetur í gamla Elliðavatnsbænum og námskeið hefjast í sumar og verða haldin í júní og júlí.

Kennd verða fluguköst, fluguhnýtingar, öryggi í veiði, búnaður í veiði, atferli fisksins, meðhöndlun og eldun afla sem og fleira. Námskeiðin eru fyrir unglinga á aldrinum 10-17 ára. Upplýsingar á veidiheimur.is

## Árnar lifna ein af annarri:

# Laxinn mættur í Aðaldalinn

Landeigendur við Laxá í Aðaldal tilkynntu í fyrradag um laxaferðir neðan Æðarfossa í Laxá. Þetta kemur fram á svfr.is. Samkvæmt bændum á Laxamýri er lax genginn á hefðbundna vorstaði í neðanverðri ánni. Þetta er í stíl við tíðindi úr fleiri norðlenskum ám. - gar


Urriðaveiði í Laxárdal og Mývatnssveit www.svfr.is



ÍSLENSKA SIA.IS SVF 50292 06/10

NÚ BER VEL Í VEIÐI

Eigum lausar stangir í frábæra urriðaveiði í Laxárdal og Mývatnssveit
Hægt er að kaupa veiðileyfi á svfr.is eða síma 568 6050

Farðu inn á SVFR.is og gerðu veiðisumarið ógleymanlegt.

SVFR


## Veiðistaðurinn: Bryggjuhylur í Breiðdalsá



**BRYGGJUHYLUR** Einn þriggja veiðistaða sem veiðimenn kalla paradís.

### Við Bryggjuhyl þarf að fara afar varlega

- Mjög viðkvæmur hylur. Verður að laumast þangað sem veiðimaðurinn stendur, og hylurinn er veiddur þaðan eða ögn nær bryggjunni.
- Laxinn liggur fyrir miðjum hyl. Tökustaðir eru um tvo metra fyrir ofan brotið.
- Áin sér um að bera fluguna að laxinum, „veitt á rekinu“. Gott að taka út lítið af línu í einu og hætta um miðjan hyl. Ekki vaða um allt, heldur veiða af sama stað með sömu lengd af línu.
- Bestu flugurnar eru Frances, Black&Blue, Sunray shadow gárutúbur. Ekki stærri en krók nr. 12.
- Góður „hitch“ staður.
- Bryggjuhylur er efsti veiðistaður svæðis sem erlendir veiðimenn kalla „Paradís“ vegna náttúrufegurðar: fyrir neðan er Bryggjustrengur og síðast Áramótahylur þar sem Tinnudalsá sameinast Breiðdalsánni.



**SÚDDI SEGIR** Sigurður Staples, staðarleiðsögumaður Breiðdalsár, þekkir Breiðdalsá eins og handarbakið á sér.

# Sportbúðin – Ódýra veiðibúðin

# í leiðinni úr bænum



Ódýrustu flugurnar í mörg ár?
Flugurnar okkar eru í hæsta gæðaflokki og á góðu verði.
**Silungaflugur frá 190 krónum og straumflugur á 290 krónur.**



DAM Taslan vöðlur.
Léttar og sterkar vöðlur með áföstum stígvélum. Belti fylgir.
**Ódýrustu vöðlurnar í bænum?**
**Aðeins 8.995.**



RT neoprenvöðlupakki.
Ron Thompson neoprenvöðlur og vatnsheldur veiðijakki með útöndun.
**Alklæðnaður í veiðina á aðeins 26.995**



Okuma og DAM hjól í ótrúlegu úrvali.
Traust merki í hjólum á stórmarkaðsverði. **Hjól með línu og tveim spólum á aðeins 3.995.**



DAM fleece undirfatasett á frábæru verði.
Mjúkt og hlýtt efni.
Treyja og buxur saman. **Tilvalið í alla útivist. Aðeins 9.995.**



Úrval af góðum og veiðnum spúnum.
**Bæjarinst besta verð? Aðeins 299 krónur stykkið.**



Hnífasett. Stál og hnífar ásamt bretti í plasttösku. **Ómissandi í veiðitúrinn. Aðeins 5.995.**



Ormar og makríll. Þú færð beituna í veiðiferðina í Sportbúðinni.



DAM öndunarvöðlupakki. DAM öndunarvöðlur og skór með filtsóla. Merkjavara á stórmarkaðsverði. **Frábært verð. Aðeins 29.995.**



Scierra CC3 vöðlupakki.
Vandaðar 3ja laga öndunarvöðlur og skór með filtsóla.
**Tilboðsverð aðeins 39.900 fyrir settið.**



Scierra CC4 vöðlupakki.
Sterkar 4ra laga öndunarvöðlur og skór með filtsóla.
**Tilboðsverð aðeins 49.900 fyrir settið.**



Scierra CC6 vöðlupakki.
Sterkar 6 laga öndunarvöðlur og skór með filtsóla. **Tilboðsverð aðeins 59.900 fyrir settið.**



Ron Thompson Travel Force flugustöng. 4ra hluta stöng og harður hólkur fylgir.
**Hefurðu séð betra verð?**
**Aðeins kr. 10.995.**




Ron Thompson Energizer flugulínur á ótrúlegu verði.
**Aðeins 4.995**



Scierra tvíhendupakki. 4ra hluta stöng, skothaus, running lína, sökktaumur og vandað hjól.
DVD kastkennsla og veiðihúfa í kaupbæti.
Trúlega einhver bestu kaupin í tvíhendum.
**Allur pakkinn á aðeins 49.995.**



Scierra einhendupakki. 4ra hluta stöng, góð flotlína, undirlína, taumur og vandað hjól.
DVD kastkennsla og veiðihúfa í kaupbæti.
**Vandaður pakki á góðu verði. Aðeins 29.995**



DAM letingjar fyrir duglega veiðimenn.
**Aðeins 895**

SPORTBÚÐIN



**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**



DAM tökuvarar í letingjaveiði.
**Aðeins 1.695**

**Sportbúðin • Krókhálsi 5 • 517 8050**
**sportbudin.is**

> **Justin Timberlake**

„Í hvert skipti sem þú gerir eitthvað nýtt, þá lærir þú líka eitthvað nýtt."

***Justin Timberlake leikur í The Love Guru sem er sýnd á Stöð 2 bíó í kvöld kl. 20.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á FYRSTA ÞÁTT POPPPUNKTS

# *Sjónvarpskastið kom skemmtilega á óvart*

Popppunktur er farinn af stað í Sjónvarpinu, sem er hið besta mál. Skemmtileg nýbreytni sem braut fyrsta þáttinn ágætlega upp var þegar Ljótu hálfvitarnir komu og fluttu eitt af sínum hressilegu lögum. Tækifæri tónlistarmanna til að spila fyrir sjónvarpsáhorfendur eru almennt séð mjög fá og því hlýtur þessi nýjung að vera kærkomin fyrir þá. Best væri auðvitað ef tónlistarþáttur í líkingu við Later With Jools Holland sem er sýndur á BBC yrði að veruleika hér á landi þar sem nokkrar hljómsveitir fengju að skiptast á að spreyta sig í sjónvarpssal. Þátturinn gæti hugsanlega verið einu sinni í mánuði og miðað við gróskuna



**POPPPUNKTUR** Dr. Gunni og Felix Bergsson stjórna spurningaþættinum Popppunkti í Sjónvarpinu.

í íslensku tónlistarlífi væri lítið mál að halda honum gangandi í langan tíma. Fjármagnsskortur kemur þó væntanlega í veg fyrir það.

Fleiri nýir liðir voru annars í boði í Popppunkti og verður sjónvarpskastið út um gluggann að teljast einn sá frumlegasti og skemmtilegasti í langan tíma. KK stóð sig reyndar ekki sem skyldi en fróðlegt verður að fylgjast með arftökum hans glíma við sjónvarpið. Limbóið virkaði aftur á móti ekki eins vel og gætu þeir félagar Dr. Gunni og Felix þurft að endurskoða þann dagskrárlið eitthvað. Góð hugmynd en kannski ekki jafn sniðug í framkvæmd.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00** The Love Guru STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05** Setningartónleikar HM í fótbolta SJÓNVARPIÐ



▶ **20.10** Matarást með Rikku (6:8) STÖÐ 2



▶ **21.10** Royal Pains SKJÁREINN



▶ **22.35** Ghost Whisperer STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.10 Stiklur - Undir hömrum, björgum og hengiflugum** Stiklað er um við Önundarfjörð, Dýrafjörð og Arnarfjörð þar sem brött og illkleif fjöll setja mark sitt á mannlífið, einkum að vetrarlagi. Umsjónarmaður er Ómar Ragnarsson.

**17.05 Táknmálsfréttir**

**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**18.00 Setningartónleikar HM í fótbolta** Meðal þeirra sem koma fram á setningartónleikunum í Jóhannesarborg eru Shakira, John Legend, Angelique Kidjo, Alicia Keys og Black Eyed Peas.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.05 Setningartónleikar HM í fótbolta** Meðal þeirra sem koma fram á setningartónleikunum í Jóhannesarborg eru Shakira, John Legend, Angelique Kidjo, Alicia Keys og Black Eyed Peas.

**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (133:134) (Desperate Housewives)

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Framtíðarleiftur** (Flash Forward)

**23.05 Berlínaraspirnar** (4:8) (Berlinerpoplene) (e)

**23.55 Kastljós** (e)

**00.20 Fréttir** (e)

**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 National Lampoon's Christmas Vacation**

**10.00 Ask the Dust**

**12.00 The Haunting Hour: Don't Think About It**

**14.00 National Lampoon's Christmas Vacation**

**16.00 Ask the Dust**

**18.00 The Haunting Hour: Don't Think About It**

▶**20.00 The Love Guru**

**22.00 Kidulthood**

**00.00 The Constant Gardener**

**02.05 The Contractor**

**04.00 Kidulthood**

**06.00 High Fidelity**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Harry and Toto, Litla risaeðlan, Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Sjálfstætt fólk**

**10.55 Logi í beinni**

**11.50 Amazing Race** (9:11)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 NCIS** (19:19)

**13.45 La Fea Más Bella** (182:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (183:300)

**15.15 The O.C.** (12:27)

**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Scooby-Doo og félagar, Stuðboltastelpurnar, Harry and Toto, Litla risaeðlan

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (2:22)

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (6:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (3:24)

▶**20.10 Matarást með Rikku** (6:8)

**20.40 NCIS** (23:25)

**21.25 Fringe** (17:23)

**22.10 The Wire** (2:10)

**23.10 Steindinn okkar** Drepfyndinn sketstaþáttur með nýstirninu Steinda Jr. sem sér um grínið en nýtur einnig stuðnings frá þjóðþekktum Íslendingum, jafnt þeim sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hinum sem þekktir eru fyrir allt annað en að leika og grínast. Þátturinn er ekki við hæfi ungra barna og viðkvæmra.

**23.35 Twenty Four** (19:24)

**00.20 Cold Case** (22:22)

**01.05 The Mentalist** (21:23)

**01.50 Supernatural** (14:16)

**02.30 Hot Fuzz** Grípandi og gamansöm spennumynd um lögregluþjón í London sem er færður til í starfi.

**04.25 Zu Warrior** Kínversk bardagamynd.

**06.05 How I Met Your Mother** (3:24)

## SPORT *besta sætið*

**18.15 PGA Tour Highlights** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**19.10 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**19.35 Augusta Masters Official F** Þáttur um Masters golfmótið. Í þessum þætti er tekið fyrir mótið árið 1999 þar sem Spánverjinn, Jose Maria Olazabal, sigraði.

**20.30 Veitt með vinum** Að þessu sinni verður veitt í hinni gjöfulu og skemmtilegu Miðfjarðará.

**21.00 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic mótinu en á þessu móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar.

**21.35 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

**22.25 Hermann Hreiðarsson** Annar í röðinni í þessari seríu um fremstu atvinnumenn þjóðarinnar er Hermann Hreiðarsson. Hermann sýnir á sér nýja hlið og leiðir Auðunn Blöndal áhorfendur í gegnum allan sannleikann um atvinnumanninn Hermann Hreiðarsson.

**23.00 NBA körfuboltinn: Boston - LA Lakers**

**01.00 NBA körfuboltinn: Boston - LA Lakers** Bein útsending frá fjórða leik Boston og Lakers í lokaúrslitum NBA körfuboltans.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**19.05 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**20.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.

**20.30 PL Classic Matches: Chelsea - Man Utd, 1999**

**21.00 HM 4 4 2 – upphitun** Fyrsti þátturinn af 4 4 2 þar sem Logi Bergmann og Ragna Lóa Stefánsdóttir hita upp fyrir HM 2010 í Suður Afríku.

**21.45 Diego Simeone** Argentínumaðurinn Diego Simeone er hvað frægastur fyrir að hafa fiskað David Beckham af velli á HM 1998 i Frakklandi en þessi magnaði leikmaður verður kynntur nánar i þessum þætti.

**22.15 Chelsea - Man. City**

**23.55 HM 4 4 2 - upphitun (e)**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil (e)**

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.25 Rachael Ray**

**17.10 Dr. Phil**

**17.55 America's Next Top Model** (7:12) (e)

**18.40 H2O** (8:26)

**19.05 America's Funniest Home Videos** (49:50) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**19.30 Matarklúbburinn** (2:6)

**19.55 King of Queens** (5:22)

**20.20 Family Guy** (4:14)

**20.45 Parks & Recreation** (6:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.

▶**21.10 Royal Pains** (8:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um ungan lækni sem slær í gegn sem einkalæknir ríka fólksins í Hamptons.

**22.00 Law & Order (7:22)**

**22.50 Jay Leno**

**23.35 The Good Wife** (22:23) (e)

**00.25 Bass Fishing** (1:8) (e)

**01.10 King of Queens** (5:22) (e)

**01.35 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**

**20.30 Hrafnaþing**

**21.00 Eitt fjall á viku**

**21.30 Birkir Jón**

**22.00 Hrafnaþing**

**22.30 Hrafnaþing**

**23.00 Eitt fjall á viku**

**23.30 Birkir Jón**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 21.00



### HM 4 4 2

Heimsmeistarakeppnin í fótbolta hefst á morgun í Suður-Afríku. Alla leikdaga kl. 21 verður á dagskrá Stöðvar 2 Sport þáttur helgaður HM. Þar munu Logi Bergmann Eiðsson og Ragna Lóa Stefánsdóttir bjóða upp á hratt og skemmtilegt uppgjör á öllum leikjum dagsins með aðstoð íþróttafréttamanna Stöð 2 Sports, sérvaldra sparkspekinga og ástríðufullra fótboltaáhugamanna. Öll mörkin, umdeildu atvikin, fallegu tilþrifin og þau fyndnu og fáránlegu líka. Í kvöld kl. 21 verður sérstakur upphitunarþáttur í beinni útsendingu þar sem þau ætla að spá í spilin með aðstoð valinkunnra sparkspekinga.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Steindinn okkar

### Stöð 2 kl. 23.10

Drepfyndinn sketsaþáttur með nýstirninu Steinda Jr. sem sér um grínið en nýtur einnig stuðnings frá þjóðþekktum Íslendingum, jafnt þeim sem þegar hafa getið sér gott orð í gríninu og hinum sem þekktir eru fyrir allt annað en að leika og grínast. Þátturinn er ekki við hæfi ungra barna og viðkvæmra.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Allir í leik
**15.03** Útvarpssagan: Hér
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Smásaga: Móðir
**19.27** Sinfóníutónleikar
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.30** Dyndilyndi
**23.05** Útvarpsperlur: Áfangar
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Gilmore Girls** (22:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Mercy** (8:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.
▶**22.35 Ghost Whisperer** (18:23)
**23.20 Goldplated** (8:8) Bresk þáttaröð í anda Footballer's Wives og Mile High. Hér er sagt frá skrautlegu lífi ungra glæsikvenna sem hafa þau einu framtíðaráform að gifta sig til fjár. En það sem verra er, þá kæra þærsig kollóttar um hvaðan auður nýju herranna kemur.
**00.10 The Doctors**
**00.55 Gilmore Girls** (22:22)
**01.40 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
**02.10 Fréttir Stöðvar 2**
**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12:05** Blackadder the Third **12:35** My Hero **13:05** My Hero **13:35** Absolutely Fabulous **14:05** Absolutely Fabulous **14:45** The Weakest Link **15:25** The Inspector Lynley Mysteries **16:15** EastEnders **16:45** The Weakest Link **17:30** Absolutely Fabulous **18:00** The Visitor **18:30** The Inspector Lynley Mysteries **19:15** Dalziel and Pascoe **20:05** The Visitor **20:35** The Weakest Link **21:20** Dalziel and Pascoe **22:10** The Visitor **22:40** The Inspector Lynley Mysteries **23:25** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **23:55** Blackadder the Third

## DR 1

**12:00** Hvad er det værd? **12:30** Martin Jørgensen - En plads på holdet **13:00** DR Update - nyheder og vejr **13:10** Boogie Mix **14:00** That's So Raven **14:30** Leon **14:35** Grøn **15:00** F for Får **15:05** Landet for længe siden **15:30** Fandango **16:00** Når isbjørnen kommer i godt humør **16:30** TV Avisen med Sport **17:00** Aftenshowet med Vejret **17:30** Rabatten **18:00** VM 2010: Åbningskoncert **19:00** TV Avisen **19:25** VM 2010: Åbningskoncert **21:25** SportNyt **21:30** Vi elsker fodbold **23:00** Höök

## NRK 1

**12:10** Par i hjerter **13:00** NRK nyheter **13:10** Dallas **14:00** Derrick **15:00** NRK nyheter **15:10** Elixir **15:40** Oddasat - nyheter på samisk **15:55** Nyheter på tegnspråk **16:00** Tinas mat **16:40** Distriktsnyheter **17:00** Dagsrevyen **17:45** Schrödingers katt: Den musikalske hjerne **18:40** Hemmelige svenske rom **18:55** Distriktsnyheter **19:00** Dagsrevyen 21 **19:30** Debatten **20:30** Nurse Jackie **21:00** Kveldsnytt **21:15** Heksedansen **22:00** Tre menn i en båt **23:00** Solgt! **23:30** Blues jukeboks

## SVT 1

**12:05** Bubblan **12:45** Nationaldagen 2010 från Göteborg **13:45** Så såg vi sommaren då **14:00** Rapport **14:05** Gomorron Sverige **14:55** Så ska det låta **15:55** Sportnytt **16:00** Rapport med A-ekonomi **16:10** Regionala nyheter **16:15** Strömsö **16:55** Din plats i historien **17:00** Kulturnyheterna **17:15** Regionala nyheter **17:30** Rapport med A-ekonomi **18:00** Friidrott: Diamond League **20:00** Fotbolls-VM: Förfesten **20:45** Rättskiparen **21:15** Livvakterna **22:15** Uppdrag Granskning **23:15** Öresundsbron

VIKING
Alvöru fótabúnaður síðan 1920





st. 25-34 **2.790 kr.**
st. 35-40 **3.190 kr.**
st. 41-47 **3.490 kr.**


st. 19-34 **2.590 kr.**
st. 35-41 **2.990 kr.**


st. 19-34 **2.590 kr.**
st. 35-41 **2.990 kr.**


st. 24-34 **3.390 kr.**
st. 35-41 **3.790 kr.**


st. 19-35 **3.390 kr.**


st. 19-34 **3.390 kr.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Það er svona helst eitthvað með Bob Dylan, Arcade Fire og Vampire Weekend. Svo hlustar maður auðvitað bara á útvarpið.“*

Sigurður Kári Árnason, fulltrúi Stúdentaráðs HÍ í stjórn LÍN.

# Semur leikverk um hrunið fyrir Dani

„Ég þekki til þess sem leikhópurinn hefur gert. Það er mjög spennandi og það er gaman að sjá að þeir tékki á kallinum með þetta,“ segir leikskáldið Jón Atli Jónasson.

Jón Atli hefur samþykkt beiðni danska leikhópsins Vesper um að semja leikverk um hrunið á Íslandi fyrir danskt leikhús. Óvíst er hvenær verkið verður frumsýnt, enda segir Jón málið á frumstigi.

„Þetta verður á þeim nótum sem við höfum verið að vinna í Mindgroup,“ segir Jón Atli. Mindgroup eru Evrópsk regnhlífasamtök leikhúsfólks sem vinnur að tilraunakenndu leikhúsi og settu meðal annars upp Þú ert hér og Góða Íslendinga í Borgarleikhúsinu á síðasta ári. „Maður er alltaf að skila innsta kjarna þess sem er að gerast á hverjum tíma,“ segir hann. „Þó að framsetningin sé skáldskapur, þá er efniviðurinn alltaf raunveruleikinn á hverjum tíma.“

Jón Atli vísar í sögu sem slóvenski heimspekingurinn Slavoj Žižek hefur sagt: „Nasistaforingi kemur í stúdíóið hans Picasso í París, sér málverkið hans Guernica og spyr: „Gerðir þú þetta?“ Og Picasso lítur á hann og segir: „Nei, þú gerðir þetta.“ Það nær ágætlega utan um pælinguna,“ segir hann.

Danmörk er Jóni Atla hugleikin þessa dagana, en hann er á leiðinni til landsins 16. júní þar sem hann verður heiðraður ásamt sjö öðrum leikskáldum á hátíð nýrrar evrópskar leikritunar. Hátíðin fer fram í Husets teater í Kaupmannahöfn og Jón verður með leiklestur á Djúpinu. „Svo eru umræður, meðal annars um pólitískt leikhús,“ segir hann. „Og leikskáldin kynna sig og vinnuna sína - hvað þau eru að fást við.“ - afb



**DANMÖRK KALLAR** Jón Atli semur leikverk um íslenska hrunið fyrir danska leikhópinn Vesper.



**LÁRÉTT:** 2. tónlistarstíll, 6. samtök, 8. fjór, 9. skáhalli, 11. komast, 12. angan, 14. kölski, 16. tveir eins, 17. traust, 18. skammstöfun, 20. gangþófi, 21. tilræði.

**LÓÐRÉTT:** 1. sjó, 3. úr hófi, 4. lærimeistari, 5. knæpa, 7. kviknakinn, 10. kerald, 13. sigað, 15. ekkert, 16. yfirbragð, 19. bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. rokk, 6. aa, 8. fer, 9. flá, 11. ná, 12. ilman, 14. satan, 16. bb, 17. trú, 18. rek, 20. il, 21. árás. **LÓÐRÉTT:** 1. hafi, 3. of, 4. kennari, 5. krá, 7. allsber, 10. áma, 13. att, 15. núll, 16. brá, 19. ká.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 10.

1. Hnúfubakar.
2. Iceland Foods.
3. Daily Star.



**FLOTTUR Í TAUINU** Guðfinnur í vinnufötunum ásamt félögum sínum í hljómsveitinni For a Minor Reflection. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GUÐFINNUR SVEINSSON: LÁNAR STRÁKUNUM JAKKAFÖT FYRIR ÚTSKRIFTIR

# Selur jakkaföt á daginn og spilar rokktónlist á kvöldin

„Þetta fer ágætlega saman og gengur mjög vel. Ég er líka með góðan vinnuveitanda sem er til í að koma til móts við mann,“ segir Guðfinnur Sveinsson.

Mýtan um lattelepjandi listatrefilinn á ekki við í tilfelli Guðfinns, en hann starfar í herrafataversluninni Boss búðin í Kringlunni á daginn þar sem hann klæðir menn upp í glæsileg jakkaföt. Á kvöldin leikur hann á gítar með hljómsveitinni For a Minor Reflection sem sendir frá sér plötuna Höldum í átt að óreiðu í dag. Platan er númer tvö í röðinni, en árið 2007 gaf hljómsveitin út plötuna Reistu þig við, sólin er komin á loft.

Guðfinnur segist ekki vera skotspónn hljómsveitarfélaga sinna þrátt fyrir að selja föt sem ríma ekki við tónlistarstefnu For a Minor Reflection, en þvert á móti. Gunni lýst tónlistinni sem Sigur Rós án söngs. „Þeir eru aðallega í því að fá jakkaföt hjá mér,“ segir Guðfinnur. „Þeir eiga ekki jakkaföt og ég þarf stundum að lána þeim þegar það eru útskriftir og svona.“

Guðfinnur segir tónlist For a Minor Reflection hafa þróast nokkuð á nýju plötunni. Lögin eru ekki eins löng og áður ásamt því að skýrara bil sé á milli hörðu og mýkri kafla tónlistarinnar. „Við vorum í rosalega týpísku *póstrokki* með löngum uppbyggingum,“ segir hann. „Það er gott og blessað en það er skemmtilegt að fara út fyrir kassann.“

Hljómsveitin gefur plötuna út sjálf, en sú ákvörðun var tekin vegna þess að strákarnir nenntu ekki að eltast við plötufyrirtækin. „Við vonuðum fyrst að okkur yrði boðið gull og grænir skógar, en svo hættum við að pæla í því og það er eiginlega skemmtilegra að gefa út sjálfir,“ segir Guðfinnur. „Það er erfiðara, en það er skemmtilegra að vera sinn eigin herra.“

Platan kemur út í Evrópu í haust og þá hyggst hljómsveitin vera ötul við tónleikahald erlendis, eins og hún hefur verið síðustu ár. „Við ætlum að túra eins mikið og við getum í haust,“ segir Guðfinnur. „Við munum aðallega einblína á Evrópu en við ætlum líka að fara eitthvað til Bandaríkjanna.“

atlifannar@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarbransi landsins er sívaxandi, en ungir tónlistarmenn vinna einnig að almennri fjölgun landsmanna. **Bjarni Lárus Hall**, söngvari Jeff Who?, á von á barni ásamt Viktoríu kærustu sinni, en hún skartar myndarlegri bumbu þessa dagana. Þá á Lilja Kristín, hin frábæra söngkona Bloodgroup, von á barni með Má, kærasta sínum. Þessar gleðifréttir eru margþættar því þær gefa til kynna að það verði ekki skortur á hæfileikafólki á landinu í framtíðinni.



Breska dagblaðið Daily Star bað á dögunum fótboltakappann **Eið Smára Guðjohnsen** afsökunar og dró frétt um meinta nasistakveðju hans til baka. Eiður hefur því fallið frá því að lögsækja blaðið. Af gefnu tilefni má taka fram að mál Eiðs gegn ritstjórum og blaðamanni DV verður tekið fyrir í héraðsdómi 19. ágúst. Málið snýst um fréttir DV af stórfelldum lántökum Eiðs hjá íslensku bönkunum, en í stefnunni kemur fram að fjölmiðlum sé óheimilt að fjalla, um einkamálefni Eiðs, án samþykkis og vitundar hans …



Leikhópurinn Brite Theater stendur nú í fjáröflun fyrir sýninguna Jafnvægi og Þernurnar, sem verður frumsýnd 25. júní næstkomandi. Hópurinn sendi út fjöldapóst á dögunum þar sem ýmislegt heimilislegt var boðið til sölu, allt frá lakkrís til hreinsiefna. Leikhúsfrömuðurinn **Viðar Eggertsson** sýndi gott fordæmi og var fljótur að bregðast við. Á meðal þess sem hann pantaði voru tveir pokar af ilmandi kleinum. - afb



Rakarastofan Klapparstíg
FUDGE IMAGE
Klapparstíg 29 • Sími 551 3010


FUDGE IMAGE
Hárgreiðslustofan Klapparstíg

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755
HUMAR HUMAR HUMAR
2000 KR.KG.
EIGUM TIL MARKÍL Í BEITU FYRIR VEIÐIMENNINA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# Anita orðuð við nýja mynd

Leikkonan Anita Briem er orðuð við hlutverk í kvikmyndinni Escape to Donegal á vefsíðunni IMDB.com. Myndin ku vera vísindaskáldskapur og persónan sem Aníta er orðuð við nefnist Faith.

Leikstjórinn Jonathan Blitstein hefur komið víða við bak við tjöldin í kvikmyndabransanum og leikstýrt nokkrum smærri myndum. Breski leikarinn Alan Cumming fer með aðalhlutverkið í Escape to Donegal, en fleiri leikarar hafa ekki verið orðaðir við myndina í bili. Meðframleiðandi myndarinnar heitir Jeffrey Wetzel og hefur gert góða hluti í Hollywood undanfarið. Hann var aðstoðarleikstjóri mynda á borð við The Hangover, The Book of Eli, I Am Legend og Superman Returns.

Handritið skrifar Chris Minori. Hann er að hasla sér völl í Hollywood og fer með lítið hlutverk í myndinni Burlesque með þeim Kristen Bell, Stanley Tucci, Christinu Aguilera og fyrrnefndum Allan Cumming í hlutverkum.

Anita Briem fer með hlutverk í tveimur myndum sem verða frumsýndar á árinu: hrollvekjunni Dylan Dog: Dead of Night og gamanmyndinni Everything Will Happen Before You Die. Síðasta mynd Anitu, Journey to the Center of Earth, var vel sótt og halaði inn meira en 100 milljónir dollara í Bandaríkjunum. - afb



**ORÐUÐ VIÐ NÝJA MYND** Anita Briem er orðuð við hlutverk í nýrri mynd í stjörnuborginni Hollywood.

# GULA HÚSIÐ
## FAXAFENI 8



**ESJA BARNAFLÍS**
Íslensk hönnun. Str. 6-12 ára.
Einnig til í grænu og bleiku
Verð: 3490-



**ESJA BARNAÚTIBUXUR**
Íslensk hönnun. Str. 6-12 ára
Verð: 9990-



3 fyrir 2

**STUTTERMABOLIR**
Str. XS-XXXL. 100% bómull
Verð fyrir alla 3: 1998-
Tilboðin gilda frá fimmtudegi til sunnudags

SKÓMARKAÐURINN Í FULLUM GANGI



**DÖMUSKÓR**
Str. 38-41. Margir litir
Verð: 6990-



3 fyrir 2

**HLÝRABOLIR**
Str. 36-46. Margir litir. 100% bómull
Verð fyrir alla 3: 1998-
Tilboðin gilda frá fimmtudegi til sunnudags



**SÆNGURFATASETT**
Bómullarsatín. Koddi 50 x 70 cm,
sæng 140 x 200 cm
Verð: 2999-



**VISKASTYKKI**
10 stk
Verð: 999



**TEYGJULAK**
90 x 200 cm, verð: 999-
90 x 200 cm, verð: 1299-



**NEFSUGA**
Verð: 299-



**PELAHREINSIBURSTI**
Verð: 499-



**BARNABAÐSKERMUR**
Verð: 499-



**BARNASAMFELLUR**
Str. 64-92
Verð: 599-

WWW.GULAHUSID.IS

OPNUNARTÍMI:
MÁN-LAU. 10.00-18.00
SUN. 12.00-17.00

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vinstrisinnaður boltaþáttur



**Halla Gunnarsdóttir**, fyrrum aðstoðarmaður Ögmundar Jónassonar í heilbrigðisráðuneytinu, mun sjá um sérstakan fótboltaþátt á gömlu gufunni eða Rás 1 í tilefni af HM í Suður-Afríku. Þættirnir verða vikulega meðan á mótinu stendur. Halla leitaði ekki langt yfir skammt í leit að aðstoðarmanni fyrir þáttinn því hún fékk til liðs við sig Stefán Pálsson, landsþekktan knattspyrnuáhugamann og herstöðvarandstæðing. Sem sagt knattspyrnuþáttur fyrir innvígða og innmúraða. Á vinstri vængnum.

### Vann með sigurvegara

Lagið Satellite bar sigur úr býtum í Eurovision eins og frægt er orðið. Lagið er eftir John nokkurn Gordon en það var þýska söngkonan Lena sem færði Þjóðverjum sigur með ágætri frammistöðu sinni. Gordon þessi vann með Eurovisionfaranum **Einari Ágústi Víðissyni** þegar sá síðarnefndi gerði sólóplötuna Það er ekkert víst að það klikki en hún var að mestu leyti tekin upp í Lundgaard-hljóðverinu í Danmörku.



### Davíð á móti Bjarna?

**Guðmundur „Lobbi" Ólafsson**, lektor í hagfræði við Háskóla Íslands, er reglubundinn gestur í morgunútvarpi Rásar tvö. Í gær færði hann hlustendum nokkrar fréttir þegar hann hafði eftir vinum sínum í Sjálfstæðisflokknum að í undirbúningi væri endurkoma Davíðs Oddssonar í formannsembætti flokksins á landsfundi í lok þessa mánaðar. Það væri þá ekki í fyrsta sinn sem Davíð færi gegn sitjandi formanni, en hann felldi Þorstein Pálsson úr stóli árið 1991. Lobbi sagði málið steinliggja, flokkurinn ætti ekki betra foringjaefni.



**- fgg, óká**

## Mest lesið vísir.is

1. Lífvörður Britney hættir vegna kynferðislegrar áreitni
2. Forsetahöllin á Haítí hrynur – myndband
3. Það getur verið hollt að vera skapillur og hvumpinn
4. Ekki hægt að fresta 17. júní eins og Kastró frestaði jólunum
5. Útgerðarkóngur slapp fyrir mistök bankastarfsmanns














